


**skoðun** 18

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Markaðurinn




**Tax free**
Afnemum virðisaukaskatt af **fatnaði og skóm** frá fimmtudegi til sunnudags
**Europris**


# FRÉTTABLAÐIÐ

**Miðvikudagur**
**4. maí 2011**
102. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
**10 ÁRA**
2001-2011

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011





## Uppfæra Eddu-mynd

*Þorkell Harðarson og Örn Marinó þurfa að breyta endinum á Feathered Cocaine.*

**fólk** 42

## Starfsþroski, háttvísi og hamingja

*Áttatíu og fimm ár eru liðin frá því að Ísaksskóli var stofnaður.*

**tímamót** 22



## KR lagði meistarana

*KR og Víkingur unnu sigra í fyrstu umferð Pepsi-deildar í gær.*

**sport** 36 & 38

## veðrið í dag




**KÓLNAR LÍTILLEGA** Í dag verður hæg austanátt og skýjað með köflum. Kólnar lítillega, hiti á bilinu 5-12 stig. Mildast SV-til.

**VEÐUR** 4

# Hlýindi breyta fuglalífinu

**Miklar breytingar geta orðið á íslensku fuglalífi vegna hlýnandi veðráttu, að mati fuglafræðings á Náttúrufræðistofnun Íslands. Skrautlegri fuglar gætu numið land en aðrir, svo sem snjótittlingur, horfið á braut.**

**DÝRALÍF** Ef fram fer sem horfir gætu loftslagsbreytingar haft í för með sér miklar sviptingar í fuglalífi á næstu árum. Nýjar fuglategundir gætu bæst við en aðrar horfið. Þetta segir Kristinn Haukur Skarphéðinsson, dýravistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Kristinn Haukur segir fuglalíf á Íslandi hafa tekið þó nokkrum breytingum undanfarin ár. Um 200 ár eru síðan byrjað var að taka saman yfirlitsrit yfir íslenska fugla. Um 360 tegundir hafa komið hingað til lands en aðeins 75 þeirra verpa hér að staðaldri. Tæplega fimmtíu nýjar fuglategundir hafa reynt að verpa hér einu sinni eða oftar en aðeins fimmtán þeirra hafa náð fótfestu. Sílamávurinn er sennilega þekktasta dæmið en hann kom hingað fyrst um 1930. Örfáar fuglategundir hafa dáið út hér á landi, frægust þeirra er geirfuglinn.



**GLÓBRYSTINGUR, BÓKFINKA OG GLÓKOLLUR** Þetta eru dæmi um fugla sem hafa komið hingað til lands á síðustu árum. Sá síðastnefndi verpir reglulega hér. MYNDIR/GVA, BRYNJÚLFUR BRYNJÓLFSSON, SIGMUNDUR ÁSGEIRSSON

„Sumum fuglategundum virðist fækka mjög mikið, til dæmis bjargfugli sem heitir stuttnefja og er skyldur langvíu," segir Kristinn Haukur. Ef hlýnunin heldur áfram gætu gróðurbelti færst um 800 kílómetra í norður á næstu fimmtíu árum. „Þá verður Ísland komið enn lengra inn í barrskógarbeltið, sem þýðir að hér skapast skilyrði fyrir marga tugi nýrra tegunda. Aðrar þyrftu hins vegar að láta undan," segir Kristinn Haukur.

Skrautlegri fuglar gætu þá gert vart við sig. „Þá koma skógarfuglar sem syngja kannski betur en þeir skógarfuglar sem við höfum. Fuglar sem við höfum núna, til dæmis hrafn og snjótittlingur, eru gleðigjafar allt árið. Snjótittlingur mun örugglega láta undan ef hlýnunin heldur áfram. Það er angurvært tístið í snjótittlingnum sem skemmtir fólki yfir dimma vetrardaga, svo það yrði skammgóður vermir af þessum söngfuglum," segir Kristinn Haukur. „Þetta er eins og að fá stórhljómsveit sem spilar einu sinni en fer svo burt, á meðan við erum með fína hljómsveit sem spilar allan veturinn." **- kh**



**STÓRI DAGURINN** Tónlistarhúsið Harpan verður vígt í kvöld. Þá stígur Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn á svið á nýjum og langþráðum heimavelli. Kínverskir iðnaðarmenn hafa starfað að glerjun hjúpsins sem umlykur bygginguna og unnu af miklu kappi að verkinu í gær. Harpan á sér hliðstæður í óperuhúsum við sjávarsíðuna víðs vegar um heiminn, meðal annars í Osló, Stokkhólmi og Helsinki. **Sjá síðu 28.** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Aðilar vinnumarkaðarins virðast komnir á endasprettinn hjá ríkissáttasemjara:

# Þrettán prósent á þremur árum

**KJARAMÁL** „Við einbeitum okkur að því að þetta lukkist," sagði Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins, en í gær funduðu viðræðunefndir SA og ASÍ hjá ríkissáttasemjara. Reyna átti til þrautar að ná kjarasamningum til þriggja ára.

Í uppsiglingu virðast lítilsháttar hækkanir frá samningsdrögum aðilanna fyrir páska. Heildarhækkunin á samningstímanum stefnir í að verða nær 13 prósentum en 12 prósentum. Kæmi sú hækkun í þremur skrefum, 3 til 4 prósent í hvert sinn. Engin mánaðarlaun hækki minna en 9 til 11 þúsund krónur og lágmarkslaun verða á bilinu 180 til 185 þúsund krónur í stað 165 þúsund króna nú. Allir fái fimmtíu þúsund króna eingreiðslu í upphafi. „Gluggi" verði á næstu mánuðum til að hætta við, standi ríkisstjórnin ekki við gefin fyrirheit.

Upphaflega var áætlað að setið yrði við fram á nótt en síðan var sagt hugsanlegt að tekið yrði hlé yfir „blánóttina". Vilmundur Jósefsson sagðist í gær eiga von á að reynt yrði að ganga frá samningunum á „næstu 24 tímum"

Semjist ekki nú hyggst ASÍ undirbúa allsherjarverkfall. Kristján Þórður Snæbjarnarson, nýr formaður Rafiðnaðarsambandsins, sagðist þó tiltölulega bjartsýnn - en það hafi hann líka verið áður. „Þetta er síðasti séns," sagði Kristján í gærkvöld. **- gar**

Mjúkir og fallegir fætur í sumar




Vinsælasta fótakrem í Bandaríkjunum
Fæst hjá:
HAGKAUP, Fjarðarkaup, Reykjavíkur Apóteki

GAGNVIRKNI
Hamraborg 1, 4. hæð Kópavogi
www.gagnvirkni.is - 5174511
Tilboðið gildir til 31. maí 2011
Færum myndbandsspólur yfir á DVD
3 fyrir 2
Verð frá 1495kr

SUMARTILBOÐ
Verð 45.000.kr
(69.800)
10" Android 2.2.



Erum á móti Ikea í gallery Art2b
2b.is
android
Kauptún 3 - Garðabær - S.5 800 800 - www.2b.is

SPURNING DAGSINS



*Jón, er þetta ekki hálfgerður ísbjarnarblús?*

„Er þetta ekki meira dauðarokk?“

Jón Gnarr borgarstjóri er yfirlýstur stuðningsmaður þess að reynt sé að fanga ísbirni í stað þess að aflífa þá. Hann vill koma upp aðstöðu og auka þekkingu sem verði til þess að hægt sé að fanga dýrin og hlúa að þeim.

Biskup áhyggjufullur vegna niðurskurðar til þjóðkirkjunnar og fjölgunar úrsagna og vísar á leiðir:

# Þurfum að vanda betur orð og athafnir

**TRÚMÁL** „Sú mikla skerðing sóknargjalda og framlaga sem þjóðkirkjan hefur þurft að mæta frá hruni er farin að hafa veruleg áhrif á þjónustu kirkjunnar um allt land. Það er mikið áhyggjuefni,“ sagði séra Karl Sigurbjörnsson biskup í gærkvöld í setningarræðu á prestastefnu 2011.

Karl sagði sóknargjöld hafa verið skert um tuttugu prósent frá bankahruninu. Við bætist fækkun gjaldenda sem orðin sé tilfinnanleg í sumum sóknum. „Vegna hagræðingarkröfu ríkisins hefur kirkjan auk þess þurft að sæta umtalsverðri skerðingu á lögbundnum og samningsbundnum framlögum. Laun presta voru lækkuð að meðaltali um sex prósent árið 2009,“ sagði biskup og kvað erfitt að sjá fyrir sér að lengra yrði gengið í niðurskurði hjá þjóðkirkjunni. „Ef svo fer sem horfir þurfum við á næsta ári að mæta niðurskurði sem nemur á þriðja hundrað milljónum króna. Það heldur sannarlega fyrir mér vöku.“

Þá sagði séra Karl að fækkun sóknarbarna þjóðkirkjunnar ylli honum líka áhyggjum. Margir spyrðu hvers vegna þeir ættu að tilheyra kirkjunni. „Því þurfum við að svara. Það verður ekki hvað síst best gert með því að við vöndum enn meir öll okkar orð og athafnir og gerum enn betur það sem við gerum best,“ sagði biskup við gesti á prestastefnunni. - gar



**UPPHAF PRESTASTEFNU** Gengið var til guðsþjónustu í Dómkirkjunni klukkan sex í gær áður en prestastefna 2011 var formlega sett í hátíðarsal Háskóla Íslands um kvöldið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Mannkyni fjölgar áfram:

## Tíu milljarðar um aldamótin

**SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR, AP** Árið 2050 verða jarðarbúar 9,3 milljarðar og um aldamótin verða þeir orðnir 10,1 milljarður, að sögn mannfjöldastofnunar Sameinuðu þjóðanna, sem hefur sent frá sér nýja mannfjöldaspá.

Búist er við að 31. október næstkomandi nái mannfjöldinn sjö milljörðum.

Spáin er byggð á því að áfram haldi hlutfall aldraðra af íbúafjölda margra ríkja áfram að hækka, auk þess sem heilsufar batni og færri börn verði í hverri fjölskyldu. - gb

Harper náði meirihluta:

## Segist ekki fara lengra til hægri

**KANADA, AP „Við fengum umboðið vegna þess hvernig við höfum stjórnað Kanada og Kanadamenn reikna með því að við höldum áfram á sömu braut,“ sagði Stephen Harper, forsætisráðherra Kanada og leiðtogi Íhaldsflokksins, eftir að úrslit þingkosninga á mánudag voru ljós.**



STEPHEN HARPER

**Minnihlutastjórn Harpers er nú komin með meirihlutastuðning á þingi, en Harper lofar því að nota þann meirihluta ekki til að fara ennþá lengra til hægri en hann hefur gert undanfarin misseri.**

**Meðal annars fullvissaði hann vinstrimenn um að ekki yrði hróflað við almannatryggingum.**

**Harper hefur verið við völd síðan 2006 en ekki haft meirihlutastuðning á þinginu fyrr en nú, þegar flokkur hans er kominn með 167 þingsæti af 208.** - gb

# Verkalýðsforkólfur fékk afabarn 1. maí

**Vilhjálmur Birgisson, formaður Verkalýðsfélags Akraness, eignaðist þriðja barnabarn sitt á baráttudegi verkalýðsins 1. maí. Það fjórða er á leiðinni. Hann segir að dagurinn muni aldrei gleymast og telur að baráttukona sé fædd.**

**FÓLK** „Lítil maístjarna er fædd,“ segir Vilhjálmur Birgisson, verkalýðsforkólfur á Akranesi, sem mun seint gleyma 1. maí þetta árið. Erfið staða á vinnumarkaði og yfirvofandi verkföll eru ekki ástæðan heldur lítil stúlka sem fæddist á fæðingardeildinni á Akranesi þá um morguninn. Stúlkan er þriðja barnabarnið hans en sonur Vilhjálms, Óttar Örn, og kona hans, Íris Gefnardóttir, bættu við fríðan hóp barna og barnabarna Vilhjálms og eiginkonu hans, Þórhildar B. Þórisdóttur, á sjálfan baráttudag verkalýðsins.

„Þetta gerði þennan mikilvæga dag enn stórkostlegri en áður. Sennilega ánægjulegasti baráttudagur sem ég hef lifað,“ segir Vilhjálmur. „Það er ekki dónalegt að keyra tengdadóttur sína upp á fæðingardeild, fara síðan heim í tvo klukkutíma til að vinna í ræðunni, og þegar hún var um það bil að verða tilbúin hringdi síminn og mér sagt að fædd væri heilbrigð lítil stúlka. Stórkostlegt,“ segir Vilhjálmur, sem er vart kominn niður úr skýjunum eftir helgina.

> Ætli hún verði ekki mikil baráttukona þegar hún fer að láta þessi mál til sín taka.
>
> VILHJÁLMUR BIRGISSON
> VERKALÝÐSFORKÓLFUR

Vilhjálmur segir að þeirri stuttu hafi legið á, enda hafi menn ekki átt von á henni fyrr en 4. maí. „En það er öruggt að þessi er með hjartað á réttum stað og hún ákvað að flýta sér í heiminn á hátíðisdegi,“ segir Vilhjálmur og viðurkennir að hann bindi sérstakar vonir við þá stuttu. „Ætli hún verði ekki mikil baráttukona þegar hún fer að láta þessi mál til sín taka. Ef henni kippir í kynið gæti farið svo að hún taki við keflinu með einhverjum hætti,“ segir Vilhjálmur, sem er formaður Verkalýðsfélags Akraness.

Vilhjálmur segir að góðu fréttirnar endi ekki hér. Von er á fjórða barnabarninu í lok mánaðarins. Þá mun yngsti sonurinn af fjórum, Allan Freyr, fjölga í hópnum.

Vilhjálmur er orðinn þjóðkunnur fyrir baráttu sína fyrir réttindum verkafólks og þá ekki síst fyrir að segja hlutina eins og þeir eru. Hann hefur starfað sem formaður verkalýðsfélagsins síðan 2003 og er níundi formaður þess frá stofnun 1924.

svavar@frettabladid.is



**VILHJÁLMUR OG MAÍSTJARNAN** Það er ekki á hverjum degi sem verkalýðsforkólfur fær í hendurnar nýfætt barnabarn á baráttudegi verkalýðsins. MYND/SKESSUHORN



**ALLSHERJARÞING SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA** Evrópusambandið fær að senda fulltrúa á allsherjarþingið. NORDICPHOTOS/AFP

Allsherjarþing SÞ samþykkir:

## ESB fær að tala máli ríkjanna

**EVRÓPUMÁL, AP Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna hefur samþykkt að veita Evrópusambandinu rétt til að tala máli allra 27 aðildarríkjanna á vettvangi þingsins.**

**Þetta var samþykkt með 180 atkvæðum án mótatkvæða en tvö ríki, Simbabve og Sýrland, sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Evrópusambandið fær þó aðeins að vera áheyrnarfulltrúi með málflutningsrétt, en getur ekki tekið þátt í atkvæðagreiðslum.** - gb

Mannslát í Noregi:

## Fjórir menn í gæsluvarðhald

**NOREGUR** Fjórir litháískir karlmenn voru á mánudag úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna rannsóknar á mannsláti sem vakti mikla athygli í síðustu viku.

Þá fannst maður látinn í bíl á áningarstað við þjóðveginn suður af Ósló. Síðar kom í ljós að maðurinn hafði látist af þungu höfuðhöggi, en lögregla veit enn engin deili á manninum.

Fjórmenningarnir voru handteknir á föstudag. Norskir fjölmiðlar herma að þrír hinna handteknu séu á meðal fjögurra manna sem komu til Noregs um miðjan apríl í sama bíl og líkið fannst í. - þj






Forseti Slóveníu í tveggja daga opinberri heimsókn á Íslandi:

# Heimsótti Bessastaði og Alþingi

**UTANRÍKISMÁL** Danilo Türk, forseti Slóveníu, heimsótti forseta Íslands á Bessastöðum í gær og snæddi með honum kvöldverð. Einnig heimsótti hann Alþingi.

Í för með honum eru eiginkona hans, Barbara Miklic Türk, og þrír ráðherrar í ríkisstjórn Slóveníu, þau Darja Radic efnahagsráðherra, Irma Pavlinic Krebs, ráðherra opinberrar stjórnsýslu, og Roko Zarnic, umhverfis- og skipulagsmálaráðherra, ásamt viðskiptanefnd og fulltrúum ríflega 20 slóvenskra fyrirtækja auk blaðamanna.

Í dag verður hann viðstaddur opnun viðskiptastefnu á Hótel Sögu þar sem skrifað verður undir viðskiptasamninga. Þá heimsækir Türk Háskóla Íslands og heldur síðan til Þingvalla þar sem Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra tekur á móti honum. Að því búnu tekur hann þátt í málþingi í Hellisheiðarvirkjun um reynsluna af nýtingu jarðhita á Íslandi.

Opinberri heimsókn hans lýkur með því að hann sækir opnunartónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu í kvöld. - gb



**Í HEIMSÓKN Á BESSASTÖÐUM** Danilo Türk ásamt Ólafi Ragnari Grímssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Eldborg - aðaltónleikasalurinn í Hörpu, nýjum heimkynnum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Á opnunartónleikum hljómsveitarinnar í kvöld verður flutt Níunda sinfónía Beethovens undir stjórn Vladimirs Ashkenazy, píanókonsert Griegs með Víkingi Heiðari Ólafssyni, einleikara og nýtt verk Þorkels Sigurbjörnssonar.

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

## GENGIÐ 03.05.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 111,33 | 111,87 |
| Sterlingspund | 183,37 | 184,27 |
| Evra | 164,35 | 165,27 |
| Dönsk króna | 22,037 | 22,165 |
| Norsk króna | 21,038 | 21,162 |
| Sænsk króna | 18,356 | 18,464 |
| Japanskt jen | 1,3763 | 1,3843 |
| SDR | 179,93 | 181,01 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,2839

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þrír nýir dómarar setjast í Hæstarétt 1. september næstkomandi:

# Eiríkur, Þorgeir og Greta skipuð

**STJÓRNSÝSLA** Forseti Íslands hefur, að tillögu Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra, skipað þrjá nýja dómara við Hæstarétt Íslands. Embættin falla í skaut Eiríki Tómassyni lagaprófessor, Gretu Baldursdóttur héraðsdómara og Þorgeiri Örlygssyni, dómara við EFTA-dómstólinn.

Nýju dómararnir eru skipaðir frá og með 1. september næstkomandi. Með nýlegum lögum var kveðið á um tímabundna fjölgun hæstaréttardómara um þrjá til að bregðast við auknu álagi hjá dómstólum. Þeim verður síðan fækkað á nýjan leik með því að skipa ekki í stað annarra sem hætta. Átta sóttu í upphafi um embættin þrjú en tveir drógu umsóknir sínar til baka.

Sérstök hæfisnefnd mat hæfi umsækjendanna sex og komst að þeirri niðurstöðu að Eiríkur og Þorgeir væru jafnhæfir og efstir. Hinir fjórir voru Greta, Benedikt Bogason, dómstjóri á Vesturlandi, Helgi I. Jónsson, dómstjóri í Reykjavík, og Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari.

Nefndin mat fjórmenningana alla jafnhæfa. - sh



EIRÍKUR TÓMASSON



ÞORGEIR ÖRLYGSSON



GRETA BALDURSDÓTTIR

Tillaga Evrópusambandsins:

# Landamæri á dagskrá aftur

**EVRÓPUMÁL, AP** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins afgreiðir líklega í dag tillögu sem veitir aðildarríkjunum leyfi til að taka upp strangt landamæraeftirlit, eingöngu þó sem neyðarúrræði.

Samþykki framkvæmdastjórnin þessa tillögu verður hún lögð fyrir fund innanríkisráðherra ESB 12. maí og leiðtogaráðið 24. júní næstkomandi. Hljóti hún samþykki ráðherranna og leiðtoganna verður hún lögð fyrir Evrópuþingið. - gb

# Offiseraklúbburinn hýsir Hersetusafnið

**Hluta aukafjárveitingar til Þróunarfélags Keflavíkur verður varið í uppbyggingu á Hersetusafni á gamla vallarsvæðinu. Fimm til tíu störf skapast auk fjölda afleiddra starfa með samstarfi við skóla og ferðaþjónustufyrirtæki á Suðurnesjum.**

**ATVINNUMÁL** Þróunarfélag Keflavíkur (Kadeco) hefur fengið 200 milljóna króna aukafjárframlag úr ríkissjóði. Féð verður nýtt til fjölmargra verkefna en þar af fimmtíu til sjötíu milljónir núna til að byggja upp safn sem mun kynna merkilega og umdeilda sögu bandarísks herliðs á Íslandi frá því í síðari heimsstyrjöld.



KJARTAN ÞÓR EIRÍKSSON

Verkefnið gengur undir vinnuheitinu Hersetusafn á Suðurnesjum og er að hluta afrakstur samráðsvettvangs sveitarfélaga og stjórnvalda um eflingu atvinnu og byggðar á Suðurnesjum.

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri Kadeco, segir að Hersetusafnið verði í hluta húss sem almennt er þekkt sem gamli offiseraklúbburinn á varnarsvæðinu. Hugmyndin er að taka allt húsið í gegn; veislusali sem eru í húsinu og einnig um 700 fermetra álmu sem ekki hefur verið í notkun. Salirnir gætu farið í útleigu til ráðstefnuhalds eða undir tímabundnar sýningar á vegum safnsins. Ónotaða rýmið færi þá undir safnið en verið er að hreinsa þar til þó ekki sé búið að móta hugmyndir til fullnustu um hvernig safnið mun líta út. „Það er hægt að taka ótal vínkla á svona safni og það á eftir að skilgreina. Eiga að vera þarna stórir munir eða á þetta að vera sögusafn þar sem horft er á einstök tímabil; kalda stríðið eða önnur tímabil í sögu hersetuliðsins“, segir Kjartan, sem býst við að fimmtíu til sjötíu milljónir af 200 milljóna króna aukafjárframlagi stjórnvalda til Kadeco verði nýtt í verkefnið á fyrstu stigum þess. Hann minnir á að kostnaðarsamt sé að koma upp metnaðarfullu safni og óskastaðan í framtíðinni sé að það verði sjálfbært, þó að líklegra sé að stuðningsnet þurfi til rekstrarins, en tækifæri liggja í ferðaþjónustu og veisluþjónustu.

Kjartan telur að margt réttlæti að setja upp Hersetusafn, fyrir utan meginmarkmiðið sem er atvinnusköpun. „Þessi saga er stór hluti af sögu svæðisins og þeirrar menningar sem þróaðist hérlendis eftir komu herliðsins. Það eru fjölmargir þættir sem hægt er að skoða og setja fram á skemmtilegan hátt á safni sem þessu,“ segir Kjartan.

Aukafjárveiting stjórnvalda verður nýtt til fjölmargra verkefna á Suðurnesjum. „Þetta er aðeins lítill hluti af miklu stærra þróunarverkefni sem við erum að vinna að. Hver þáttur gefur kannski ekki mörg störf, en þegar allt kemur saman skiptir þetta svæðið miklu máli.“

svavar@frettabladid.is



**DRYKKJARHOLA YFIRMANNA** Offiseraklúbburinn er frægur, eða alræmdur frekar, fyrir líflleg teiti. En hér verður gaman að setja upp safn. MYND/VÍKURFRÉTTIR/HILMAR BRAGI

**Staða þeirra sem hófu nám í framhaldsskóla árið 2002**

| Staða | Fjöldi ára frá innritun 4 ár | 6 ár | 7 ár |
|---|---|---|---|
| Brautskráðir | 45% | 58% | 61% |
| Enn í námi | 26% | 13% | 11% |
| Brottfallnir | 29% | 29% | 28% |

Kynjamunur í brottfalli:

# Karlar hætta frekar en konur

**MENNTAMÁL Líklegra er að karlar hætti í námi í framhaldsskóla fyrir brautskráningu heldur en konur. Samkvæmt frétt á vef Hagstofunnar voru 3.982 nýnemar skráðir í dagskóla á framhaldsskólastigi haustið 2002. Fjórum árum síðar höfðu 45 prósent nemendanna verið brautskráð, þar af 51 prósent kvenna og 38 prósent karla.**

**Bilið á milli kynjanna hélst nær óbreytt þegar hópurinn var skoðaður sex og sjö árum frá upphafi náms. Karlar voru fleiri í hópi brottfallinna fjórum árum frá upphafi náms, 35 prósent á móti 23 prósentum kvenna. 26 prósent nemenda voru enn í námi án þess að hafa brautskráðst. - sv**

Mest verðbólga í júní:

# Verðbólga í 0,8%

**EFNAHAGSMÁL** Verðbólgan í apríl mældist 0,8 prósent og mælist ársverðbólgan því 2,8 prósent samanborið við 2,3 prósent í mars. Ef litið er framhjá skattahækkunum hins opinbera mælist ársverðbólgan 2,6 prósent. Greiningardeild Arion banka greinir frá þessu. Helstu þættirnir sem drifu verðbólguna áfram að þessu sinni voru flugfargjöld, eldsneyti og húsnæði.

Gangi bráðabirgðaspá eftir er útlit fyrir talsverða verðbólgu á næstu mánuðum og að ársverðbólgan nái hámarki í kringum fjögur prósent í júní. - shá



**Í VESTMANNAEYJAHÖFN 2009** Til stóð að veiða sýkta síld í Breiðafirði en hún er stungin af. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Engar vorveiðar í ár:

# Síldin horfin úr Grundarfirði

**NÁTTÚRA** Íslenska vorgotssíldin er horfin úr Grundarfirði en nótaskipið Jóna Eðvalds kannaði hversu mikið magn af síld væri í firðinum og hversu útbreidd sýkingin í henni væri, að sögn Skessuhorns.

Í ljós kom að síldin er nánast horfin og því verða engar vorveiðar á síld eins og jafnvel stóð til.

Hafrannsóknastofnunin kannaði ástand síldarstofnsins í febrúar og í ljós kom að hlutfall sýktrar síldar hafði ekki breyst mikið milli ára. Að jafnaði voru um fjörutíu prósent síldarinnar sýkt í Breiðafirði, en þess má geta að áttatíu prósent síldarinnar sem veiddist í Grundarfirði voru sýkt. - shá

**STJÓRNMÁL**

### Frjálslyndir lýsa vonbrigðum

Frjálslyndi flokkurinn lýsir yfir miklum vonbrigðum með þær fréttir að ríkisstjórn Íslands hyggist festa í sessi illræmt kvótakerfi til áratuga, sem mismuni landsmönnum og særir réttlætisvitund almennings. Ljóst megi þykja að þeir ráðamenn sem samþykki slíka ósvinnu geti verið sóttir til saka fyrir að fara gegn stjórnarskránni. Þetta kemur fram í ályktun Frjálslynda flokksins.


**Rýmingarsala á málverkum**



Gallery Art 2b

Kauptún 3 - Garðabær - s: 533 22 00 - www.art2b.is


## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**FÍNASTA VEÐUR**
Það lítur út fyrir fínasta veður á landinu næstu daga. Þrátt fyrir að hitinn detti aðeins niður í dag hlýnar á ný á morgun og léttir til. Svipuð spá fyrir föstudag en hins vegar þykknar upp syðra um kvöldið.





**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Basel | 18° |
| Berlín | 12° |
| Billund | 11° |
| Frankfurt | 16° |
| Friedrichshafen | 18° |
| Gautaborg | 8° |
| Kaupmannahöfn | 8° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 16° |
| Mallorca | 23° |
| New York | 17° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 13° |
| París | 18° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 8° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.


**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

**3 STJÖRNU HÓTEL MEÐ HÁLFU FÆÐI**

★ GULLTILBOÐ 1

# KORFU

Seiðmögnuð sólarferð til grísku eyjarinnar Korfu. Gisting í 11 nætur á 3 stjörnu hótelinu Ipsos Beach, hálft fæði innifalið.
**11 nætur, 7. –18. júní**

FULLT VERÐ 168.950 KR.

## 128.950 KR.*

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallaskattar, gisting á Ipsos Beach, hálft fæði og fararstjórn.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

vita




★ GULLTILBOÐ 2

# STOKKHÓLMUR

Frábær sumarferð til hinnar líflegu höfuðborgar Svíþjóðar með Icelandair. Gist á hótelinu Park Inn Solna, morgunverður innifalinn.
**4 nætur, 23. – 27. júní**

FULLT VERÐ 93.400 KR.

## 53.400 KR.*

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

**3 STJÖRNU HÓTEL MEÐ MORGUNVERÐI**

**Innifalið:** Flug með Icelandair, flugvallaskattar, gisting á Park Inn Solna ásamt morgunverði.

Eingöngu fáanlegt á www.n1.is.
*Verð á mann. ATH. Aðeins er hægt að bóka ferð fyrir tvo.

ICELANDAIR




# SUMARLEG N1 TILBOÐ

**ERTU EKKI ÖRUGGLEGA MEÐ N1 KORTIÐ?**

**SALA HEFST Í DAG KL.12:00 Á N1.IS**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á N1.is

★ SILFURTILBOÐ 1

## HÁÞRÝSTIDÆLA

- 2400W
- Vinnuþrýstingur 120 bör
- Hámarksþrýstingur 150 bör
- 6,5 ltr/mín
- 6 m á slönguhjóli
- Innbyggt sápuhólf
- Stillanlegur spíss
- Niðurfellanlegt álhandfang
- 2 stór hjól

FULLT VERÐ 29.990 KR.

## 17.990 KR.

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**







★ SILFURTILBOÐ 2

## ARCHOS 70 SPJALDTÖLVA

- Android 2.2 Froyo stýrikerfi
- ARM Cortex 1GHz örgjörvi
- 7" skjár
- 800 x 480 punkta upplausn
- 250GB harður diskur
- MicroSD rauf
- Vefmyndavél
- Wi-Fi / BlueTooth
- HDMI og USB tengi
- Rafhlöðuending allt að 36 klst.
- Heyrnartól, USB kapall og straumbreytir fylgja
- Stærð: 201 x 114 x 14 mm
- Þyngd: 400 g

FULLT VERÐ 77.990 KR.

## 57.990 KR.

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

★ SILFURTILBOÐ 3

## BRITAX BARNABÍLSTÓLL

FIRST CLASS PLUS JET

- Fyrir börn frá fæðingu til um fjögurra ára aldurs
- Hægt að nota bæði fram- og bakvísandi
- Djúpar, mjúkar hliðar veita hámarks hliðarvörn
- Hægt er að halla stólnum á fimm vegu

FULLT VERÐ 41.565 KR.

## 21.565 KR.

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**







★ SILFURTILBOÐ 4

## SOUNDSTREAM HÁTALARAR

Í BÍLINN

- 6 x 9" 2 way
- 300W
- Tíðni : 45Hz-25KHz

FULLT VERÐ 14.900 KR.

## 9.900 KR.

**+ 1.000 N1 PUNKTAR**

★ N1TILBOÐ

Vr: A97 2000 / A97 2001

**VEIÐIKORTIÐ 2011 OG 7' VEIÐISTANGARSETT**

FULLT VERÐ
10.990 KR.

**6.990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**







★ N1TILBOÐ

Vr: A851 85060642

**SPALDING KÖRFUBOLTASETT**

FULLT VERÐ
15.900 KR.

**3.900 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

★ N1TILBOÐ

Vr: A97 1005

**HREINSIKLÚTAR FYRIR BÍLINN**

FULLT VERÐ
2.990 KR.

**990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**







★ N1TILBOÐ

Vr: A703 85060732

**SPIL – FÁNAR HEIMSINS**

FULLT VERÐ
2.990 KR.

**990 KR.**

**+1.000 N1 PUNKTAR**

★ N1TILBOÐ

Vr: A900 8991508

**DVD – EINU SINNI VAR – SAGA MANNKYNS**

FULLT VERÐ
7.990 KR.

**3.990 KR.**

**+1.000 N1**




Tilboðin gilda í maí eða meðan birgðir endast




**SVONA NÝTIR ÞÚ ÞÉR TILBOÐIN**

Gull- og silfurtilboð fást aðeins á heimasíðu okkar, www.n1.is. Þar er að finna allar nánari leiðbeiningar. ATH! Takmarkað magn í boði. N1 tilboðin fást á N1 um allt land.

Þessi tilboð eru dæmi um þann ávinning sem fylgir tryggum viðskiptum við N1 enda eru N1 punktar skilyrði þess að hægt sé að nýta sér tilboðin. Sæktu um kort á N1.is til að komast í hópinn!

WWW.N1.IS

N1

**KJÖRKASSINN**



*Var nauðsynlegt að fella hvítabjörninn á Hornströndum?*

| | |
|---|---|
| Já | 65,5 |
| Nei | 34,5 |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Fékkst þú vaxtaniðurgreiðslu úr ríkissjóði um síðustu mánaðamót?*

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Gimle-barnaskólinn í Bergen í Noregi rýmdur vegna hótunarbréfs:

# Blóðbaði hótað í norskum skóla

**NOREGUR** Gimle-barnaskólinn í Bergen í Noregi var rýmdur í gær vegna hótunarbréfs um að árás yrði gerð á skólann. Norska dagblaðinu Verdens Gang barst bréfið í tölvupósti í gærmorgun. Þar stóð að blóðbað myndi eiga sér stað í skólanum og var sérstaklega tekið fram að múslimar yrðu skotmörk.

„Allir nærstaddir munu deyja, þá sérstaklega múslimar. Vopnunum hefur verið komið tryggilega fyrir í töskunum og eru tilbúin til notkunar,“ var meðal þess sem stóð í bréfinu, samkvæmt fréttastofu norska ríkissjónvarpsins. Forsvarsmenn Verdens Gang höfðu samband við lögreglu um leið og bréfið barst ritstjórninni og var skólabyggingin rýmd í kjölfarið.



**BERGEN Í NOREGI** Um 500 nemendur urðu að yfirgefa barnaskóla í Bergen í gær vegna hótunarbréfs sem barst norsku dagblaði.

Um 500 nemendur skólans voru færðir út úr byggingunni og kom fjölmennt lið lögreglu að aðgerðinni. Leitað var í töskum nemenda og þeir hafðir undir ströngu eftirliti. Sérsveit lögreglu kom sér fyrir á nærliggjandi húsþökum til þess að fylgjast með mannaferðum.

Ekki er vitað hvort alvara var á bakvið hótunina, en talskona lögreglunnar, Gry Halseth, segir ekkert grunsamlegt hafa fundist á skólalóðinni. Rannsókn lögreglu á uppruna bréfsins stendur yfir. - sv

Snyrtistofueigandi í BNA:

# Má láta fiska hreinsa fætur

**BANDARÍKIN, AP** Snyrtistofueigandi í Arizona-fylki í Bandaríkjunum, sem býður upp á fótsnyrtingu þar sem fiskar éta dauða húð af fótum viðskiptavina, vann áfangasigur fyrir dómstólum á dögunum.

Snyrtifræðingaráð Arizona hótaði að svipta hana starfsleyfi þar sem fiskameðferðin samræmdist ekki reglugerð. Lá brotið í því að ekki væri hægt að sótthreinsa fiskana.

Það þótti brot á réttindum eigandans, sem hélt því auk þess fram að fiskafóthreinsunin væri í raun ekki snyrtimeðferð. - þj

Rannsókn á andláti konu:

# Dánarorsök enn ókunn

**LÖGREGLUMÁL** Bráðabirgðaniðurstaða krufningar á ungri konu sem lést á laugardag eftir að hafa neytt fíkniefna hefur ekki varpað frekara ljósi á dánarorsök hennar. Allt að þrjár vikur eru þar til niðurstöður lyfjarannsóknar liggja fyrir.

Talið er að konan hafi látist af ofskammti fíkniefna, og beinist rannsókn lögreglu meðal annars að því hvort hún hafi neytt svokallaðs PMMA-amfetamíns. Lögreglan lagði einnig hald á fíkniefni þar sem stúlkan fannst látin, og verða þau sömuleiðis efnagreind. PMMA-amfetamín fannst í fyrsta sinn hér í apríl en grunur leikur á að efnið hafi valdið dauða ungmenna í öðrum löndum.

Tugir manna hafa verið handteknir í þágu rannsóknarinnar og er hún enn í fullum gangi. - eh

**REYKJAVÍKURBORG**

## Leiðtogafundar minnst

Kjartan Magnússon, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks, vill að borgarstjórn efni til dagskrár í október en þá verða liðin 25 ár frá leiðtogafundi Gorbatsjoffs, leiðtoga Sovétríkjanna, og Reagans Bandaríkjaforseta í Reykjavík. Kjartan lagði fram tillögu þessa efnis á borgarstjórnarfundi í gær.

## Ráðherra friðar hús

Menntamálaráðherra hefur að tillögu húsafriðunarnefndar ákveðið að friða verkamannabústaðina sem standa við Hringbraut, Ásvallagötu, Bræðraborgarstíg, Brávallagötu og Hofsvallagötu. Hátt í fimmtíu hús verða friðuð.

**BAREIN**

## Ákærðir fyrir læknisstörf

Nokkrir læknar og hjúkrunarkonur í Barein hafa verið ákærð fyrir að vinna gegn ríkishagsmunum þegar þau veittu særðum mótmælendum læknishjálp nýverið.

# Palestínumenn ætla að undirrita í dag

**Fimmtán smærri samtök Palestínumanna staðfestu í gær samkomulagið sem leiðtogar Fatah og Hamas ætla að undirrita í Kaíró í dag. Ísraelsstjórn hvetur Mahmoud Abbas til að hætta við allt saman. Óljós ákvæði um öryggismál.**

**EGYPTALAND, AP** Fulltrúar fimmtán samtaka Palestínumanna staðfestu í gær sögulegt samkomulag um sættir, sem eiga að binda enda á fjögurra ára innbyrðis illdeilur tveggja helstu fylkinganna, Hamas og Fatah.

Leiðtogar Fatah og Hamas, þeir Mahmoud Abbas og Ismael Haniyah, munu síðan undirrita samninginn í dag í Kaíró í Egyptalandi. Samningurinn felur í sér að Fatah og Hamas taka saman höndum á ný í bráðabirgðastjórn, sem fær það hlutverk að undirbúa almennar kosningar Palestínumanna innan árs.

Ísraelum líst reyndar ekkert á blikuna. Benjamin Netanjahú, forsætisráðherra Ísraels, hvetur Mahmoud Abbas, forseta Palestínustjórnar á Vesturbakkanum, til þess að hætta við allt saman.

Netanjahú segir samkomulagið setja friðarferli Ísraela og Palestínumanna í uppnám, enda líta Ísraelar á Hamas sem hryðjuverkasamtök. Við þau samtök geta þeir ekki hugsað sér að semja um frið.

Friðarviðræður Ísraela og Palestínumanna komust hins vegar aldrei almennilega í gang síðastliðið haust, þegar þær áttu að hefjast á ný eftir langt hlé. Palestínumenn höfðu krafist þess að Ísraelsstjórn kæmi í veg fyrir frekari framkvæmdir ísraelskra landtökumanna á herteknu svæðunum, og hættu allri þátttöku í viðræðunum þegar Ísraelar heimiluðu samt framhald slíkra framkvæmda.

Samkomulagið milli Hamas og Fatah, sem Egyptar höfðu milligöngu um, felur í sér að Abbas verður áfram forseti Palestínu en ráðherrar bráðabirgðastjórnarinnar verða eingöngu skipaðir embættismönnum. „Enginn þeirra verður tengdur Hamas eða Fatah,“ sagði Azzam al-Ahmed, aðalsamningamaður Fatah.

Meðal samtakanna fimmtán, sem fyrir sitt leyti samþykktu samkomulagið í gær, eru samtökin Heilagt stríð íslams, sem eru herská samtök róttækra múslima. Dawoud Shehab, talsmaður þeirra, sagði samtökin styðja þetta samkomulag til að binda enda á deilur Hamas og Fatah. Í samkomulaginu eru þó óljós ákvæði um erfiðustu deilumálin milli Hamas og Fatah, sem lúta að skipan öryggismála og vopnaburði.

Ekki er vitað hvernig Hamas muni bregðast við ef Abbas ákveður að hefja friðarviðræður við Ísrael á ný. Þá er ljóst að Abbas ætti erfitt með að taka á því ef herskáir Palestínumenn á Gazasvæðinu halda áfram að skjóta sprengjuflaugum yfir landamærin til Ísraels. gudsteinn@frettabladid.is



**FRIÐARTÓNLEIKAR Í GAZA-BORG** Ísraelski hljómsveitarstjórinn Daniel Barenboim stjórnaði í gær sögulegum friðartónleikum í Gaza-borg, daginn áður en fulltrúar Hamas og Fatah halda til Egyptalands að undirrita samkomulagið. NORDICPHOTOS/AFP


Costa del Sol

6. maí eða 15. maí í 9 nætur

Frá kr. 109.900 - með fullu fæði -

Heimsferðir bjóða frábæra 9 nátta ferð til Costa del Sol í vor. Í boði er frábært sértilboð á Aguamarina íbúðarhótelinu með fullu fæði, sem var mjög vinsælt meðal farþega Heimsferða í fyrra. Ath. mjög takmarkaður fjöldi íbúða í boði á þessum kjörum. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins í vor á Costa del Sol á ótrúlegum kjörum.

Verð kr. 109.900,-
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 9 nætur í studio íbúð með fullu fæði á Aguamarina ***.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.





Útivistarfólk tekur daginn snemma og mætir í morgungöngur Ferðafélagsins:

# Um 160 manns gengu á Mosfell

**ÚTIVIST** Metþátttaka var í morgungöngu Ferðafélags Íslands í gærmorgun þegar um 160 manns gengu á Mosfell í Mosfellsdal. Göngumenn lögðu upp í góðu veðri klukkan rúmlega sex árdegis.

Hvern dag í þessari viku er gengið á fjall í nágrenni Reykjavíkur og er þetta sjötta árið sem Ferðafélagið efnir til gönguferða af þessu tagi. Fararstjórn annast Páll Ásgeir Ásgeirsson og Rósa Sigrún Jónsdóttir.

„Þetta er mesti fjöldi sem hefur mætt í göngu. Það kemur manni alltaf svolítið á óvart hve margir eru viljugir að taka daginn snemma,“ segir Páll Ásgeir Ásgeirsson fararstjóri, sem var þó sestur við morgunverðarborðið klukkan hálf níu í gærmorgun eftir góða göngu.

Fjall morgundagsins er Helgafell í Mosfellsdal. - sv



**GENGIÐ Á FELLIÐ** Metþátttaka var í morgungöngu Ferðafélags Íslands í gærmorgun þegar gengið var á Mosfell við sólarupprás. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# SÆLUREITURINN ER KOMINN ÚT

52 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG TILBOÐUM




**Hann er á leiðinni til þín!**
fullt af tilboðum og fróðleik

# FÁÐU AFSLÁTT AF 40.000 VÖRUM STRAX Í DAG

**DRÖGUM ÚT VINNINGA Í HVERRI VIKU**

KJARA KLÚBBUR %
**HÚSASMIÐJUNNAR OG BLÓMAVALS**

**Lestu allt um Kjaraklúbb Húsasmiðjunnar og Blómavals í Sælureitnum.**

**Skráning er hafin í öllum verslunum og á www.husa.is**

blómaval
HÚSASMIÐJAN

Aldursbundin hrörnun í augnbotnum:

# Vaxandi vandamál

**HEILBRIGÐISMÁL** Aldursbundin hrörnun í augnbotnum er líkleg til að verða stærra heilbrigðisvandamál með hækkandi meðalaldri þjóðarinnar. Ný rannsókn sýnir að lokastig sjúkdómsins greinist hjá nítján prósentum einstaklinga 85 ára og eldri hér á landi.

Þetta kemur fram í grein í tímariti bandarísku augnlæknasamtakanna, Ophthalmology, sem Ársæll Arnarsson, prófessor við Háskólann á Akureyri, er meðhöfundur að. Rannsókuð var aldursbundin hrörnun í augnbotnum meðal 5.272 þátttakenda í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar, en aldursbundin hrörnun í augnbotnum er helsti blinduvaldandi sjúkdómurinn í heiminum í dag. - shá



**HJÁ AUGNLÆKNI** Hrörnun í augnbotnum er helsti blinduvaldur í heiminum í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA



**BJÖRNINN UNNINN** Björninn sem felldur var í Rekavík inni af Hornvík í fyrradag er sá fjórði sem gengur á land á Íslandi á þremur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Umhverfisráðherra vill rannsaka komur hvítabjarna:

# Björgunartilraunir ekki réttlætanlegar

**DÝRALÍF** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur óskað eftir rannsókn á því hvernig standur á tíðum komum hvítabjarna hingað til lands undanfarin ár. Fjórði björninn sem heimsækir landið á innan við þremur árum gekk á land á Hornströndum í fyrradag.

Í yfirlýsingu frá umhverfisráðuneytinu segir að sú fullyrðing sé röng að ekki hafi verið gerð björgunaráætlun fyrir komu hvítabjarna í kjölfar heimsóknanna sumarið 2008. Þvert á móti hafi verið unnin ítarleg úttekt á því hvað þyrfti til að bjarga birni lifandi.

Niðurstaða þeirrar úttektar hafi hins vegar verið sú að allt of mikil óvissa væri um árangur slíkra björgunartilrauna til að þær gætu réttlætt kostnaðarsaman viðbúnað. Hver björgunaraðgerð mundi kosta á tólftu milljón og dýrin væru oft svo illa á sig komin að björgun hefði lítið upp á sig.

Ráðherra hefur hins vegar ákveðið að fela Náttúrufræðistofnun Íslands, í samvinnu við Umhverfisstofnun, Veðurstofuna og aðra hlutaðeigandi, að vinna greinargerð um það hvort tíðar komu bjarna undanfarin ár séu tilviljun eða breytingar á náttúrufari sem kalli á aukinn viðbúnað. - sh

HÁSKÓLI ÍSLANDS 1911-2011

FYRIRLESTRARÖÐ Á ALDARAFMÆLI HÁSKÓLA ÍSLANDS



HREYFING MANNSINS

Frá hreyfihömlun til afreka. Hvernig geta verkfræðilegar lausnir fyrir hreyfihamlaða orðið hreyfingu allra til framdráttar?

**Dr. Hilmar B. Janusson** hefur verið í fararbroddi hönnunar- og þróunarteymis **Össurar** frá 1992. Hann flytur erindi í röð hátíðarfyrirlestra rektors á aldarafmæli Háskóla Íslands.

Fyrirlesturinn fer fram í Hátíðasal í Aðalbyggingu, **laugardaginn 7. maí kl. 14.**

Allir velkomnir.

PIPAR\TBWA • SÍA • 111134



Námskeið um réttindi lífeyrisþega

5. maí: Útibúið í Breiðholti, Álfabakka 10
12. maí: Útibúið í Hamraborg, Hamraborg 8
19. maí: Útibúið á Selfossi, Austurvegi 20

Farið verður yfir núgildandi reglur á réttindum og greiðslum lífeyrisþega hjá Tryggingastofnun.

Skráning og nánari upplýsingar á vef bankans og í síma 410 4000.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...

25% afsláttur af öllum GSM aukahlutum í dag

Ef þú ert hjá Símanum skaltu grípa tækifærið og græja þig upp fyrir sumarið. Magnaðir miðvikudagar!

Síminn


FYRIR BAÐIÐ
ÓDÝRT OG GOTT
Allt settið:
49.900 stgr.
P029 100 x 50 sm
Allt settið:
39.900 stgr.
P628 60 x 46 sm
HERT ÖRYGGISGLER
verð frá
12.900 stgr.
BAÐHLÍFAR
HERT ÖRYGGISGLER
24.900 stgr.
STURTUHURÐAR 70, 80, 90 sm
2.500 stgr.
STÆKKUNARSPEGILL Á ARM!
verð frá
3.900 stgr.
STURTUHLEMMAR
sh-58050
BAÐÁHÖLD - 6 hlutir í setti
3.900 stgr.
HITASTÝRÐ BLÖNDUNARTÆKI
STURTU/BAÐTÆKI 14.900
HITASTÝRÐ BLÖNDUNARTÆKI
STURTUTÆKI m/STÚT UPP EÐA NIÐUR 11.900
STURTUBARKI 1.200
DREIFARI Á KRANA 450
STURTUHAUSAR MEÐ BARKA OG VEGGFESTINGU 1.750
STURTUhorn Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja
12.900 stgr.
verð frá
27.900 stgr.
2.750 stgr.
STURTUSTANGARSETT
BARKATENGT
STURTUSTÖNG
MEÐ HITASTÝRÐU
BLÖNDUNARTÆKI
STURTUSTANGIR
MEÐ STURTUHAUS
BARKA OG SÁPUSKÁL
HERT ÖRYGGISGLER
24.900 stgr.
ISO 9001
HERT ÖRYGGISGLER
23.900 stgr.
ISO 9001
Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST!
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
RÚNNAÐ STÆRÐIR: 80x80 og 90x90
KANTAÐ STÆRÐIR: 80x80 og 90x90
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

**NÝ TÆKIFÆRI Í ORKUÖFLUN**

**Samtök iðnaðarins og Háskólinn í Reykjavík standa fyrir fundaröð um orkumál í Háskólanum í Reykjavík, Herkúles 5, 2. hæð**

**Fyrsti fundur er föstudaginn 6. maí kl. 8.30 - 10.00**

**Dagskrá:**

**Nýting flutningskerfisins og sveigjanleiki - hvar stöndum við?**
*Íris Baldursdóttir, deildarstjóri kerfisstjórnar og markaðar hjá Landsneti*

**Umhverfisvænir kostir í óhefðbundnum orkugjöfum**
*Ingólfur Örn Þorbjörnsson, framkvæmdastjóri hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands og lektor við tækni- og verkfræðideild HR*

**Vindorka - möguleikar á Íslandi**
*Úlfar Linnet, deildarstjóri rannsóknadeildar hjá Landsvirkjun*

**Íslenska djúpborunarverkefnið (IDDP) - staða og horfur 2011**
*Bjarni Pálsson, verkefnisstjóri djúpborunarverkefnisins á Kröflusvæðinu*

**Fundarstjóri**: *Bryndís Skúladóttir, SI*

Fundurinn er opinn og aðgangur ókeypis.

ÁR NÝSKÖPUNAR

**Skráning á www.si.is**

SI

*Samtök iðnaðarins - www.si.is*






## Kynning á MPM-námi við Háskóla Íslands
**fimmtudaginn 5. maí í Námu, við Endurmenntun HÍ kl. 12–13**

**Hvað er MPM?**

- MPM stendur fyrir Master of Project Management eða meistaranám í verkefnastjórnun.
- Mjög hagnýtt stjórnunarnám samhliða starfi.
- Nemendur hljóta alþjóðlega vottun í verkefnastjórnun sem gefin er út af Verkefnastjórnunarfélagi Íslands í umboði alþjóðasamtaka verkefnastjórnunarfélaga (IPMA).

**Markmið MPM-námsins eru að:**

- mennta og þjálfa nemendur í að takast á við margvísleg viðfangsefni með aðferðum verkefnastjórnunar.
- mennta og þjálfa nemendur í sjálfstjórn, samskiptum, forystu, teymisvinnu og eflingu liðsheilda.
- mennta og þjálfa nemendur til leiðandi starfa á fjölbreytilegum starfsvettvangi á Íslandi og erlendis.
- undirbúa nemendur undir alþjóðlegar vottanir (IPMA) á þekkingu sinni, reynslu og færni.
- viðhalda og efla þekkingu á verkefnastjórnun og skapa nýja þekkingu á sviðinu.
- samþætta innsýn úr hug-, félags-, viðskipta- og verkvísindum með hagnýtum hætti.
- þjálfa framtíðarleiðtoga sem eru færir um að gera það sem gera þarf.

**Fyrir hverja?**

Meistaranám í verkefnastjórnun er opið þeim sem hafa lokið BA/BS/B.ed. eða sambærilegu námi.

Nemendur skulu hafa minnst 3 ára reynslu úr atvinnulífinu og æskilegt er að þeir hafi umtalsverða reynslu af því að starfa í verkefnum.

www.mpm.is

MPM MASTER OF PROJECT MANAGEMENT

HÁSKÓLI ÍSLANDS VERKFRÆÐI- OG NÁTTÚRUVÍSINDASVIÐ

1911-2011

PIPAR\TBWA · SÍA 111105


Elsa Hrafnhildur Yeoman er nýr forseti borgarstjórnar:

# Skemmtileg áskorun



ELSA HRAFNHILDUR YEOMAN

**REYKJAVÍK** Elsa Hrafnhildur Yeoman var kjörin forseti borgarstjórnar í gær og tekur við embættinu af Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, oddvita sjálfstæðismanna, sem sagði af sér á dögunum. Björk Vilhelmsdóttir var kjörin fyrsti varaforseti í stað Sóleyjar Tómasdóttur og Óttarr Proppé var kjörinn annar varaforseti.

Elsa Hrafnhildur, sem er borgarfulltrúi Besta flokksins, segir að sér lítist afar vel á nýtt hlutverk. „Það verður ekki létt að koma í kjölfar skörungs eins og Hönnu Birnu en þetta er áskorun og verður örugglega skemmtilegt.“

Hún vonast til þess að léttara verði yfir fundum borgarstjórnar. „Ég er að skoða hvaða svigrúm ég hef til breytinga því ýmsar reglur varðandi starfið eru bundnar í lög. Ég vonast þó til þess að ég beri með mér afslappaðra andrúmsloft og ég geti verið litríkari en sumir sem áður hafa gegnt þessu embætti.“ - þj



**Á GÖNGU** Þeim fjölgar stöðugt sem fá endurhæfingu hjá VIRK. MYNDIN ER ÚR SAFNI

# Tvö þúsund hafa fengið endurhæfingu

**Starfsendurhæfingarsjóður, VIRK, hóf að veita markvissa þjónustu haustið 2009. Sjóðurinn hafði í fyrra um 600 milljónir til þess að aðstoða fólk með heilsubrest við að komast sem fyrst til vinnu á ný.**

**ATVINNUMÁL** Tvö þúsund manns höfðu um síðustu mánaðamót leitað til Starfsendurhæfingarsjóðs, VIRKS, frá því að ráðgjafar á vegum sjóðsins hófu að veita markvissa þjónustu haustið 2009.

Samið var um Starfsendurhæfingarsjóð í kjarasamningum árið 2008 en markmiðið með starfseminni er að hjálpa einstaklingum sem eru með skerta starfsgetu vegna heilsubrests að komast sem fyrst til vinnu á ný. Það er mat aðstandenda sjóðsins að starfsemin hafi skilað miklum árangri.

Starfsendurhæfingarsjóður fékk í fyrra 600 milljónir króna til umráða, að sögn Vigdísar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra sjóðsins.

„Fjármagnið sem við fáum eru kjarasamningsbundin gjöld frá atvinnurekendum sem eru 0,13 prósent af heildarlaunum,“ greinir Vigdís frá.

Hún segir starfsemi sjóðsins kynnta á vegum stéttarfélaga og einnig innan fyrirtækja. „Læknar vísa einnig til okkar. Þeim fjölgar stöðugt sem fá vitneskju um þá aðstoð sem þeir eiga rétt á.“

Ráðgjöfin sem veitt er fer fram í samvinnu við stéttarfélög um allt land og eru ráðgjafarnir staðsettir hjá félögunum. „Þeir leggja sig fram um að auka virkni og getu einstaklinga í samvinnu við þá sjálfa og ýmsa sérfræðinga eftir þörfum og aðstæðum hverju sinni. Ef einstaklingur þarf meiri aðstoð til að komast aftur í vinnu en ráðgjafi getur veitt getur hann vísað á úrræði eins og sálfræðiþjónustu, heilsueflingu eða námskeið svo dæmi séu tekin. Þessi úrræði eru fjármögnuð af Starfsendurhæfingarsjóði. Áður en ákvörðun er tekin um kaup á úrræðum er staða og þörf einstaklingsins fyrir hana metin,“ segir Vigdís.

> Þeim fjölgar stöðugt sem fá vitneskju um þá aðstoð sem þeir eiga rétt á.
>
> VIGDÍS JÓNSDÓTTIR
> FRAMKVÆMDASTJÓRI STARFSENDURHÆFINGARSJÓÐS

Flestir þeirra sem hafa komið til ráðgjafa Starfsendurhæfingarsjóðs, eða um 64 prósent, eru á launum í veikindum eða á dagpeningum hjá sjúkrasjóðum stéttarfélaga. Um 17 prósent eru á endurhæfingar- eða örorkulífeyri og um 8 prósent eru á atvinnuleysisbótum.

Algengustu ástæður skertrar starfsgetu hjá þeim einstaklingum sem koma til Starfsendurhæfingarsjóðs eru heilsubrestur af andlegum toga og stoðkerfisvandamál, að því er Vigdís greinir frá. ibs@frettabladid.is

Einn af forfeðrum manna:

# Hnetubrjótur var grasæta

**VÍSINDI, AP** Einn af forfeðrum manna, svokallaður Hnetubrjótur, er nú talinn hafa verið grasæta en ekki hnetuæta. Forfaðir þessi, Paranthropus boisei, bjó í austanverðri Afríku á tímabilinu fyrir 1,9 milljónum ára til 1,4 milljóna ára síðan.

Rannsókn á kolefnum í glerungi 24 tanna úr 22 einstaklingum, sem gerð var við háskólann í Utah í Bandaríkjunum, leiddi í ljós að þessi forfaðir okkar snæddi meira gras en nokkur annar ættingi okkar. - gb

Verjendur sakborninga í skattahluta Baugsmálsins vilja frávísun þar sem óskýrt sé hvað ákært sé fyrir:

# Saksóknari segir dómafordæmi oftúlkað

**BAUGSMÁL** Verjendur sakborninga í skattahluta Baugsmálsins segja ómögulegt að lesa út úr ákæru nákvæmlega hvaða brot ákærðu í málinu eru sakaðir um. Saksóknari í málinu sagði verjendur oftúlka fordæmisgildi dóms sem féll í Hæstarétti í fyrri hluta Baugsmálsins árið 2005.

Tekist var á um frávísunarkröfu þeirra Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, Kristínar Jóhannesdóttur, Tryggva Jónssonar og fjárfestingarfélagsins Gaums fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Í þessum síðasta hluta Baugsmálsins er Jón Ásgeir sakaður um að hafa ekki greitt um 231 milljón króna í skatta og opinber gjöld, persónulega og sem stjórnandi Gaums. Kristín er ákærð fyrir að standa ekki skil á um 228 milljónum sem framkvæmdastjóri Gaums. Hafa ber í huga að deilt er um 200 milljóna kröfu ákæruvaldsins, og líklegt að hún lækki verulega. Þá er Tryggvi í ákæru sakaður um að hafa ekki staðið skil á um þrettán milljónum króna.

Verjendur sakborninga sögðu dóm Hæstaréttar í fyrri hluta Baugsmálsins setja ákveðið fordæmi. Þar hafi ákæru verið vísað frá þar sem ekki hafi mátt ráða með skýrum hætti af ákæru fyrir hvaða brot væri ákært. Þeir sögðu það sama eiga við í þessu máli, þar sem upphæðir í ákæruskjalinu séu ekki sundurliðaðar.

Helgi Magnús Gunnarsson, settur ríkislögreglustjóri í málinu, hafnaði þessum rökum alfarið, og vísaði til þess að í fjölda sambærilegra mála hafi ákæra verið sett fram með sama hætti og dugað til sakfellingar. Ákæran í þessu máli sé ekki frábrugðin öðrum ákærum í sambærilegum málum. - bj



**FYRIR DÓMI** Gestur Jónsson, Jakob R. Möller og Kristín Edwald, verjendur sakborninga, voru í þungum þönkum í réttarsalnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**FLUGINU SEINKAÐ** Svo virðist sem meirihluti farþega fái litla sem enga aðstoð frá flugfélögum þegar flugi þeirra seinkar.

Ný könnun NS um flug:

# Lítil aðstoð í seinkun á flugi

**SAMGÖNGUR** Helmingur þeirra sem tóku þátt í könnun Neytendasamtakanna og Evrópsku neytendaaðstoðarinnar um réttindi flugfarþega sagðist fara til útlanda með flugi einu sinni til tvisvar á ári.

Um 32 prósent svarenda sögðust hafa orðið fyrir þriggja klukkustunda óvæntri seinkun í millilandaflugi. Um 66 prósent kváðust enga aðstoð hafa fengið vegna seinkunarinnar. Um 23 prósent svarenda höfðu lent í tveggja stunda eða lengri seinkun í innanlandsflugi.

Einungis bárust 75 svör í könnuninni og segir í tilkynningu Neytendasamtakanna að langt sé frá því að niðurstöðurnar feli í sér nákvæmar upplýsingar um raunverulega stöðu flugfarþega. - sv

Afstaða mótmælir ákvörðun:

# Fangar ósáttir við lóðabann

**FANGELSISMÁL** Afstaða, félag fanga á Litla-Hrauni, mótmælir þeirri ákvörðun Fangelsismálastofnunar að láta fjarlægja lóð úr fangelsum landsins.

Félagið hefur sent frá sér yfirlýsingu þar sem segir að í langflestum tilvikum stundi fangar lyftingar á heilbrigðan hátt, þeir sem ekki geri það flokkist sem undantekningartilvik. Með því að banna öllum föngum að nota lyftingalóð sé verið að brjóta gegn meðalhófsreglu stjórnsýslulaga.

Fyrir skemmstu var sagt frá því að Fangelsismálastofnun hefði gripið til þess ráðs að banna lyftingalóð af öryggisástæðum enda væru dæmi þess að fangar nýttu tímann í fangelsum til að styrkja sig óhóflega. - sv

**UMHVERFISMÁL**

### Ófullnægjandi á Álfsnesi

Bæjaryfirvöld í Mosfellsbæ hafa enn tilkynnt Sorpu að þau telji aðgerðaáætlun fyrirtækisins til að minnka lyktarmengun frá urðunarstað á Álfsnesi ófullnægjandi. Mosfellingar hafa sagt að finna þurfi stöðinni nýjan stað verði ekki bætt úr. Framkvæmdastjóri Sorpu hyggst kynna bæjarráði nýjustu fyrirætlanir til þess að stemma stigu við ólyktinni.


VM – ÞING UM MÁLEFNI LÍFEYRISSJÓÐA

Á Grand Hótel laugardaginn 7. maí 2011



Framtíð lífeyrissjóða – Standast loforðin?

Flutt verða fjögur erindi frá kl. 10:00 til 12:00: um kosti og galla kerfisins og hvort blikur séu á lofti um að kerfið muni ekki ganga upp.

Eftir erindin verður boðið upp á léttan hádegisverð.

Pallborðsumræður hefjast eftir hádegisverð og standa í einn til tvo tíma.

Fundarstjóri:
Sigurjón M. Egilsson

Fyrirlesarar:

1. Einar Beinteinn Árnason
   - Sjálfbærni lífeyriskerfisins og uppgjörsaðferðir.
2. Ólafur Ísleifsson
   - Fjallar um stöðu sjóðanna í gegnum áföll og uppsveiflur.
3. Lilja Mósesdóttir
   - Fjallar um sína sýn á velferðar og lífeyriskerfi.
4. Marinó Örn Tryggvason
   - Þarf að breyta réttindakerfi lífeyrissjóðanna?

Milli 17:00 og 19:00 verður boðið upp á léttar veitingar í húsakynnum VM að Stórhöfða 25. (4. hæð.)

Skráning á vm@vm.is og í síma 575 9800

FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA - Stórhöfða 25 - 110 Reykjavík - 575 9800 - www.vm.is - okkur er annt um þinn hag

# Aðalfundur Evrópusamtakanna verður haldinn fimmtudaginn 5. maí 2011 kl. 20.00 í Skipholti 50a

**Dagskrá:**

1. Hefðbundin aðalfundarstörf.
2. „Evrópumaður ársins" úrslit tilkynnt.
3. Andrea Pappin, framkvæmdastjóri írsku Evrópusamtakanna fjallar um stöðuna á Írlandi.
4. Önnur mál.



Gestur fundarins er **Andrea Pappin**, framkvæmdastjóri írsku Evrópusamtakanna, sem mun fjalla um stöðuna á Írlandi, Evrópu og framtíðarhorfur.

Allt áhugafólk um Evrópumál velkomið.

Já! ÍSLAND



# Ný frímerki

*Safnaðu litlum listaverkum*

Í dag 4. maí gefur Íslandspóstur út þrjár frímerkjaraðir og eina smáörk. Myndefni frímerkjanna eru Háskóli Íslands 100 ára, skrúðgarðar og Melavöllurinn. Smáörkin er tileinkuð tónlistarhúsinu Hörpu og er hönnuð af listamanninum Ólafi Elíassyni.



Fyrstadagsumslög fást stimpluð á pósthúsum um land allt. Einnig er hægt að panta þau hjá Frímerkjasölunni.
Sími: 580 1050 Fax: 580 1059
Netfang: stamps@postur.is
Heimasíða: www.stamps.is

PÓSTURINN
FRÍMERKJASALAN



FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

# ÞAÐ ERU ENGIN HÖFT Í VIÐSKIPTUNUM Á VÍSI

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og iPad!

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir


## FRÉTTASKÝRING: Osama bin Laden veginn

### Árásin á hús Osama bin Laden í Pakistan




Heimild: Bandaríska varnarmálaráðuneytið Mynd: Associated Press © GRAPHIC NEWS

# Sérsveitarmenn tóku með sér mann úr húsi Osama

**Pakistönsk stjórnvöld vissu ekki af árás á hús Osama bin Laden fyrr en hún var yfirstaðin. Bandarísk stjórnvöld hafa ekki ákveðið hvort þau ætla að birta mynd af Osama bin Laden föllnum.**



**HÚSIÐ** Talið er að Osama bin Laden hafi hafst við í afgirtu húsi í borginni Abbottabad í einhvern tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandarískir sérsveitarmenn sem réðust á hús hryðjuverkaleiðtogans Osama bin Laden í Pakistan á mánudag höfðu á brott með sér eina manneskju, mögulega son bin Ladens. Þetta upplýsti pakistanska leyniþjónustan í gær.

Pakistönsk stjórnvöld gagnrýndu bandarísk yfirvöld harðlega vegna árásarinnar. Þau vissu ekki af henni fyrr en hún var afstaðin. Talsmaður bandarískra stjórnvalda sagði að fáir hefðu fengið að vita af árásinni áður en hún fór fram. Tryggja hefði þurft algera leynd.

Þyrlur sérsveitarmannanna flugu inn í pakistanska lofthelgi frá Afganistan án þess að þeirra yrði vart með því að þræða fjalladali og fljúga rétt yfir jörðu.

Barack Obama Bandaríkjaforseti fylgdist með árásinni í beinni útsendingu. Þegar sérsveitarmennirnir tilkynntu að Osama bin Laden hefði verið skotinn sagði Obama: „Við náðum honum."

Pakistanska leyniþjónustan var ekki jafn vel með á nótunum og baðst í gær afsökunar á því að hafa ekki sjálf fundið bin Laden. Húsið þar sem hann var veginn er í borginni Abbottabad, sem er um 100 kílómetra frá höfuðborginni Islamabad. Húsið er aðeins um 800 metra frá stórum herskóla.

Bandarísk stjórnvöld hafa enn ekki gert upp við sig hvort þau ætli að gera myndir af líki Osama, eða útför hans á hafi úti, opinberar. Talsmaður Bandaríkjaforseta sagði enga ákvörðun hafa verið tekna um hvort það yrði gert.

Talsmaður pakistönsku leyniþjónustunnar upplýsti í gær að sautján eða átján manns hefðu verið í húsinu þegar árás sérsveitarmanna hófst. Auk bin Ladens féll Khalid sonur hans í árásinni, ásamt tveimur öðrum nánum samverkamönnum bin Laden. Þá féll ein kona, en ekki hefur verið upplýst hvernig hún tengdist bin Laden.

Ein af eiginkonum bin Laden, dóttir hans og átta eða níu börn til viðbótar voru í húsinu og lifðu af skotbardagann. Dóttirin, sem er tólf eða þrettán ára, varð vitni að því þegar faðir hennar var skotinn til bana. Eiginkonan, sem er jemenskur ríkisborgari, sagði fjölskylduna hafa flutt í húsið fyrir nokkrum mánuðum.

Talsmaður pakistönsku leyniþjónustunnar fullyrti að bandarísku hermennirnir hefðu tekið með sér einn fanga. Mögulega hefðu þeir ætlað að taka fleiri, en ekki getað það þar sem ein af þyrlunum sem þeir komu með bilaði. Flugmenn þyrlunnar náðu að lenda henni og sprengdu hana í loft upp á jörðu niðri.

Fréttavefur BBC hefur eftir heimildum að bandarísku sérsveitarmennirnir hafi haft á brott með sér harða diska sem sérfræðingar bandarísku leyniþjónustunnar CIA séu nú að rannsaka.

Bandarísk stjórnvöld settu 25 milljónir Bandaríkjadala til höfuðs bin Laden. Ekki hafði í gær verið upplýst hvort verðlaunaféð hafði verið greitt út.




**Brjánn Jónasson**
brjann@frettabladid.is


## Fimm handteknir við Sellafield

Fimm menn voru handteknir við kjarnorkuverið Sellafield í Bretlandi á mánudag grunaðir um að hafa ætlað að fremja hryðjuverk. Samkvæmt heimildum AP-fréttaveitunnar eru mennirnir allir á þrítugsaldri og frá London, en þeir munu vera ættaðir frá Asíu.

Mennirnir voru handteknir með vísun í hryðjuverkalög sem heimila breskum stjórnvöldum að halda mönnum sem grunaðir eru um að skipuleggja hryðjuverk. Lögreglan vildi ekki staðfesta þær fréttir breskra fjölmiðla að mennirnir hefðu verið að taka ljósmyndir þegar þeir hefðu verið handteknir.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sagði í gær að Bretar ættu að vera á varðbergi næstu vikurnar vegna mögulegra hefndarárása í kjölfar þess að bandarískir sérsveitarmenn skutu Osama bin Laden til bana.



Batteríið Arkitektar óskar Sinfóníuhljómsveit Íslands,
Íslensku óperunni og þjóðinni allri til hamingju með Hörpuna
og þakkar þeim samstarfið sem að hönnun
og byggingu hússins hafa komið

fókus

Á þriðja tug starfsmanna okkar hafa komið að verkinu og
innt af höndum ríflega 40 000 vinnustundir.

Á Íslandi er til þekking og kunnátta til að hanna og byggja
hús á heimsmælikvarða. **Við erum stolt af Hörpunni.**

Arkitektar Hörpunnar eru:
Batteríið Arkitektar, Henning Larsen Architects, ATT arkitektar.

BATTERÍIÐ | ARKITEKTAR
www.arkitekt.is

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 54610 05/11




# GÓÐAN DAGINN, AMERÍKA!

## MORGUNFLUG ICELANDAIR TIL AMERÍKU ALLA DAGA VIKUNNAR

Núna verður þú að ná í fötin í hreinsun daginn fyrir flug svo þú getir verið sómasamlega til fara þegar þú færð þér hádegisverð er þú lendir í New York eða Boston. Morgunflug Icelandair byrjar 1. júní. Njóttu þess.

+ Bókaðu ferð á www.icelandair.is


FLETTU TIL AÐ SJÁ HEIMINN STÆKKA
Protect Your Wealth
ABC.
WORD OF $2
SEPHORA
STARBUCKS COFFEE

ICELANDAIR

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 54610 05/11




+ Bókaðu ferð á www.icelandair.is





# HEIMURINN ER ALLTAF AÐ STÆKKA

## ICELANDAIR BÝÐUR ÞÉR FJÖLDA ÁFANGASTAÐA JETBLUE Í BEINU TENGIFLUGI

Þú vaknar bara snemma einn daginn, innritar þig í morgunflug Icelandair til Boston eða New York og í beint tengiflug með JetBlue til einhvers af fjölmörgum áfangastöðum félagsins í Ameríku.

Meðal þeirra áfangastaða JetBlue sem liggja vel við beinu tengiflugi frá Boston eru Chicago, Denver, Fort Lauderdale, Houston, Orlando og Tampa. Frá New York eru það borgir eins og Chicago, Fort Lauderdale, Houston, New Orleans, Orlando, San Juan í Puerto Rico og Tampa.

Með einum samningi Icelandair og JetBlue um beint tengiflug hefur heimurinn stækkað verulega. Njóttu þess.

jetBlue AIRWAYS® + ICELANDAIR

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvernig fara sjávarútvegsstefna og Evrópustefna ríkisstjórnarinnar saman?

# Hættuleg tilraunastarfsemi

Innan Evrópusambandsins hafa um nokkurt skeið verið til umræðu hugmyndir um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfi sambandsins sem taka mjög mið af íslenzka kvótakerfinu. Framkvæmdastjórn ESB hefur kynnt sér íslenzka kerfið vel, leitað til íslenzkra ráðgjafa um endurskoðun sjávarútvegsstefnu ESB og litið um margt til Íslands sem fyrirmyndar um stjórn fiskveiða.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Fréttablaðið sagði á mánudag frá því að Maria Damanaki, framkvæmdastjóri fiskveiðimála hjá ESB, hefði í bígerð að leggja fram í júlí tillögur um kvótakerfi með framseljanlegum aflaheimildum, banni við brottkasti og aflareglu, rétt eins og í íslenzka kerfinu. Sömuleiðis er rætt um að draga úr miðstýringu í kerfinu. Tillögurnar miða að því að auka hagkvæmni í fiskveiðum, minnka flotann og draga úr offjárfestingu, eins og gert var hér á landi með upptöku kvótakerfisins á sínum tíma.

Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, bendir í Fréttablaðinu í gær réttilega á þá þversögn sem felst í því að ríkisstjórnin, undir forystu Samfylkingarinnar, vinnur að því að ljúka viðræðum um aðild Íslands að Evrópusambandinu en um leið reyna ýmsir Samfylkingarmenn að gjörbylta fiskveiðistjórnunarkerfinu, sem veitir íslenzkum sjávarútvegi sérstöðu og Evrópusambandið horfir til sem fyrirmyndar.

Viðunandi samningur um aðild Íslands að ESB verður með einum eða öðrum hætti að taka á sérstöðu íslenzks sjávarútvegs. Kröfur um að Íslendingar haldi sjálfir forræði á fiskveiðum sínum byggjast ekki sízt á þeirri sérstöðu, að okkur hefur gengið betur en flestum eða öllum ESB-ríkjum að reka sjávarútveg með hagnaði og nýta auðlindina með sjálfbærum hætti.

Evrópusambandið getur komið til móts við Ísland með tvennum hætti; það getur veitt undanþágur eða fresti til aðlögunar að reglum ESB eftir að til aðildar kemur, eða þá breytt sjávarútvegsstefnu sinni þannig að hún falli betur að íslenzkum hagsmunum.

Það er rétt athugað hjá Einari K. Guðfinnssyni að það hlýtur að vera erfitt líf hjá Samfylkingarmönnum að vera annars vegar í aðstöðu til að ýta undir jákvæðar breytingar á sjávarútvegsstefnu ESB til að greiða fyrir aðild Íslands en standa hins vegar í því að rífa niður íslenzka fiskveiðistjórnunarkerfið og það sem tryggir hagkvæmni þess og sérstöðu, ekki sízt framsal veiðiheimilda.

Það er nánast jafneinkennileg þversögn að Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra, sem ekki er vitað til að hafi séð neitt gott í Evrópusambandinu, vinni að því hörðum höndum að gera íslenzka fiskveiðistjórnunarkerfið líkara því sem gerist í ESB, með því að reka það í þágu svokallaðra byggða- og félagslegra sjónarmiða í stað þess að hafa hagkvæmni og arðsaman rekstur að leiðarljósi.

Versta niðurstaðan úr tilraunastarfsemi ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum væri að Ísland endaði utan Evrópusambandsins, með fiskveiðistjórnunarkerfi sem svipar til núverandi kerfis þess, á sama tíma og nágrannalöndin í ESB taka upp íslenzka kerfið. Það gæti þessi ríkisstjórn afrekað.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Tryggva sendur tónninn

Björgólfur Thor Björgólfsson heldur áfram að fara mikinn á vef sínum og tætir þar í sig hverja klausuna á eftir annarri úr skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Nýjasti skotspónninn er Tryggvi Þór Herbertsson. Björgólfur fullyrðir að ekkert mark hafi verið takandi á Tryggva í aðdraganda hrunsins enda hafi allar tilraunir hans til að ráða fram úr þeim vanda sem upp var kominn lyktað af því að hann væri bara að reyna að bjarga eigin skinni – eða öllu heldur eigin banka. Tryggvi var á þessum tíma efnahagsráðgjafi forsætisráðherra en hafði fyrr um árið verið bankastjóri Aska Capital.

### Fyrirvari

Auðvitað er full ástæða til að taka varnarræðum þeirra sem sneitt er að í skýrslunni með nokkrum fyrirvara. Tryggvi bendir enda á að þegar hann fór í forsætisráðuneytið til Geirs hafi hann verið búinn að gera starfslokasamning við Aska Capital og ekki haft neina fjárhagslega hagsmuni af stöðu bankans. Gott og vel.





### Hættur eða í leyfi?

Þessi söguskýring Tryggva rímar hins vegar illa – og eiginlega bara alls ekki – við frétt DV um starfslok hans í ráðuneytinu í október 2008: „Spurður um það hvað taki við segir Tryggvi að nú sé hann í leyfi hjá Askar Capital en hann muni byrja þar aftur í janúar. Þegar hann er spurður út í sögusagnir þess efnis að Askar Capital sé að fara á hausinn segir hann: „Ég myndi varla segja að ég væri að fara að vinna hjá Askar Capital ef ég teldi að það væri að fara á hausinn.““

stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Nýtt vor í tónlist

Menning



Guðni Tómasson

stjórnarformaður Sinfóníuhljómsveitar Íslands

Það vorar í íslensku tónlistarlífi. Tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpa, við Austurhöfnina í Reykjavík, boðar nýtt upphaf fyrir tónlistarfólk og tónlistaráhugamenn á Íslandi. Miklir möguleikar skapast í flutningi á alls kyns tónlist í húsi sem stenst allar væntingar sem gerðar eru til tónlistarhúsa í dag. Í kvöld rennur upp merkileg stund í menningu landsmanna þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands, síkvikur unglingur á sjötugsaldri, heldur sína fyrstu tónleika í húsinu. Með flutningi sveitarinnar í Hörpu verða henni allir vegir færir. Viðbrigðin eru mikil fyrir hljóðfæraleikarana og það sama munu tónleikagestir upplifa, sem margir hverjir þekkja til sveitarinnar og hafa stutt hana í áraraðir. Draumurinn um tónlistarhús í Reykjavík er kominn til ára sinna en verður nú skyndilega að veruleika. Upplifunin verður ný og fyrir þá sem ekki hafa enn reynt tónleika hljómsveitarinnar fer nú að verða rétti tíminn til að prófa, því að við þessar aðstæður á að leika tónlist.

> Í Hörpu mun fjölbreytt tónlist hljóma og víst er af nógu að taka þegar horft er yfir sviðið.

### Húsið okkar

Harpa þarf að vera hús allra landsmanna enda hefur íslenskt tónlistarlíf átt drjúgan þátt í að viðhalda og byggja upp sjálfsmynd þjóðarinnar. Í Hörpu mun fjölbreytt tónlist hljóma og víst er af nógu að taka þegar horft er yfir sviðið. Framboð á tónlist og menningu í höfuðborginni er slíkt að stærri borgir væru fullsæmdar af. Rétt er að hvetja alla sem unna tónlist að finna sér eitthvað við hæfi í dagskrá Hörpu, en hafir þú ekki prófað lifandi flutning á sinfóníski tónlist, ágæti lesandi, þá skaltu fylgjast með starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á næstu misserum. Krafturinn, hljómurinn og óteljandi litir tónlistarinnar gætu komið þér á óvart, því að í alvöru tónleikasal eins og stóra salnum í Hörpu, Eldborg, finnur maður fyrir tónlistinni með fleiri skynfærum en heyrninni einni. Maður þarf ekkert að vita, bara vera tilbúinn að upplifa. Fólkið á sviðinu veit allt sem til þarf. Það er stór dagur í lífi þeirra og okkar allra sem njótum menningar og lista í þessu landi. Við megum vera stolt af Sinfóníuhljómsveit Íslands og Hörpu.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Fiskveiðar sem atvinnubótavinna

Fiskveiðistjórn – Grein III

Tryggvi Þór Herbertsson

prófessor í hagfræði og alþingismaður



Heildaraflaverðmæti á síðasta ári nam um 138 milljörðum króna. Af þessari upphæð fóru um 55 milljarðar í laun og tengd gjöld (þ.a.m. tryggingagjald) til um 4.500 sjómanna Þetta gerir rúmar 12 milljónir á hvert starf að meðaltali. Margir halda því fram að með því að leyfa ólympískar (óheftar) veiðar megi fjölga störfum um allt að helming. Laun og tengd gjöld á hvern sjómann myndu þá væntanlega lækka í um 6 milljónir króna. Nú getur hver og einn metið fyrir sjálfan sig hvort að það væri góð ráðstöfun. Önnur hlið á því máli er að við ólympískar fiskveiðar yrði offjárfest í fjármunum til að stunda útgerð. Þetta sjáum við vel í strandveiðunum sem innleiddar voru á síðasta fiskveiðiári. Auðlindaarðinum sem ég fjallaði um hér í blaðinu í gær yrði sóað og sjávarútvegur gegndi ekki lengur því lykilhlutverki í verðmætasköpun sem hann hefur gert frá upptöku kvótakerfisins.

En er ekki ósanngjarnt að dugmiklir einstaklingar sem vilja stunda útgerð geti ekki gert það vegna einkaréttar útvalinna á að stunda sjósókn? Kvótakerfið hindrar allar veiðar án kvóta og nýliðar verða að kaupa kvóta af þeim sem fyrir eru til þess að hefja veiðar. Þannig er nýliðun án kvótakaupa hindruð. Mörgum Íslendingum finnst mikilvægt að fisknir einstaklingar geti keypt bát og hafið útgerð og unnið sig upp eins og verið hefur frá alda öðli. Að þeirra mati hindrar kvótakerfið þetta ferli. Óvíst er þó að hægt sé að finna fiskveiðistjórnunarkerfi sem myndi ekki hindra innkomu nýrra aðila með einhverjum hætti. Ef aðgangur er frjáls og veiðarnar eru arðsamar fjölgar nýliðum þar til fiskistofnarnir hrynja. Sóknarmarkskerfi, til að mynda, hlýtur að vera byggt á einhvers konar takmörkunum. Annað hvort með því að takmarka sóknargetuna með tæknilegum hindrunum, þ.e. banna skipum að fjárfesta í búnaði, eða hindra aðgang nýrra skipa. Hér áður fyrr gat nýtt skip t.a.m. aðeins bæst í flotann ef gamalt skip var úrelt. Ef það er ekki gert er aðeins hægt bregðast við með því að stytta veiðitímann þar til arðsemi er ekki lengur til staðar í greininni og nýir aðilar hætta að streyma inn. Stundum er þetta þó ekki nóg. Veiðum á Kyrrahafslúðu, undan strönd N-Ameríku, var t.d. um árabil stjórnað með sóknarmarki. Fjöldi skipa sem kom á vettvang og veiddi leyfilegan hámarksafla var slíkur að lúðan veiddist á endanum upp á einum degi. Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um langtíma áhrif sóknarmarkskerfis á fiskveiðarnar ef nýliðun er ekki takmörkuð.

> En er ekki ósanngjarnt að dugmiklir einstaklingar sem vilja stunda útgerð geti ekki gert það vegna einkaréttar útvalinna á að stunda sjósókn?

Með aflmarkskerfinu verður kvótinn aðeins hluti af þeirri fjárfestingu sem þarf til þess að hefja útgerð. Svipaður kostnaður myndi sennilega leggjast til í sóknarmarkskerfi fyrstu árin þar sem réttindin til þess að veiða eru þá innifalin í verði skipsins sem verður að kaupa til þessa að geta hafið útgerð. Þetta sést best á því að undanfarið ár hafa bátar sem henta til strandveiða gengið kaupum og sölum á verði sem er langt yfir raunverðmæti bátanna – hver rafturinn á fætur öðrum hefur verið dreginn á flot.

Tilraunir sjávarútvegsráðherra til að búa til nýtt kerfi með strandveiðum eru sama marki brenndar og fyrri tilraunir. Þær leiða til sóunar vegna offjárfestingar og lágra launa þeirra sem veiðarnar stunda. Spá mín er að á endanum verði kerfinu lokað og þeir útgerðamenn sem þá verða innan þess muni selja kvótann á markaði, nákvæmlega eins og þeir gerðu sem voru í kerfunum sem hafa verið til hliðar við kvótakerfið undanfarna áratugi. Niðurstaðan er að meðallaun í greininni hafa lækkað tímabundið og offjárfest hefur verið í skipum og bátum – auðlindaarðinum hefur verið sóað.

Á morgun mun ég fjalla um meint áhrif kvótakerfisins á byggðirnar í landinu og hvort eitthvað sé til í því að það hafi leitt til landflótta frá hinum dreifðu byggðum.

# Tillaga að sameiningu

Stjórnsýsla

Kolbrún Björt Sigfúsdóttir

leikstjóri



Oft hef ég heyrt því fleygt að unga fólkið beri enga virðingu fyrir gamla fólkinu í landinu. Ef svo væri, og ég er ekki að segja að svo sé, væri þá ekki upplagt að gera því kleift að kynnast gömlu fólki betur?

Nú er mikið talað um sameiningu leikskóla og sameiningu leikskóla við grunnskóla. Ég er með betri hugmynd. Af hverju sameinum við ekki leikskóla og elliheimilin? Þannig myndum við tryggja samskipti yngri og eldri kynslóða, lífga upp á dag ellilífeyrisþeganna og auðga menningarlegan arf barnanna okkar. Hóparnir gætu hjálpað hvor öðrum, þau eldri lesið fyrir þau yngri, þau yngri sungið fyrir þau eldri og svo framvegis.

Pælum aðeins í þörfum hópanna tveggja: Báðir vakna mjög snemma. Báðir borða svipaða fæðu (allavega á stofnunum). Báðir þurfa hvíld yfir daginn. Báðir eru skikkaðir í föndur og leiki yfir daginn, hvort sem þeim líkar betur eða verr. Geta elstu leikskólabörnin ekki spilað bingó? Hafa gamlingjarnir ekki gaman af sögustund?

> Pælum aðeins í þörfum hópanna tveggja: Báðir vakna mjög snemma. Báðir borða svipaða fæðu (allavega á stofnunum). Báðir þurfa hvíld yfir daginn. Báðir eru skikkaðir í föndur og leiki yfir daginn, hvort sem þeim líkar betur eða verr.

Nú er enginn að segja að sama prógramm þyrfti að vera allan daginn fyrir báða hópa, líkt og tveggja ára börn eru ekki í sama prógrammi og fimm ára börn á leikskólum í dag. En þó nokkuð mætti gera í sameiningu, báðum hópum til gleði. Ég er þess fullviss að meiri ánægja yrði með þetta fyrirkomulag en með því að hafa tveggja ára börn og tólf ára börn á sama leikvellinum. Sameining elliheimila og leikskóla er í það minnsta ekki heimskulegri en hvað annað.






# Besta afmælisgjöfin

Velferðarmál

Sigursteinn Másson
fyrrverandi formaður Öryrkjabandalags íslands



Í ár er haldið upp á 75 ára afmæli Tryggingastofnunar ríkisins og hálfrar aldar afmæli Öryrkjabandalags Íslands. Sem stjórnarmaður í TR til fjögurra ára og fyrrverandi formaður ÖBÍ finnst mér rétt að stinga niður penna á þessum tímamótum. Það var gríðarlegt framfaraspor í velferðarmálum á Íslandi þegar TR var stofnað. Margir þekkja þá sögu mun betur en ég en það er engum blöðum um það að fletta að lög um almannatryggingar á Íslandi gjörbreyttu á nokkrum árum stöðu atvinnulausra, sjúkra, fatlaðra og aldraðra á Íslandi. Ísland er í röð þeirra ríkja í heiminum sem fremst standa á sviði velferðarmála þótt margt megi betur fara. Stofnun ÖBÍ var sömuleiðis framfaraspor og þá sérstaklega til að byrja með í húsnæðismálum fatlaðra því fyrir fimmtíu árum var Hússjóður ÖBÍ einnig stofnaður en sem nú er orðinn barn síns tíma. Síðan þá hafa ýmsir sigrar unnist í réttindamálum og varðandi viðhorf til fólks með fötlun.

Á stórafmælum er til siðs að líta um öxl en það er líka gott að skoða hvar maður er staddur og hugsa til framtíðar. Það er ekkert sjálfsagt mál að TR verði til um aldur og ævi og það sama á við um ÖBÍ. Hvert er erindi þessara stofnana við almenning á Íslandi í dag og til íslensks samfélags? Hvernig hefur til tekist að ná markmiðum um jöfnuð, öryggi og réttlæti? Sumt hefur tekist vel, annað ekki. Ég hef verið þeirrar skoðunar að rétt sé að sameina TR og Vinnumálastofnun í eina velferðar- og virknistofnun. Með þessu má ná fram hagkvæmni en umfram allt faglegri og öflugri þjónustu þar sem litið væri heildstætt á stöðu og möguleika fólks. Það er löngu tímabært að farið sé að horfa á virkni og þátttöku sem grundvöll velferðar enda sjáum við nú hvað er að gerast með þann hóp ungs fólks sem búið hefur við langtíma atvinnuleysi. Þeir einstaklingar verða margir að öryrkjum þótt réttur til atvinnuleysisbóta hafi tímabundið verið lengdur í fjögur ár. Það sama hefur blasað við um áratugaskeið hjá öryrkjum sem verða óvirkir í samfélaginu enda sáralítill hvati til nokkurrar þátttöku. Ég er líka þeirrar skoðunar að hugtakið örorka og stimpillinn öryrki sé ekki gagnlegt fyrir viðkomandi einstaklinga eða lýsandi fyrir stöðu þeirra og því sé rétt að hætta að nota þessi orð. Við eigum að hverfa frá því að raða fólki sífellt í einhverja kassa. Við erum öll fólk, einstaklingar með réttindi og skyldur í þessu samfélagi hvort sem við erum veik, með fötlun, erum börn, öldruð eða annað en ekki fé í réttum. Fötlun eða veikindi eiga ekki að vera sjálfkrafa ávísun á einhvers konar stéttarfélag.

> Á stórafmælum er til siðs að líta um öxl en það er líka gott að skoða hvar maður er staddur og hugsa til framtíðar.

ÖBÍ hefur oftsinnis háð harða baráttu fyrir kjörum fólks með fötlun og náð markverðum árangri. En hugmyndafræðilega hefur ÖBÍ staðnað. Þrátt fyrir að fyrir liggi sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra sem er alþjóðleg tímamótasamþykkt er umræða um málefni fatlaðra að miklu leyti föst í gömlu stéttar- og kjarabaráttufari. Eins miklu máli og það skiptir að allir landsmenn búi við fjárhagslegt öryggi þá verður að rjúfa þann vítahring einangrunar og óvirkni sem fyrirkomulag almannatrygginga ýtir beinlínis undir með tekjutengingum sínum og flækjustigi. Hver ný ákvörðun stjórnvalda um breytingar á undanförnum árum hefur flækt og ruglað kerfið enn meira. Það er ótrúlegt að enn í dag skuli vera ríkjandi ótti við að skera upp þetta margstagbætta og úr sér gengna kerfi frá grunni og einfalda það verulega. En undan því verður ekki lengur vikist. Nú er að störfum nefnd velferðarráðherra sem á að vinna að einföldun kerfisins og vonandi er að þar komi fram róttækar tillögur til breytinga. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem slík nefnd starfar á vegum stjórnvalda að þessu verkefni en það er vonandi að nú takist betur til en áður enda væri það ein besta afmælisgjöfin til lífeyrisþega þessa lands.

# Frábærar hugmyndir stjórnvalda

Samgöngur

Margrét Gauja Magnúsdóttir
bæjarfulltrúi í Hafnarfirði



Í síðasta mánuði kynntu stjórnvöld hugmyndir sínar um að leggja 10 milljarða í eflingu almenningssamgangna á komandi árum. Ætlunin er að fá sveitarfélögin til að leggja einnig fram fjármagn og að með þessu átaki verði hægt að gera samgöngur „greiðari, hagkvæmari og sjálfbærari“ eins og segir í tilkynningu á vef Innanríkisráðuneytisins. Af sama tilefni kynnti ráðuneytið tillögur starfshóps sem settur var á fót til að móta helstu áherslur. Þar er lykilatriðið eftirfarandi: „Efling göngu, hjólreiða og almenningssamgangna sem valkosts í samgöngum“ (Innanríkisráðuneytið 2011).

Ferðir og flutningar eru nú annar stærsti útgjaldaliður heimilanna og rekstur einkabílsins snertir pyngju landsmanna sem aldrei fyrr. Skipulag höfuðborgarsvæðisins hefur til þessa miðast við þarfir einkabílsins á meðan aðrir kostir í samgöngum hafa fengið minna vægi. En hugarfarsbreyting er að verða meðal almennings í þessum efnum. Nú vilja flestir bæta almenningssamgöngur, minnka umferð einkabíla og bæta göngu- og hjólastíga (Könnun á ferðavenjum: Sumar 2010).

Hafnarfjörður er á jaðri höfuðborgarsvæðisins og íbúar nálgast 27 þúsund. Í Hafnarfirði er ekki aðeins íbúðarbyggð heldur fjölbreytt atvinnustarfsemi. Tekjur sveitarfélagsins af atvinnuhúsnæði eru meiri en af íbúðarhúsnæði, sem sýnir hversu umfangsmikil starfsemin er. Fjöldi íbúa á höfuðborgarsvæðinu starfar í bænum og í því samhengi eru samgöngur þýðingarmiklar. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar gerir sér grein fyrir mikilvægi bæjarins og leggur áherslu á þýðingu samgöngukerfisins fyrir mannlíf og atvinnulíf í borginni.

Í desember síðastliðnum, samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar einróma að setja á fót starfshóp um bættar hjólreiðasamgöngur í bænum. Tilgangurinn er að koma til móts við þann aukna fjölda sem nú kýs að nota reiðhjól sem samgöngutæki. Bærinn hefur sett sér það markmið að verða í fararbroddi sveitarfélaga sem bjóða upp á hjólreiðar sem raunverulegan kost í samgöngum. Með því móti telur bæjarstjórnin sig hafa stigið mikilvægt skref í átt að fjölbreyttu samgöngumynstri og hvetur önnur sveitarfélög til að gera slíkt hið sama.

Það er full ástæða til að lýsa ánægju með frumkvæði og Hafnfirðingar eru reiðubúnir til þátttöku en leggja áherslu á mikilvægi þess að stjórnvöld sýni frumkvæði um samráð og samstöðu sveitarfélaganna sem hlut eiga að máli. Samgöngur eru ekki einkamál sveitarfélaganna heldur hagsmunamál höfuðborgarbúa hvar sem þeir eru í sveit settir.

GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR SUÐURNES

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 11 stöðum á Suðurnesjum og 120 stöðum um land allt.
Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.




FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Fjöldi lausasölustaða á Suðurnesjum

N1 verslun, Hafnargötu, Keflavík
N1 þjónustustöð, Aðalstöðinni, Keflavík
Olís, Básnumn, Reykjanesbæ
Samkaup Strax, Reykjanesbæ
Tíu ellefu, Hafnargötu, Keflavík
Eymundsson, Leifsstöð
Tíu ellefu Hraðkaup, Leifsstöð
Nettó, Grindavík
Samkaup Strax, Sandgerði
Samkaup Strax, Garði
Bónus, Fitjum, Njarðvík



Allt sem þú þarft…

# Amma Davíðs

Efnahagsmál

Þröstur Ólafsson
hagfræðingur



Við greiðum ekki skuldir óreiðumanna,“ var sú örlagaríka setning sem þáverandi seðlabankastjóri, Davíð Oddsson, lét falla í frægum sjónvarpsþætti, rétt eftir hrunið. Hann vitnaði í ömmu sína, en það gera stjórnmálamenn gjarnan, ef þeir vilja láta taka mark á sér. Bretar trúðu ömmu Davíðs og settu Ísland og seðlabanka þess á bekk með hryðjuverkalöndum. Þar með voru eyðilagðir tugir milljarða verðmæta eða meir, því með þessari ákvörðun urðu miklar eignir verðlausar. Þessi aðgerð jafngilti í senn viðskiptabanni og útskúfun úr siðaðra manna samfélagi. Enginn þorði lengi vel að rétta okkur hjálparhönd nema Færeyingar og allir ruku til og reyndu að losa sig úr tengslum við Ísland. Sjaldan hefur landið sokkið dýpra í áliti útlendinga. Þetta voru dýr orð.

Vopnabróðir hins pólitíska seðlabankastjóra fyrrverandi er hinn pólitíski forseti landsins, en sameiginlega eru þeir nú í árangursríkri, pólitískri herför gegn Evrópusambandinu. Forsetanum fannst ekki nóg að gert og vildi sýna vini sínum að hann gæti bætt um betur. Tvívegis fékk hann þjóðina til að fella samninga um að greiða „skuldir óreiðumanna“, því hann vissi að þjóðin trúði ömmu Davíðs miklu betur en Steingrími Joð. Nú virðast hins vegar hafa vaknað efasemdir hjá forsetanum pólitíska um að amma Davíðs sé ef til vill ekki óskeikul og vill hann nú borga upp í „skuldir óreiðumanna“ með Landsbankapeningum, svo langt sem þeir duga. Við ætlum sem sagt að borga það af „skuldum óreiðumanna“ sem okkur sýnist. Þetta er afar frjó og skilvís ný regla í alþjóðaviðskiptum, enda segir sá Pólitíski að við, aðeins tveimur og hálfu ári eftir hrun, séum á ný komin í forystu meðal ríkja heims við að endurskapa viðskiptasiðferði í heiminum. Aftur orðin fyrirmynd. Þannig kunnum bæði við og hann best við okkur.

> Vissulega greiðum við ekki skuldir óreiðumanna, en við njótum gjarnan afurða þeirra okkur til hagsbóta.

Vissulega greiðum við ekki skuldir óreiðumanna, en við njótum gjarnan afurða þeirra okkur til hagsbóta. Lánin sem mynda skuldirnar voru að hluta notuð hér innanlands til margvíslegra framkvæmda og uppbyggingar. Um 40% af áætluðum byggingarkostnaði Tónlistarhússins Hörpu voru t.d. byggð fyrir erlent lánsfé Landsbankans, sem lánveitendur hafa nú glatað. Skyldu það kannski hafa verið Icesave-peningar, sem við viljum að sjálfsögðu ekki greiða? Þúsundir íbúða, margvíslegar framkvæmdir ríkis og sveitarfélaga, bifreiðar, flugvélar og margt fleira var byggt, framkvæmt eða keypt fyrir erlent lánsfé, sem við borgum ekki eða bara að hluta, enda greiðum við ekki „skuldir óreiðumanna“. Þeir peningar sem eru á bak við „skuldir óreiðumanna“ urðu að eignum, sem ýmist eru í notkun eða verða síðar nýttar af þjóðinni. Við fáum þannig arf eftir óreiðumennina. Að kalla þetta tvískinnung, hvað þá hræsni, er í hæsta máta ósanngjarnt. Ekkert er fjær sanni.




PIPAR\TBWA · SÍA · 110401

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**58** **JAKOB FRÍMANN MAGNÚSSON** tónlistarmaður er 58 ára í dag.

*„Ég er stoltur af því að borga skattana mína. Með því legg ég mitt af mörkum til heilbrigðis- og velferðarkerfisins á Íslandi.“*

## Merkisatburðir

**1803** Bjarni Bjarnason og Steinunn Sveinsdóttir frá Sjöundá á Rauðasandi eru bæði dæmd til lífláts fyrir að myrða maka sína árinu áður.

**1880** Jón Sigurðsson forseti og Ingibjörg Einarsdóttir kona hans eru jarðsett í Reykjavík en þau höfðu bæði látist í Kaupmannahöfn í desember 1879.

**1915** Einar Arnórsson verður ráðherra Íslands. Hann gegnir embættinu til ársins 1917.

**1924** Sumarólympíuleikar eru settir í París.

**1948** Hvalstöðin í Hvalfirði tekur til starfa.

**1979** Margaret Thatcher verður fyrsti kvenkyns forsætisráðherra Bretlands.

**1981** Læknar á Borgarspítalanum græða hönd á stúlku sem lenti í vinnuslysi í Sandgerði. Aðgerðin tekur 14 klukkustundir.

**1986** Solveig Lára Guðmundsdóttir er fyrst íslenskra kvenna til að vinna í prestskosningum. Hún fær flest atkvæði í kosningum á Seltjarnarnesi.

**1990** Stöð 2, Sýn og Bylgjan-Stjarnan sameina rekstur sinn.

**1990** Lettland lýsir yfir sjálfstæði.

**ÞETTA GERÐIST:** 4. MAÍ 1984

## *Umsátursástand í Vesturbænum*



Á þessum degi árið 1984 gekk maður um götur í Vesturbænum og skaut tugum haglabyssuskota á hús og bíla. Áður en lögreglan handtók manninn, sem var áberandi drukkinn, hafði hann meðal annars gengið um Vesturgötu, Framnesveg og Bakkastíg og skaut meðal annars á bíla á ferð. Að sögn sjónarvotta þótti þeim þó augljóst að hann ætlaði sér ekki að drepa neinn en þegar atgangurinn hófst voru börn meðal annarra úti við.

Lögreglan handtók manninn um klukkutíma eftir að tilkynning barst um skothríðina en maðurinn hafði þá búið um sig í bát í Daníelsslipp neðan við Mýrargötu en lögreglumenn nálguðust manninn í skotvestum, með táragasbyssur og haglabyssu. Mildi þótti að enginn slasaðist meðan á skothríðinni stóð en þó fékk maður nokkur hagl í andlitið en það kom ofan frá og var því orðið máttlaust þegar það hæfði hann og sakaði því í engu.

Byssumaðurinn var drifinn upp á Slysadeild Borgarspítala í blóðprufu þegar hann hafði verið handtekinn en hann var um þrítugt og hafði lítillega komið við sögu lögreglunnar áður.




**SKÓLI SÖNGSINS** „Lestrar- og íslenskukennslan er studd af þessari miklu sönghefð sem er til staðar í skólanum. Það er sungið í hverjum einasta bekk, alla morgna í tuttugu mínútur, og börnin læra ógrynni af ljóðum og vísum,“ segir Sigríður Anna Guðjónsdóttir, skólastjóri Ísaksskóla, sem er hér ásamt nemendum skólans. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**SKÓLI ÍSAKS JÓNSSONAR:** 85 ÁR FRÁ STOFNUN

# GAMLI ANDINN FANGAÐUR

Áttatíu og fimm ár eru frá því að einn helsti frumkvöðull í menntun og uppeldi yngri barna hérlendis, Ísak Jónsson, stofnaði einkaskóla sinn, Ísaksskóla. Sigríður Anna Guðjónsdóttir er skólastjóri Ísaksskóla.

„Við höldum í gömul, góð einkunnarorð, sem Ísaksskóli hefur staðið fyrir alla tíð, alveg frá dögum Ísaks: starf – þroski – háttvísi – hamingja,“ segir Sigríður Anna. „Þetta eru gildi sem við erum enn þann dag í dag að vinna eftir. Við vorum meira að segja í stefnumótun í vetur með framtíðarsýn skólans og allt starfsfólk skólans var sammála því að þessi gömlu gildi væru í heiðri höfð.“

Að sögn Sigríðar Önnu hefur sérstaða Ísaksskóla alla tíð verið sá metnaður sem lagður er í íslensku-, lestrar- og stærðfræðikennslu skólans, sem og náttúrufræði. Þá er mikið lagt upp úr aga nemenda og í skólanum er rík sönghefð.

„Lestrar- og íslenskukennslan er studd af þessari miklu sönghefð sem er til staðar í skólanum. Það er sungið í hverjum einasta bekk, alla morgna í tuttugu mínútur, og börnin læra ógrynni af ljóðum og vísum. Á þriggja vikna fresti er skipt um söngdagskrá en það er sérstök söngnefnd í skólanum sem velur lögin. Tvisvar í viku er svo söngur á sal. Foreldrar eru alltaf velkomnir að koma og fylgjast með söngnum.“ Á föstudagsmorgnum kl. 8.30 er fullt út úr dyrum hjá okkur þar sem foreldrar, systkini, ömmur og afar mæta til að hlusta.

Í skólanum eru börn á aldrinum fimm til níu ára en þau eru flest í 5 ára bekk, um 70 börn. Í heild eru yfir 200 börn í skólanum. Áður voru elstu nemendur skólans í 8 ára bekk en síðastliðin fjögur ár hafa níu ára börn stundað nám við skólann. „Okkur finnst það mikill kostur að geta nú fylgt börnunum í gegnum yngsta stigið en það hefur gefið okkur tækifæri til að láta nemendurna taka samræmd próf. Undanfarin ár hefur Ísaksskóli verið með hæstu einkunn í íslensku yfir landið allt. Svipað má segja um stærðfræðina – nemendur okkar voru fjórðu hæstir á landinu síðastliðið haust en hæst á höfuðborgarsvæðinu.“

Sigríður Anna segir að Ísaksskóli standi þó fyrst og fremst fyrir gamla andann, sem starfsfólk nái að viðhalda. „Gamlir nemendur sem koma hingað með börn sín og jafnvel barnabörn segja að þeir finni andann sem þeir upplifðu þá ennþá, finni jafnvel lyktina. Í sumum stofum hér eru ennþá gömul borð og stólar frá árinu 1954 sem standa enn fyrir sínu,“ segir Sigríður Anna og bætir við að bestu meðmælin séu þó að foreldrar sem hafi sent barn sitt í skólann sendi einnig önnur börn sín í hann.

juliam@frettabladid.is



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ragnheiður Bjarnadóttir**
Dalbraut 18, Reykjavík,

andaðist 27. apríl á Landspítalanum við Hringbraut. Jarðarför hennar fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 6. maí kl. 13.00.

**Ámundi Gunnar Ólafsson** **Sigrún Þórisdóttir**
**Lilja Ósk Ólafsdóttir** **Guðmundur A. Arason**
**Guðlaug Ingibjörg Ólafsdóttir** **Hilmar Þórisson**
**Júlíana Bjarndís Ólafsdóttir** **Jóhann Einars Guðmundsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn**



†

*Ástkær móðir okkar, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Margrét Benediktsdóttir**
áður til heimilis að Árvegi 2, Selfossi,

lést á hjúkrunarheimilinu Ljósheimum laugardaginn 30. apríl. Jarðarförin fer fram frá Selfosskirkju þriðjudaginn 10. maí kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Gigtarfélag Íslands eða Ljósheima Selfossi.

**Guðrún Halldórsdóttir** **Valdimar Valdimarsson**
**Guðmundur Eiríksson**
**Benedikt Eiríksson** **Helga Haraldsdóttir**
**Ingvar Daníel Eiríksson** **Eygló Gunnarsdóttir**
**Óli Jörundsson**
**Þorbjörg Henný Eiríksdóttir** **Bjarni Einarsson**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



†

*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ragnar Pálsson**
áður til heimilis að Hrísalundi 2a, Akureyri,

lést 21. apríl síðastliðinn á Hornbrekku, dvalarheimili aldraða Ólafsfirði. Útförin fór fram í kyrrþey 3. maí frá Höfðakapellu.

**Regína Ragnarsdóttir**
**Erling Ragnarsson** **Dagbjört Sigrún Torfadóttir**
**Örn Ragnarsson** **Svanhvít Ingjaldsdóttir**
**Úlfar Ragnarsson**
**Stefán Ragnarsson**
**Börkur Ragnarsson**
**Jóhannes Stefánsson**
**Anna Ragnarsdóttir**
**Þröstur Ragnarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Jónsdóttir**
Lækjarbakka 9, Steinsstaðabyggð, Skagafirði,
„Sigga frá Molastöðum“,

lést föstudaginn 29. apríl á deild A6 á Landspítalanum Fossvogi. Útför hennar fer fram frá Sauðárkrókskirkju laugardaginn 14. maí kl. 14.

**Kristján Kristjánsson**
**Rósa S. Eiríksdóttir** **Guðmundur Pálsson**
**Valdimar Eiríksson** **Selma Guðjónsdóttir**
**Helga G. Eiríksdóttir** **Einar Erlingsson**
**Jón Eiríksson** **Jóhanna Valgeirsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Valur Sigurðsson**
klæðskerameistari,
áður til heimilis að Skúlagötu 40,

lést á hjúkrunarheimilinu Grund mánudaginn 25. apríl. Útför hans fer fram frá Fríkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 5. maí kl. 15.00.

**Halldóra Ó. Guðlaugsdóttir**
**Arnbjörg Guðmundsdóttir** **Ólafur Jón Sigurðsson**
**Elín Guðmundsdóttir**
**Sigríður Guðmundsdóttir** **Finn Sörensen**
**Óli Valur Guðmundsson** **Jan-Ola Hjelte**
**barnabörn og barnabarnabörn**




MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Svansmerkt prentverk!
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 4. maí 2011 – 8. tölublað – 7. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir

**Vextirnir á uppleið**
Líkur eru á hærri stýrivöxtum víða um heim

2

**Tilhneiging til að búa til áhættu**
Joseph Stiglitz greinir heimshagkerfið

12-13

**Virkjun hugmynda**
Ingvar Hjálmarsson skrifar um sprota

6

## Hagnaður eykst í samdráttartíð

Olíuframleiðsla Atlantic Petroleum dróst saman um 18 prósent á milli ára í apríl, að því er fram kemur í umfjöllun IFS Greiningar í gær. Framleiðslan nam 73 þúsund tunnum af olíu.

„Þetta var heldur meiri mánaðarframleiðsla en við sáum á fyrsta ársfjórðungi," segir í umfjöllun IFS Greiningar og bent á að þrátt fyrir samdrátt í framleiðslu sé ljóst að tekjur félagsins hafi vaxið á milli ára. „Enda er olíuverð tæpum 30 prósentum hærra en á sama tíma í fyrra." - óká

## Dagvelta nam 94 milljónum

Heildarviðskipti með hlutabréf námu tæplega 1,7 milljörðum króna í apríl eða 94 milljónum á dag. Í mars var veltan hins vegar 18,8 milljarðar, eða 817 milljónir á dag.

„Mest voru viðskipti með bréf Icelandair 828 milljónir, bréf Marels 625 milljónir og bréf BankNordik 149 milljónir," segir í tilkynningu Kauphallarinnar.

Úrvalsvísitalan (OMXI6) lækkaði um 0,17 prósent milli mánaða og stendur í 998 stigum.

Heildarviðskipti með skuldabréf námu sem svarar 9,3 milljörðum á dag í apríl, samanborið við 8,8 milljarða á dag í mars. - óká

## HELST Í ÚTLÖNDUM

**KÍNVERJAR BJARGA SAAB**
Kínverskir fjárfestar hafa komið sænsku Saab-bílaverksmiðjunum til bjargar á síðustu stundu, en þeir samþykktu í gær að útvega 25 milljarða í fyrirtækið sem var að falli komið vegna skulda. Kínverska fyrirtækið Hawtai fær í staðinn 30 prósenta hlut í Saab, að sögn forstjóra Spyker Cars, aðaleiganda Saab. Hlutabréf í Spyker hækkuðu strax í verði við tíðindin.

**WALL STREET JOURNAL STÆRST**
Stærsta dagblað í Bandaríkjunum er nú viðskiptablaðið Wall Street Journal, en næst koma USA Today og New York Times. Að meðaltali er prentuð 2,1 milljón eintaka af Wall Street Journal, en 1,8 milljónir af USA Today og 1,3 milljónir af New York Times.



**LÚXUSVÖRUR TAKA VIÐ SÉR**
Markaðurinn fyrir munaðarvörur hefur vaxið mjög á heimsvísu undanfarið og er nú orðinn stærri en hann var fyrir kreppuna. Samkvæmt nýrri könnun, sem ítalskir framleiðendur létu gera, námu heimsviðskipti með munaðarvörur nærri 29.000 milljörðum árið 2010, sem er tólf prósenta aukning frá árinu 2009, þegar mikil lægð var í viðskiptunum í kjölfar kreppunnar.

# Ljósleiðaravæðingin vekur athygli ytra

**Gagnaveita Reykjavíkur hagnaðist um 471 milljón í fyrra. Uppbygging er kostnaðarsöm en skilar góðum tekjum yfir langan tíma, segir Birgir Rafn Þráinsson framkvæmdastjóri.**

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

Mikill áhugi er á uppbyggingu ljósleiðaranets Gagnaveitu Reykjavíkur, dótturfélags Orkuveitunnar, í öðrum löndum. „Margir vilja heyra um ljósleiðaravæðinguna í Reykjavík. Ástæðan er sú að þótt við séum fá og með smærra umfang en víða annars staðar þá höfum við unnið eftir plani sem gengur upp," segir Birgir Rafn Þráinsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitunnar.

Hann hélt erindi á stærstu ráðstefnu í heimi um ljósleiðaravæðingu í Mílanó á Ítalíu í febrúar og endurtekur leikinn á ráðstefnu póst- og fjarskiptastofnunar Grikklands í næsta mánuði.

Birgir segir horft til ljósleiðaravæðingar í Evrópu á næstu árum. Hún sé komin þar mislangt á veg. Þar eru fremst í flokki auk Íslands Noregur, Svíþjóð og Holland. Lengst er ljósleiðaravæðing heimilanna komin í Kóreu og Japan.

Gagnagveitan hefur tengt um 2/3 hluta af heimilum í Reykjavík, auk allra heimila á Akranesi, Seltjarnarnesi, Hellu og Hvolsvelli. Þetta jafngildir 58 prósentum þeirra 65 þúsund heimila sem stefnt er að verði tengd ljósleiðaranetinu í árslok 2014. Viðskiptavinir eru nú tólf þúsund talsins og bætast um fjögur hundruð við í hverjum mánuði.

Birgir segir íbúa höfuðborgarsvæðisins taka vel í það þegar spurt sé hvort þeir hafi áhuga á að fá ljósleiðaratengingu í hverfi sitt. Flestir taki á endanum allan pakkann, tengingu fyrir síma, sjónvarp og net. „Það sýnir að almenningur gerir sér grein fyrir að því ljósleiðaranetið sé framtíðarlausn fjarskipta fyrir heimiln," segir hann.

Ljósleiðaranet Gagnaveitunnar er farið að skila umtalsverðum tekjum. Þær námu einum milljarði króna í fyrra samanborið við undir átta hundruð milljónir í hittifyrra. Eignir nema tíu milljörðum króna en skuldir 7,2 milljörðum. Þar af eru 6,2 milljarðar gagnvart móðurfélaginu, Orkuveitu Reykjavíkur. Lánið er á gjalddaga á næsta ári. Birgir segist vongóður um að þetta eina lán verði framlengt. Önnur verði hins vegar endurfjármögnuð á almennum lánsfjármarkaði.

**LYKILTÖLUR GAGNAVEITUNNAR**

| Liður | Upphæð í milljónum kr. | |
|---|---|---|
| | 2010 | 2009 |
| Rekstrartekjur | 1.000 | 769,7 |
| Rekstrarhagnaður (EBITDA) | 636,6 | 482,1 |
| Rekstrarhagnaður (EBIT) | 274,6 | 166,4 |
| Eignir | 10.106,5 | 8.642,3 |
| Eigið fé | 2.901,1 | 1.603,1 |
| Skuldir | 7.205,4 | 7.039,2 |
| - við OR | 6.229,5 | 6.611,2 |
| - við aðra | 975,8 | 428,1 |
| Handbært fé frá rekstri | 510,2 | 295,3 |
| Hagnaður ársins | 417,7 | -249,8 |



# Komust ekki í gamla heimabankann

Biðröð myndaðist í útibúi Landsbankans í Reykjanesbæ í gær í kjölfar þess að hluti fyrrverandi viðskiptavina SpKef fékk ekki aðgang að heimabönkum sínum.

Kristján Kristjánsson, upplýsingafulltrúi Landsbankans, segir atvikið blöndu af tæknivandamálum og mannlegri hegðun. Landsbankinn hafi sent öllum viðskiptavinum SpKef bréf eftir yfirtöku Landsbankans á sparisjóðnum í mars síðastliðnum og tjáð þeim að þeir þyrftu að sækja sér ný aðgangsorð. Svo virðist hins vegar sem einhverjir hafi ekki lesið bréfið. Hægt var að komast í heimabankann í ákveðinn tíma eftir yfirtökuna á gamla aðgangsorðinu.

„Þetta var mikil yfirfærsla á útibúunum og eðlilegt að einhverjir hnökrar komi upp,“ segir hann.

Þeir sem komu í útibú Landsbankans í Reykjanesbæ fengu ný lykilorð, samkvæmt upplýsingum úr bankanum. - jab

# Ríkið ætti að fara á hlutabréfamarkað

Ríkið ætti að nýta sér þá fjármögnunarkosti sem bjóðast með skráningu opinberra fyrirtækja á hlutabréfamarkað. Slíkt getur hjálpað til við fjármögnun ríkisfyrirtækja á borð við Landsvirkjun, að sögn Páls Harðarsonar, forstjóra Kauphallarinnar.

Hann segir ríkið vart hafa litið á þennan möguleika. Norðmenn hafi gert það fyrir löngu en ríkisolíufélagið Statoil var skráð að hluta á hlutabréfamarkað í Osló og í Bandaríkjunum fyrir áratug.

„Við þurfum að hugsa upp á nýtt hvernig fjármögnun fyrirtækja er háttað,“ segir Páll og bendir á að erfitt sé að byggja á lánsfjármagni í sama mæli og áður. Fyrirtæki sem séu skráð geti í staðinn nýtt sér markaðinn til að treysta eiginfjárstöðu sína.

Páll var með erindi um horfur á hlutabréfamarkaði hjá VÍB, eignastýringu Íslandsbanka, í síðustu viku.

Þar kom fram að gert væri ráð fyrir fjölda nýskráninga á hlutabréfamarkað og yrðu fyrirtækin fimmtíu talsins í árslok 2015. Þau eru nú ellefu talsins. - jab



**FORSTJÓRINN** Forstjóri Kauphallarinnar segir hið opinbera geta styrkt fjármögnun ríkisfyrirtækja með því að skrá þau að hluta á markað líkt og í Noregi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## BANKABÓKIN

**Samanburður á vaxtatöflum bankanna**

| | Hæstu innlánsvextir | Yfirdráttarvextir eru hæstir | Yfirdráttarlán fyrirtækja |
|---|---|---|---|
| Arion banki | Markaðsreikningur 1,25%[A] | 11,25% | 11,20% |
| Íslandsbanki | Vaxtaþrep 1,90% | 11,20% | 11,20% |
| Landsbankinn | Vaxtareikningur 1,15%[B] | 11,20% | 11,20% |
| MP BANKI | MP Sparnaður 2,00% | 11,05% | 9,40 til 11,05% |
| BYR | PM-reikningur 2,00% | 11,15% | 11,10 til 11,20% |
| SPARISJÓÐURINN | Netreikningur 2,00% [C] | 11,30% | 11,25% |
| S24 ...og þú hagnast | Sparnaðarreikningur 1,80% | 10,25% | Ekki í boði. |

**Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. [A] Bundinn í tíu daga. [B] Bundinn í sjö daga. [C] Úttektargjald hjá gjaldkera 0,25%*

*Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarreikningum.*

# Konur með yfirhöndina á samskiptavefjum

Konur eru í meirihluta í ákveðnum geira tölvuleikjaspilunar, að því er fram kemur í nýrri rannsókn sem danska viðskiptablaðið Berlingske Tidende greinir frá.

Berlingske segir nýja rannsókn IBISWorld leiða í ljós að á meðan stöðnun sé á markaði leikjatölva á borð við Playstation og Xbox sé uppgangur á markaði leikja fyrir farsíma og netleikja á samkiptasíðum á borð við Facebook.

Drengir og karlar eru enn í meirihluta þeirra sem leika tölvuleiki í einka- og leikjatölvum. Þegar kemur að farsímaleikjum og netleikjum á samskiptasíðum sýnir rannsóknin hins vegar 54 prósenta þátttöku kvenþjóðarinnar. Nánari greining sýnir svo að hlutfall kvenna nær allt að 70 prósentum í samskipta- og/eða hlutverkaleikjum.



**LEIKUR SÉR** Stúlkur spila leiki á netinu og í smátækjum, en síður í leikjatölvum og venjulegum. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Farmville er dæmi um vinsælan leik. Virkir notendur eru um 47 milljónir. Leikurinn er ókeypis en hægt er að kaupa viðbætur fyrir smáar upphæðir. Ætlaðar tekjur af leikjunum næstu þrjú ár nema fjórtán milljörðum danskra króna, eða yfir 300 milljörðum íslenskra króna. - óká

# Seðlabankar hækka stýrivexti bráðlega

## Evrópski seðlabankinn hækkaði stýrivexti fyrir skömmu. Fleiri bankar eru taldir feta í fótspor hans til að draga úr verðbólgu. Asíuríkin glíma við þenslu í hagkerfinu.

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**
skrifar

Almennt er búist við að helstu seðlabankar heimsins séu að snúa frá lágvaxtastefnu sinni sem verið hefur við lýði í á þriðja ár í baráttu sinni gegn verðhækkunum á olíu- og matvörumarkaði sem hefur keyrt upp verðbólgu víða um heim.

Evrópski seðlabankinn reið á vaðið í nýliðnum mánuði og hækkaði stýrivexti um fjórðung úr prósentustigi. Við það fór vaxtastig úr einu prósenti í 1,25 og hefur það ekki verið hærra í tæp þrjú ár. Helsta ástæðan fyrir vaxtahækkuninni er sú að verðbólga jókst á evrusvæðinu í mánuðinum, fór úr 2,7 prósentum í mars í 2,8 prósent. Það er tæpu prósentustigi yfir verðbólgumarkmiðum evrópska seðlabankans. Vaxtahækkun hefur af sömu ástæðu legið um skeið í loftinu í Bandaríkjunum og Bretlandi, sem bæði flagga lægstu stýrivöxtum í sögulegu tilliti.

Bloomberg-fréttastofan hefur eftir fjármálasérfræðingum í Evrópu að aðstæður séu slíkar á myntsvæðinu að sennilegt sé að vextir verði hækkaðir frekar í næsta mánuði, jafnvel að þeir verði komnir í 1,75 prósent fyrir árslok.

Jens Sondergaard, hagfræðingur hjá fjármálafyrirtækinu Nomura International í London, segir í samtali við fréttastofuna vaxtahækkun geta hamlað því að fasteignamarkaðurinn nái sér á strik eftir dýfu í fjármálakreppunni. „Það hefur dregið úr eftirspurn húsnæðislána. Við teljum að fólk viti ekki í hvorn fótinn það á að stíga,“ segir hann.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, AGS, varaði nýverið við að aukin verðbólga geti haft neikvæð áhrif í Asíu, ekki síst á íbúa landanna. Mælt var með því að seðlabankar í álfunni bregðist við með aðhaldssamari fjármálastefnu en fram til þessa hafi tíðkast.



**HORFT Á TÖLURNAR** Miðlarar víða um heim fylgjast grannt með þróun og hræringum í efnahagsmálum heimsins. Þessi starfar hjá kauphallarsamstæðunni NYSE-Euronext í Bandaríkjunum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Indverjar hafa ekki látið sitt eftir liggja. Seðlabanki landsins hækkaði stýrivexti í gær um hjá líða og hækkuðu stýrivexti um hálft prósentustig og fór vaxtastig við það í 7,25 prósent. Breska ríkisútvarpið segir þetta snarpari hækkun en búist hafi verið við. Þetta var níunda stýrivaxtahækkun bankans á rúmu ári og liður í að draga úr þenslu efnahagslífsins. Verðbólga á Indlandi mældist 8,9 prósent í mars. Búist er við að aðgerðin muni draga hagvöxt niður í átta prósent á árinu.

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 53919 03/2011




ER ÞITT FYRIRTÆKI MEÐ SAMNING?

Fyrirtæki sem eru með samning við Icelandair njóta þess í hagkvæmari rekstri, betri tímanýtingu og ánægðara starfsfólki.

Hlunnindi sem fyrirtækjasamningur veitir:

- Sérstakur ferðaráðgjafi hefur umsjón með hverju fyrirtæki.
- Neyðarnúmer sem er opið allan sólarhringinn – alla daga ársins.
- Afsláttur sem býðst af fargjöldum til áfangastaða Icelandair.
- Nákvæmt viðskiptayfirlit á vefnum.

+ Allar nánari upplýsingar á www.icelandair.is/fyrirtaeki eða sendið fyrirspurnir á fyrirtaeki@icelandair.is

ICELANDAIR

# 5,2 – 8,1 L/100 KM.
# GERI AÐRIR BETUR!

KANGOO II EXPRESS
VERÐ: **2.790.000** M. VSK.
**1,5 DÍSIL - 86 HÖ - 5,2 L/100 KM***

NÝR!



**ÓDÝRARI Í REKSTRI EN METANBÍLL****

TRAFIC
VERÐ FRÁ: **3.990.000** M. VSK.
**2,0 DÍSIL - 115 HÖ - 7,5 L/100 KM***



MASTER MILLILANGUR – VÆNTANLEGUR
VERÐ FRÁ: **4.990.000** M. VSK.
**2,3 DÍSIL - 125 HÖ - 8,1 L/100 KM***

NÝR!



www.renault.is

**RENAULT – Í LIÐI MEÐ ATVINNUREKENDUM Í 100 ÁR.** Það er ekki að undra að Renault sé stærstur á sviði sendibíla í Evrópu. Eftir meira en 100 ár í bransanum vita þeir hjá Renault hvað skiptir mestu máli þegar bíllinn er vinnustaðurinn þinn: áreiðanleiki, sveigjanleiki og ekki síst þægindi. Þeir vita líka að hagkvæmnin verður að vera í fyrirrúmi hjá þér sem atvinnurekanda. Master býður gríðarstórt flutningarými og er fáanlegur í nær óendanlega mörgum útfærslum, Trafic er þægilegur bíll í millistærð sem léttir starfsdag margra iðnaðarmanna og Kangoo er bíllinn sem er svo miklu stærri en hann sýnist.

RENAULT

*Blandaður akstur. ** Miðast við akstur innanbæjar á nýjum Renault Kangoo 1,5 dísil annars vegar og nýjum VW Caddy 2,0 ECO Fuel (Metan) hins vegar.



**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

# Alþjóðlegir fjármálamarkaðir

## að búa til

**Efnahagslegu heilsufari heimsins verður ekki öðruvísi lýst en að það sé bágborið, segir Nóbelsverðslaunahagfræðingurinn Joseph Stiglitz. Í fyrirlestri,sem *Óli Kristján Ármannsson* sat í Washington í Bandaríkjunum í tengslum við vorfund AGS fjallaði Stiglitz meðal annars um einkenni bóluhagkerfa, gagnsemi gjaldeyrishafta og vandann við að fá lönd í ólíkri stöðu til að ganga í takt í efnahags- og kerfisumbótum.**

Efnahaglegu heilsufari heimsins verður ekki þannig lýst að það sé í góðu lagi,“ segir Joseph Stiglitz, Nóbelsverðlaunahagfræðingur. Í fyrirlestri sem hann hélt fyrir hóp blaðamanna sem boðið var á vorfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og Alþjóðabankans í Washington í Bandaríkjunum um miðjan apríl fór Stiglitz yfir ástandið á helstu efnahagssvæðum, velti fyrir sér orsökum fjármálakreppunnar og til hvaða ráða þyrfti að taka til þess að sagan endurtæki sig ekki.

„Óumdeilt er að staða ólíkra heimshluta er afar misjöfn. Nýmarkaðslönd standa frammi fyrir hættunni á ofhitnun hagkerfa sinna með tilheyrandi verðbólgu en flest standa sig afskaplega vel. Í Bandaríkjunum og Evrópu er ástandið ennþá mjög brothætt. Tölur um efnahagsbata eru þó aðeins betri í Bandaríkjunum en í Evrópu, en ég tel engu að síður að varast ætti að lesa of mikið í þær,“ segir Stiglitz og bendir á að í Bandaríkjunum sé staðan enn sú að nærri einn af hverjum sex sem leiti sér að fullri vinnu fái hana ekki og atvinnuleysi meðal einstakra hópa sé yfir tvöfalt meira en nemi meðalatvinnuleysi. Þá séu enn vandamál á bandarískum fasteignamarkaði vegna þess að eignaverð falli enn og það eigi líka við um sum önnur lönd svo sem Spán. „Mjög lítið hefur verið gert í endurskipulagningu skulda. Væntingar eru um að nálægt tveimur milljónum Bandaríkjamanna missi heimili sín á þessu ári og bætist þar með í hóp þeirra nálægt sjö milljóna sem þegar hafa misst heimili sín.“ Tæpur fjórðungur þeirra sem á annað borð skulda húsnæðislán í Bandaríkjunum skuldar umfram húsnæðiseign sína. „Ég held því ekki að nokkur gæti lýst þessu sem heilbrigðu efnahagslífi,“ segir Stiglitz.

### STIGLITZ Í HNOTSKURN

**Nafn:** Joseph Eugene Stiglitz

**Fæðingardagur:** 9. febrúar 1943

**Þjóðerni:** Bandaríkjamaður, fæddur í gyðingafjölskyldu í bænum Gary í Indiana-ríki. Foreldrar hans voru Charlotte og Nathaniel Stiglitz.

**Starfi:** Hagfræðingur og prófessor við Columbia-háskóla í Bandaríkjunum. Þá er hann ráðgjafi fjölda alþjóðastofnana, ríkisstofnana, skóla og ríkisstjórna um heim allan og einn af eftirsóttustu fyrirlesurum heims. Stiglitz er einnig höfundur ótal greina og bóka um hagfræði. Ferilskrá Stiglitz er aðgengileg á vef Columbia-háskóla og hans eigin vef (www.josephstiglitz.com), en hún telur 58 blaðsíður. Fyrsta prófessorsstaða Stiglitz var við Yale-háskóla í Bandaríkjunum árið 1970.

**Menntun:** BA frá Amherst College, 1964. Doktorspróf í hagfræði frá MIT 1966-1967. Þá hlaut hann MA-gráðu frá Cambridge-háskóla í Bretlandi árið 1970 og MA frá Oxford árið 1976.

**Heiðursnafnbætur:** Stiglitz er heiðursdoktor við yfir fjörutíu háskóla um heim allan.

**Verðlaun:** Nóbelsverðlaunin í hagfræði hlaut Stiglitz árið 2001, en hefur bæði fyrir og eftir þann tíma hlotið ótal verðlaun og viðurkenningar fyrir störf sín.

Vegna kreppunnar jókst hallarekstur og við hann fást nú lönd heimsins. Stiglitz bendir á að vegna sparnaðar í mörgum stórum löndum sé kippt úr sambandi einum helsta drifkrafti uppsafnaðrar eftirspurnar í heimshagkerfinu. Hann segir líklegt að aðhaldsaðgerðir í þessum löndum geti leitt til hægari vaxtar og niðursveiflna. „Merki um þetta sjást víða, svo sem í Grikklandi, Írlandi og Lettlandi þar sem samdráttur er þegar hafinn. Og nú bætist Bretland í hópinn.“ Stiglitz bendir á að lítil áhrif hafi þótt land á borð við Írland geri mistök sem kalli á aukið aðhald. „En þegar svo mörg lönd fara inn í sparnaðarástand gæti það haft áhrif á heimsvísu.“ Stiglitz telur þó að lönd í Asíu og á öðrum nýmarkaðssvæðum, þar sem vöxtur hefur verið mikill, svo sem í Kína, geti viðhaldið vexti sínum þrátt fyrir sparnað á heimsvísu. „Í þessum löndum hefur orðið til miðstétt sem getur viðhaldið vextinum, þótt það verði ekki auðvelt.“

#### SAMSPIL NEYSLU OG SPARNAÐAR

Sé horft á heildartölur um hagvöxt í heiminum segir Stiglitz þær alls ekki slæmar, en í nýrri spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er gert ráð fyrir að hann verði 4,4 prósent á þessu ári og því næsta. „En það er þessi blanda af mjög miklum vexti í Asíu og víðar og litlum vexti í Bandaríkjunum og víðar sem getur búið til vandamál,“ segir hann, en kveðst þó ekki vilja spá vandkvæðum, enda ekki hægt að spá fyrir um hegðun markaða. Hann segir þó að ekki kæmi á óvart þótt upp kæmu sambærileg vandamál og áður hafi sést.

„Ójafnvægi á heimsvísu er dæmi um eitt af þessum stóru málum sem ólíklegt er til að verða leyst í nánustu framtíð. Um þetta hefur verið rætt í fjölda ára,“ segir Stiglitz en áréttar um leið að uppruna síðustu kreppu sé ekki að leita í ójafnvægi á milli landa. „En það veldur áhyggjum því þar gæti orðið til uppspretta næstu kreppu. Þverrandi traust getur grafið undan gengi gjaldmiðla og miklar verðbreytingar geta haft raunveruleg áhrif á skuldastöðu og raunhagkerfið.“

Þá segir Stiglitz að gengisskráning kínverska júansins sé ekki í raun það sem skapi vandamál í Bandaríkjunum, en Bandaríkjamenn hafa þrýst á um styrkingu þess. „Raungengið skiptir máli, ekki nafngengið. Leiðrétting á sér stað, hvort heldur sem það er í gegnum verðlag eða nafngengi. En við þurfum líka að hafa í huga að fyrir kreppuna var heilmikil leiðrétting gerð á gengisskráningunni í Kína, allt upp í fimmtán prósent.“ Þá segir Stiglitz að fleira skipti máli. „Ég held að taka verði á þessum vanda hallarefksturs með endurreisn hagvaxtar í heiminum. Með meiri vexti á leiðrétting gengisskráningar auðveldara með að eiga sér stað. En leiðrétting á gengisskráningu ýtir ein og sér ekki undir hagvöxt. Og rétt eins og aukinn hagvöxtur vinnur á hallarekstri þá draga sparnaðaraðgerðir úr vexti,“ segir hann.

Á fundi G20-ríkjanna í Pittsburgh í Bandaríkjunum í byrjun síðasta mánaðar segir Stiglitz einnig hafa verið snert á vandamálum sem tengdust ójafnvægi í heiminum. „Stóra myndin sem þar var dregin upp var að Bandaríkin þyrftu að spara meira og Kína að auka neysluna. Í þessu sjónarmiði er nokkur sannleikur. Ég tel enn að ráðdeild sé dyggð og að heimurinn komist ekki af ef öll lönd taka upp lifnaðarhætti Bandaríkjanna. Að biðja önnur lönd um að taka upp neysluhætti í takt við Bandaríkin er uppskrift að hörmungum. Það þarf því að finna aðra lausn og ég tel að sú rétta liggi fyrir.“



**Í HÖFUÐSTÖÐVUM AGS Í WASHINGTON Í BANDARÍKJUNUM** Joseph E. Stiglitz flutti erindi og svaraði s
Bandaríkjunum um miðjan apríl.

Vandinn fyrir fjármálakreppuna 2008 segir Stiglitz að hafi verið að alþjóðlegir fjármálamarkaðir hafi ekki staðið sig í stykkinu. „Þeir áttu að taka sparnað og endurvinna og endurnýta þar sem mikinn þjóðfélagslegan ávinning er að finna. Hvar er það? Til dæmis í endurhönnun heimshagkerfisins til að takast á við hlýnun jarðar og í þróunarverkefnum í Afríku og í öðrum vanþróuðum ríkjum. Í þessum hlutum heimsins bráðvantar fjármagn. Þangað fóru peningarnir hins vegar ekki, heldur á staði sem ekki skiluðu þjóðfélagslegum ávinningi.“

#### AUKIN MISSKIPTING ER KREPPUVALDUR

Verkefnið sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir er að mati Stiglitz að finna út úr því hvar koma megi fjármagni til nýtilegra starfa. „Ein hlið á þeim peningi er að búa til ferli sem dreifir áhættu um heiminn og aðstoðar við að deila áhættunni sem fylgir þessum verkefnum. Og í þessu endurspeglast líka annar veikleiki alþjóðlegra fjármálamarkaða. Þeir standa sig ekki vel í að eiga við áhættu. Þeir eru góðir í að búa til áhættu.“

Í fyrirlestri Stiglitz tók hann einnig upp þráð sem Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, nefndi nýlega í ræðu. „Hann fjallaði þar um vandamál misskiptingar auðs. Ég held að sterk tengsl séu á milli aukinnar misskiptingar og þeirra vandkvæða sem heimurinn stendur frammi fyrir. Gleggst er birtingarmynd þessarar misskiptingar í Bandaríkjunum, þar sem um fjórðungur þeirra tekna sem aflað er rennur í dag til eins prósents þjóðarinnar. Og þetta eina prósent ræður yfir um fjörutíu prósentum auðsins.“ Tenging misskiptingarinnar yfir í efnahagslegar óstöðugleika segir Stiglitz að eigi sér margar hliðar. „Ein er að vöxturinn á toppnum er í raun á kostnað miðjunnar og botnsins. Tekjur þeirra í miðið eru í dag lægri en þær voru fyrir áratug.“

Leið Bandaríkjanna til að taka á þessari misskiptingu var að hvetja fólk til að haga neyslu sinni eins og að tekjur þess væru enn að aukast. „En á meðan tekjur lækka er ekki hægt að neyta eins og þær væru að hækka nema með því að auka skuldir sínar.“ Með lélegu eftirliti og lágum vöxtum segir Stiglitz svo að Seðlabanki Bandaríkjanna hafi búið til jarðveg bólu sem gert hafi fólki kleift að auka skuldir sínar. „En það er ekki lengur hægt. Og þegar tekjum er endurúthlutað frá þeim sem hefðu eytt þeim til þeirra sem gera það ekki er niðurstaðan veikt efnahagslíf,“ segir hann og vísar til þess að gerðar hafi verið margar rannsóknir, meðal annars hjá AGS, sem bendi til tengsla misskiptingar og veikleika í heimshagkerfinu.

„Annað sem ég vildi nefna er að al-



**Hallgrímskirkja** er ein af tíu fallegustu kirkjum heims samkvæmt ferðavefnum www.budgettravel.com. Aðrar kirkjur á listanum eru til að mynda dómkirkjan í Mílanó, stafkirkjan í Borgund í Vestur-Noregi, Las Lajas í Kólumbíu og La Sagrada Família í Barcelona.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473



**Blöndunartæki**
fyrir heita potta 52 l./mín.
Mjög afkastamikið tæki.
Hringás
**Hringás ehf - Skemmuvegur 10 (blá gata) - 200 Kópavogur - Sími: 567 1330**

White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

praxis
...þegar þú vilt þægindi
Leðurskór. Svartir.
Verð á par 14.990 kr.
California, með hrágúmmísóla.
Til í svörtu og hvítu. Stærðir 35-46. Verð 12.990
Verona sportskór. Til í svörtu og hvítu.
Stærðir 36-42. Verð 7.900 kr.
**Opið mán. – fös. kl. 11–17**
**Lokað á laugardögum**
**Boníto ehf. Praxis,**
**Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is**


**Von er á um fjörutíu samkynhneigðum björnum til landsins í september á uppákomuna Bears on Ice.**



Hópur bjarna sem kom hingað til lands í fyrra í tilefni af viðburðinum Bears on Ice.

# Dansandi draumabirnir kvikmyndaðir á Íslandi

Uppákoman Bears on Ice sem haldin verður 8. til 11. september næstkomandi er stíluð inn á svokallaða birni eða „bears“. Það er heiti á samkynhneigðum körlum sem eltast ekki við staðalímynd hommans og eru oftar en ekki þybbnir, sköllóttir og með skegg. Sumsé sannir karlmenn. „Von er á mönnum frá löndum á borð við Bretland, Þýskaland, Kanada, Frakkland og Bandaríkin, líklega í kringum fjörutíu til fimmtíu talsins,“ segir Ísar Logi Arnarsson, sem er einn þeirra sem standa að uppákomunni.

Þetta verður í sjöunda sinn sem Bears on Ice er haldin en í þetta sinn munu áhugaverðir gestir fylgja hópnum. „Breskur sjónvarpsframleiðandi og leikstjóri, Jonathan Robinson, mun mynda viðburðinn en hann hefur myndað samkomur hinna svokölluðu bjarna um allan heim, en kemur nú til Íslands í fyrsta sinn,“ segir Ísar en með Robinson kemur all sérstæður skemmtiflokkur. „Hann kallast The Dreambears og er skipaður þremur þéttum og bangsalegum mönnum sem syngja og dansa og munu skemmta hópnum hér á landi,“ segir Ísar glaðlega en sjálfur mun hann þeyta skífum í partíum sem haldin verða fyrir hópinn sem kemur hingað til lands.

Þó að skemmtanalífið sé vissulega aðdráttarafl munu mennirnir þó einnig upplifa náttúru landsins. „Þeir fara í Bláa lónið, gullna hringinn og jafnvel í hvalaskoðun,“ upplýsir Ísar og segir fyrri hópa ávallt hafa skemmt sér vel.

Sambærilegar uppákomur eru haldnar víða um lönd og eru oft mjög umfangsmiklar. „Til dæmis er haldin risastór hátíð í Barcelona á hverju ári og þá fyllist borgin af hamingjusömum böngsum,“ segir Ísar. Hér á landi hefur hátíðin hins vegar verið smá í sniðum. „Það hefur verið stefnan að halda þessu smáu enda kynnast menn mun betur þannig,“ segir hann. Ísar bendir á vefsíðuna www.gayice.is fyrir þá sem vilja kynna sér þennan viðburð nánar.

*solveig@frettabladid.is*


ÞÚ GÆTIR UNNIÐ 200 LÍTRA AF ELDSNEYTI
ER KOMINN TÍMI Á SKOÐUN?
Einn heppinn viðskiptavinur dreginn út vikulega í maí. Nánar á adalskodun.is.
ATLANTSOLÍA
Þarft þú að láta skoða bílinn þinn? Á meðan skoðunin fer fram getur þú látið fara vel um þig í biðstofunni, fengið þér kaffisopa og gluggað í tímarit.
**Við hvetjum þig til að koma tímanlega með bílinn í skoðun**
Aðalskoðun, faggildur skoðunaraðili í 16 ár
Aðalskoðun
www.adalskodun.is
**Reykjavík** Skeifunni 5 Sími 590 6930
**Hafnarfjörður** Hjallahrauni 4 (við Helluhraun) Sími 590 6900
**Kópavogur** Skemmuvegi 6 (bleik gata) Sími 590 6935
**Reykjanesbær** Holtsgötu 52 (við Njarðarbraut) Sími 590 6970
**Opið kl. 8–17**
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 11-1035



**Snæfellsstofa,** gestastofa Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs, hefur verið opnuð. Þar er margmiðlunarsýning um lífríki þjóðgarðsins, minjagripaverslun og kaffisala.

# Eru oftast á léttu nótunum

**Félagarnir í Karlakór Kjalnesinga eru ekki bara söngvarar heldur líka útivistar- og ferðamenn. Kórinn heldur upp á tvítugsafmæli með tónleikum í Langholtskirkju, á fjallatoppum Íslands og í Eistlandi.**



Páll ætlar með harmonikuna á Esjuna í sumar þegar Karlakór Kjalnesinga verður með konsert á toppnum. En fyrst eru afmælistónleikar í Langholtskirkju í kvöld og á laugardagskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við erum búnir að bralla margt. Það væri ábyggilega efni í hálfa bók,“ segir Páll Helgason tónlistarmaður um starf sitt með Karlakór Kjalnesinga sem hann hefur stjórnað frá stofnun árið 1991. Afmælistónleikar verða í Langholtskirkju í kvöld og næsta laugardag. Þeir hafa yfirskriftina Trallað með Palla í 20 ár og þar verður flutt brot af því besta á ferlinum. Með kórnum koma fram einsöngvarar og hljómsveit og sérstakur gestasöngvari verður Guðrún Gunnarsdóttir.

En kórinn gerir meira en að syngja við hátíðleg tilefni í samkomuhúsum og kirkjum, því hann klífur líka fjöll og fer í útreiðartúra saman. „Þetta eru dálitlir útivistarkarlar, bæði göngumenn og hestamenn,“ útskýrir Páll. Hann segir tónleika haldna á fjöllum og öðrum áningarstöðum og sjálfur sjái hann um undirleik á harmoniku þegar þörf krefji.

Í vor hefur kórinn farið í tvær fjallaferðir, aðra á Esjuna og hina á Skjaldbreið. Áformað er að endurtaka Esjugönguna því sú fyrri endaði uppi hjá Steini vegna hálku. Næst á að fara upp á topp. Lagið Vorkvöld í Reykjavík hefur verið æft sérstaklega fyrir Esjukonsertana enda hefst það á hendingunni Svífur yfir Esjunni sólroðið ský.

„Við erum oftast á léttu nótunum en tökum líka hefðbundin karlakóralög, Brennið þið vitar og allan þann pakka,“ segir Páll.

Kórinn á nokkrar utanlandsferðir að baki og í sumar er förinni heitið til Pétursborgar og Tallinn. „Við syngjum með Eistunum í ágúst,“ segir Páll sposkur. Þar með lýkur langri og farsælli samleið hans og kórsins. „Nú er 20 ára starfsafmæli og þá ákvað ég að hætta, enda orðinn 67 ára og ágætt að fara að lækka flugið. Ég vil fara áður en kórfélagar þurfa að stugga við mér.“ Bætir svo við: „En ég hef auðvitað haft gríðarlega gaman af þessu starfi og á ábyggilega eftir að hanga eitthvað í kringum strákana. Þetta eru fínir drengir allt saman.“

*gun@frettabladid.is*


**KAUPMANNAHÖFN - LA VILLA**
Guesthouse á besta stað í bænum.Stúdíoíbúðir og herbergi. Geymið auglýsinguna.
www.lavilla.dk. GSM. 0045 2848 8905



í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið
Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufrítt og smellt saman
Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609
KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS
OPIÐ 08:00 - 17:00

**VINNUVÉLANÁMSKEIÐ**
Nýtt námskeið hefst 6. maí

Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.
Eco Driving
UPPLÝSINGAR OG INNRITUN Í SÍMA 588-1414

**ALLIR ÚT AÐ HJÓLA**


Mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja
mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla
Bíldshöfða 12 · 110 RVK · 577 1515 · www.skorri.is

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

**ÖRGÖNGUR MEÐ FÍ**
Stuttar kvöldgöngur um áhugaverðar leiðir í nágrenni Reykjavíkur.
Fyrsta gangan um nágrenni Grafarholtsins verður miðvikudaginn 4. maí. Lagt verður af stað frá vatnsgeymunum kl: 19.
Fararstjórar: Höskuldur Jónsson og Guðlaug Sveinbjarnadóttir
Skráðu þig inn – drífðu þig út
Ferðafélag Íslands

**ÍSLENSKT KISUNAMMI**
Harðfisktöflur sem kisur elska
VINSÆL VARA


Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

*Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?*

**EBBA GUÐNÝ** kennir hvernig búa má til hollan og góðan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri.

NÝTT NÁMSKEIÐ!
Miðvikudaginn 18. maí kl. 20:00 - 22:00
Námskeiðið verður haldið í Heilsuhúsinu Lágmúla 5. Hægt er að skrá sig á netfangið: ebba@pureebba.com eða í síma 775 4004.
Verð kr. 4.200,-
*Ath! Takmarkaður fjöldi.*
www.heilsuhusid.is
heilsuhúsið

## Bátar



**Handfærarúllur**
BJ5000 Handfærarúllur. Allt til handfæraveiða Sjóvélar ehf. 5533311 www.sjo.is

Til sölu 4ra metra Avon slöngubátur + Johnson 15 hö. V. 275 þús. S. 844 0478.

## Bílaþjónusta




MOTHERS Bón & Bílhreinsivörurnar fást hjá WWW.MOTHERS.is og hjá Höfðabílum Fosshálsi 27 fyrir ofan Ölgerðina S.8982832 eða mothers@mothers.is

## Hjólbarðar




Óska eftir notuðum jeppadekkjum 38-40" fyrir 15" felgur. Uppl. 616 6368.

**!!!TIL SÖLU!!!**
Ný næstum ónotuð Firestone Dekk til sölu P 215/75 R15 Gerð winterforce. Uppl: 772-6238 /Einar b.

## Varahlutir




Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.




**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.**
Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11.

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315 & 699 6069.

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö Þrif&Hreinlæti S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Garðyrkja




**TRJÁKLIPPINGAR**
Klippi, felli og snyrti tré og runna. Alm. garðavinna. Ágúst Haukur garðyrkjufræðingur s. 848 9600.

**Trjáklippingar**
Trjáfellingar og runnaklippingar. Alhliða garða þjónusta. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. Sími : 848 1723.

**Garðaumsjón:**
Felli tré, grisja og snyrti. Hagstæð kjör. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215.

**Er mosinn að eyðileggja grasflötinn!**
Erum með góðar lausnir við því. Eiríkur S. 669 0011.

Tökum að okkur jarðvegsskipti og hellulagnir gerum föst verðtilboð S 7743900




Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokartþjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig viðgerðir á fjórhjólum. JS Vélaverkstæði. S. 554 0661.




Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og grisjun gróðurs ásamt því að fá tilboð í sumarverkin. Ánægðir viðskiptavinir frá 1988! Garðar best ehf. Sími 698 9334 gardarbest.is netfang: gardarbest@gardarbest.is Facebook: Garðar best.












**Garðaþjónusta Reykjavíkur 20% afsláttur eldri borgara og húsfélög.**
Öll almenn garðvinna á einum stað fyrir garðinn þinn. Trjáklippingar Beðahreinsanir, Trjáfellingar, garðaúðanir, þökulagnir,sláttur, hellulagnir ofl. Fagleg vinnubrögð og sanngjarnt verð. Eiríkur, S. 669 0011. Þórhallur S. 772 0864.




## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar




**20% afsláttur fyrir öryrkja og eldri borgara**
Fagleg vinnubrögð. Margra ára reynsla. Fáðu tilboð strax í dag, þér að kostnaðarlausu. Haukur, S. 777 2722.

**Málarameistari**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald







Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is




MÚRUN MÁLUN SMÍÐI FLÍSALÖGN... Iðnaðarmenn óska eftir verkefnum. Allt viðhald og breytingar, úti sem inni, fjölbýli, einbýli... Böð, eldhús... S. 699 5678

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Tölvur




Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvin.

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun, kem/sæki/sendi afsl. FEB&ÖBÍ Stefán 821 6839.

## Nudd

Whole body massage. S. 849 5247.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Great whole body message S: 696 4399.

## Spádómar

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Rafvirkjun




**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

Lögg. Rafvirki getur tekið að sér verkefni. Gott verð í boði. Uppl. S: 698 1524.

**Raflagnir, dyrasímar. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki.

## Til sölu







Notaðar þvottavélar, ísskápar og frystikistur yfirfarið af fagmanni til sölu. Gott úrval. Uppl. í s. 693 7141.

**ÞVOTTAVÉLAR, VARAHLUTIR**
Til sölu notaðar þvottavélar, þurrkarar, 5-10 kg. og uppþvottavélar. Tökum bilaðar vélar uppí. Varahlutir á góðu verði. Opið alla daga 10:00- 18:00 Síðumúla 37 Kjallara, 108 Rvk 847 5545.

## Gefins

Dúfur fást gefins. Uppl í s. 849 3230

## Óskast keypt

**Kaupum ýmislegt gamalt dót**
**30 ára og eldra, t.d. húsgögn, ljósakrónur, hansahillur, leirtau, veski, dúka, spegla, skartgripi, leikföng og fl. og fl. (óskum einnig eftir dánarbúum)**
**Fríða frænka, Vesturgata 3,**
**Opið mánud - föstudaga 12-18 og laugard 12-14.**
**S. 551 4730 & 864 2223.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.**
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.**
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**KAUPUM GULL**
**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja.**
**Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854**
**www.siggaogtimo.is**

**Carat - Haukur gullsmiður Smáralind - Kaupum gull og silfur**
**Staðgreiðum gull og silfur í verslun okkar.**
**Upplýsingar í s. 577 7740**

Óska eftir að kaupa Goffi Jolly stillansa (frá Kvörnum) Uppl. í síma 899-2585 Kiddi.

## Verslun







## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**Nudd**
Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

BODYNUDD! Unaður, slökun og vellíðan. Þú átt það skilið. Uppl. og tímap. í síma 848 6255.

Kínverskur nuddari og læknir getur hjálpað þér að losna við ýmsa verki og kvilla með nuddi og nálastungu. Hamraborg 20A Sími: 564 6969.

## Til sölu



# r hafa verið duglegri
# áhættu en draga úr henni



purningum blaðamanna sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði boðið á vorfund sjóðsins og Alþjóðabankans í
FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

## Talaði fyrir breyttri verðtryggingu

### Joseph Stiglitz sótti Ísland heim haustið 2009.

Þegar Nóbelsverðlaunahagfræðingurinn Joseph Stiglitz sótti Ísland heim réttu ári eftir hrun, í septemberbyrjun 2009, gagnrýndi hann það fyrirkomulag sem hér er viðhaft við verðtryggingu lána. Hann talaði fyrir því að tengja húsnæðislán fremur við laun en vísitölu neysluverðs. Þannig yrði meira samræmi í þróun greiðslugetu og greiðslubyrði. Þá taldi hann tengingu við vísitölu launa koma til með að draga úr sveiflum.

Sérfræðingar hér heima töldu breytinguna torvelda, en bentu þó á að breytingar á launavísitölu fylgdu almennri hagsveiflu betur en verðbólga, sem hefði „tilhneigingu til að hækka snarpt í kjölfar falls krónu á samdráttartímum, og auka þar með við erfiðleika skuldara á samdráttartímum,“ eins og sagði í umfjöllun Greiningar Íslandsbanka. Fyrirkomulag Stiglitz gæti því stutt betur við hagstjórnina en ríkjandi skipan.



**HAGFRÆÐINGAFUNDUR Í BYRJUN ÁRS** Margir af fremstu hagfræðingum heims stilla sér upp fyrir ljósmyndara fyrir framan Elysee-höllina í París eftir vinnufund með Nicolas Sarkozy, forseta Frakklands. Frakkar fara með forsæti í hópi tuttugu helstu hagkerfa, svonefndum G20-hópi. Frá vinstri í fyrstu röð má þekkja Yu Yongding frá Kína, Avinash Persaud frá Barbados, Frakkann Jean-Paul Fitoussi, bandaríska Nóbelsverðlaunahagfræðinginn Joseph Stiglitz, og Perez Pedro Paez frá Ekvador. Í annari röð frá vinstri er Bandaríkjamaðurinn Robert Johnson, Ítalinn Marcello De Cecco, breski lávarðurinn Nicholas Stern, Frakkinn Francois Bourguignon, og bankastjóri seðlabankans í Malasíu, Akhtdar Aziz Zeti. Frá vinstri í þriðju röð eru svo Jose Antonio Ocampo frá Kólumbíu, Bretinn Tim Besley, Rússinn Andrei Bougrov, Heidemarie Wieczorek-Zeul frá Þýskalandi, Louis Kasekende frá Úganda and Japaninn Eisuke Sakakibara. NORDICPHOTOS/AFP

þjóðavæðingin hefur leitt til samþættingar fjármálamarkaða. Sú samþætting hefur gert þá háðari hver öðrum og aukið mikilvægi þess að þjóðir heims starfi saman. En um leið gerir ólík staða þjóða æ erfiðara að ná samstöðu um aðgerðir,“ segir Stiglitz og bendir á að hluti heimsins hafi náð styrkum efnahagsbata meðan aðrir hafi dalað. „Munurinn sem þá verður til á hagsmunum og sjónarhornum gerir samkomulag um samstarf erfiðara á fjölda sviða. Ég held til dæmis að gott gæti verið að taka upp skatt á fjármagnsflutninga milli landa. En eitt land hefur sett sig verulega upp á móti þeirri leið. Ekki er samt lengur um það deilt að frjálst flæði fjármagns á milli landa getur haft í för með sér vandamál. Og í skýrslu sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn gaf út í apríl er bent á að gjaldeyrishöft geti verið til bóta.“ Stiglitz segir sjóðinn ekki hafa tekið jafndjúpt í árinni og hann hefði gert, en sýni engu að síður að viðhorf til slíkra hamla séu að þokast í rétta átt. „Rétt eins og að straumrofa þarf til þess að vandi á einum stað breiðist ekki út í straumrásum. Stór hluti rannsókna í rafmagnsverkfræði gengur út á að gera óstöðug kerfi stöðug með ýmsum ráðum.“ Hagfræðin segir Stiglitz hins vegar hafa gleymt að gera ráð fyrir hættunni á að vandamál breiddust út og að kreppur ættu sér stað. „Áhættunni var dreift um allan heim,“ segir hann og minnir á að á fyrstu dögum fjármálakreppunnar hafi Ben Bernanke, seðlabankastjóri

> **„Staðreyndin er hins vegar að kreppur hafa ítrekað átt sér stað og áfallið er afurð kerfisins sem við höfðum byggt upp. Sú hugmynd var ríkjandi að markaðir væru alltaf skilvirkir, en ljóst er að það eru þeir ekki.“**

Bandaríkjanna, stigið fram og sagt fólki að hafa ekki áhyggjur, tök hefðu náðst á ástandinu. „Sem var augljóslega rangt.“

#### KREPPAN VAR EKKERT FRÁVIK

„En alþjóðleg samþætting fjármálamarkaða felur í sér vandamál þegar kemur að stjórn peningamála í heiminum. Besta nálgunin til að átta sig á þessu er að smætta heiminn og hugsa um hann eins og eitt land. Ef við hefðum í þessu landi tvo aðskilda seðlabanka gæti annar viljað taka á verðbólgu meðan hinn vildi efla atvinnustigið. Sá síðarnefndi myndi þá dæla peningum út í hagkerfið en peningar eiga sér engin landamæri. Fyrirtækin starfa á landsvísu og eru ólíkleg til að fjárfesta á svæðinu þar sem samdráttar gætir.“ Í staðinn segir Stiglitz í dæminu að fyrirtækið myndi fara með peningana yfir á svæðið þar sem uppgangur ríkti og fjárfesta þar, einmitt þar sem hinn seðlabankinn væri að reyna að hafa hömlur á þenslunni með hækkun vaxta. „Þetta er kerfi sem gengur illa upp.“

Stiglitz segir peningainnstreymi í Bandaríkjunum núna því ekki virka sem skildi, að hluta til vegna þess að ekki hafi verið tekið til fullnustu á vandamálum fjármálakerfisins. „Stóru bönkunum hefur verið hjálpað, en smærri bankar sem þjónusta lítil og meðalstór fyrirtæki hafa ekki fengið nauðsynlega fjármögnun. Peningarnir rata því ekki þangað þar sem þeirra er mest þörf.“

Heimurinn þarf að taka upp nýtt kerfi með varasjóð á heimsvísu, en forsmekkinn að slíku kerfi sé að finna í mynteiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, sem nefnist SDR. „Eftir kreppuna nýttu lönd heimsins sér þessi sérstöku dráttarréttindi á sjóði AGS þannig að aukningin nam 250 milljörðum dala.“

Stiglitz segir að ríkjandi viðhorf innan hagfræðinnar og við stjórn peningamála hafi að hluta átt þátt í að síðasta kreppa brast á. „Það eru hugmyndir eins og að bólur séu ekki til, að ekki sé hægt að spá fyrir um bólur, og allt og mikil áhersla á að halda niðri verðbólgu. Allar þessar hugmyndir hafa reynst rangar.“ Núna segir Stiglitz víðast hvar hafa hallast að annars konar hugmyndum, nema kannski hjá þeim sem fastheldnastir eru í gamla hugmyndafræði hagfræðinnar og stóðu að því að koma henni á. „Þeir halda því sumir fram að kreppan nú sé frávik sem eigi sér ekki stað nema á þúsund ára fresti. Staðreyndin er hins vegar að kreppur hafa ítrekað átt sér stað og áfallið er afurð kerfisins sem við höfðum byggt upp. Sú hugmynd var ríkjandi að markaðir væru alltaf skilvirkir, en ljóst er að það eru þeir ekki. Markaðir eru oft mjög óskilvirkir,“ segir Stiglitz og bendir á sem dæmi að núna eigi lönd heims aðgang að öllum sömu auðlindum og fyrir hrun. „Samt eru markaðirnir ekki að nýta þær. Þetta er sannkölluð brotalöm markaðanna. Óskilvirkni sem tengist fjármálamörkuðum í Bandaríkjunum er meiri en nokkur óskilvirkni hins opinbera í sögu mannkyns. Raunverulegt tap nemur billjónum dala í Bandaríkjunum einum þegar horft er til mögulegrar og raunverulegrar framleiðni hagkerfisins, allt út af markaðsbresti. Markaðir eru oft óskilvirkir og óstöðugir, en við þurfum að skilja af hverju og að því stefna þjóðir heims.“

Stiglitz telur að stýra þurfi mun betur flæði fjármagns í heiminum og leggur ríka áherslu á að munur sé á beinni erlendri fjárfestingu og innstreymi fjármagns. „Kína hefur til dæmis tekið fagnandi beinni erlendri fjárfestingu en hafnað skammtímafjármagni,“ segir hann og bendir á að vandamál landa geti orðið meiri fyrir tilkomu fjárfestingasjóða og tilkomu skammtímafjárfesta. „Ein birtingarmyndin er bólur á húsnæðismarkaði og neysluбólur,“ segir hann, en þar er nærtækt að líta til landa á borð við Spán og Ísland. „Mistökin liggja í bjartsýninni sem fylgir ástandinu. Vegna þess að efnahagslífinu gekk vel leið öllum vel og enginn vildi stöðva veisluna. Mikilvægur þáttur í þessu er að ríkisstjórnir leyfðu veislunni ekki bara að halda áfram heldur höfðu þær af henni skammtímagróða,“ segir Stiglitz og bendir á að stjórnmálamenn hafi getað hampað eigin fjármálastjórn á innistæðulitlum tekjuauka ríkisrekstrarins sem til var kominn vegna efnahagsbólu. „Þrátt fyrir tímabundinn hagnað kemur í ljós að kerfishalli var á ríkisrekstrinum. Og þegar hlutir færast í eðlilegt horf sést að enn þarf að fást við hallarekstur.“

# Fimm leiðir að virkjun hugmynda

SPROTAR



Ingvar Hjálmarsson
tölvunarfræðingur

Forsenda fyrir nýjum sprotafyrirtækjum er hugmyndaauðgi. Hugmyndir stofnenda og starfsfólks eru sjálfsagt verðmætustu „eignir“ sprota. Þetta á að sjálfsögðu einnig við um stærri fyrirtæki. Gömul sannindi eru að góð hugmynd sé gulli betri. Án hugmynda yrðu engin ný fyrirtæki til.

Allir geta tamið sér hugmyndaauðgi með því að tileinka sér hugmyndasöfnun. Hægt er að gera hugmyndasöfnun að hluta af sínum lífsstíl. Þessi grein mun bjóða nokkrar leiðir sem hjálpa til við að fá hugmyndir, safna þeim og að lokum virkja þær. Hugmyndir án aðgerða eru einskis virði og þess vegna verða líka skoðaðar leiðir til að virkja þessar hugmyndir svo raunveruleg verðmæti skapist úr þeim.

Virkjun hugmynda er mikilvæg fyrir alla, einstaklinga, ný fyrirtæki, lítil fyrirtæki, gömul fyrirtæki og stór fyrirtæki.

**1. TAKTU ÁKVÖRÐUN UM AÐ VERA SKAPANDI**

Þetta er eitt það fyrsta sem allir geta gert. Sumir virðast haldnir þeirri meinloku að þeir séu ekki skapandi. Þetta er mesta vitleysa. Auðvitað kemur sköpunargleðin í okkur öllum fram á mismunandi máta. Þegar meðvituð ákvörðun um sköpunargleði er tekin þá fara hjólin fyrst að snúast. Áhrif þessarar ákvörðunar eru meðal annars þau að þú tekur frá tíma til að vera skapandi og meðvitund þín um þann aragrúa af hugmyndum, sem þú ert nú þegar að fá, eykst. Þetta er auðvelt fyrsta skref í áttina að aukinni virkjun hugmynda.

**2. BYRJAÐU AÐ SKRÁ HUGMYNDIRNAR**

Skráning hefst strax! Þeir sem hyggjast auka virkjun hugmynda sinna skulu strax hefjast handa við að skrá niður allar hugmyndir sínar. Litlar sem stórar, góðar sem slæmar. Alltof algengt er að góðar hugmyndir falli í gleymskunnar dá því þær eru ekki skráðar niður. Enginn skal vera feiminn við það að skrá niður slæmar hugmyndir líka því þær eru mikilvægar vörður á leiðinni til hinna frábæru hugmynda. Þarna gildir reglan; því meira, því betra. Um leið og hugmynd lýstur í kollinn skal skrá hana niður. Hægt er að nota margar leiðir til skráningar hugmynda, svo sem minnisbækur, diktafóna, skjöl í tölvunni eða jafnvel skráningarforrit. Greinarhöfundur notast við einfalda, litla svarta minnisbók sem víkur aldrei frá honum því enginn veit hvenær næsta stóra hugmynd kemur – þá er gott að vera tilbúinn til þess að skrá hana niður svo hún gleymist ekki. Stærð hugmynda skiptir engu máli í þessu samhengi. Besta hugmynd dagsins getur til dæmis verið allt frá hugmynd að kvöldverði fjölskyldunnar yfir í næsta stórfyrirtæki landsins.

**3. SÆKTU ÞÉR INNBLÁSTUR OG ÞEKKINGU**

Innblástur að hugmyndum kemur úr ótrúlegustu áttum. Margir fá sínar bestu hugmyndir í sturtunni, þegar farið er út að hlaupa eða jafnvel í svefni. Hægt er að nota nokkrar aðferðir til að fá innblástur. Afar góð leið er að safna sér þekkingar á víðu sviði, svo sem með því að lesa fagtímarit, fræðirit, greinar á Internetinu, skáldsögur eða jafnvel ævisögur. Taktu þér tíma fyrir söfnun innblásturs og þekkingar, til dæmis með því að fara einn á kaffihús og láttu hugann reika eða bjóða skapandi fólki heim til þín í hugarflug. Víðtæk þekking hjálpar til við að brúa mismunandi heima og staðfæra hugmyndir á milli mismunandi greina.

**4. HUGSAÐ „ÚT FYRIR KASSANN“**

Þetta ofnotaða orðatiltæki er ágæt lýsing á því hvernig hægt er að auka virkjun hugmynda sinna. Með því að nota óhefðbundna nálgun á þekkt vandamál verða oft frábærar hugmyndir til. Þetta kallast á ensku „lateral thinking“. Með því að snúa hlutum á hvolf fást önnur sjónarhorn sem oft leiða til góðra hugmynda. Árangursríkt getur verið að nota hugmyndir eða aðferðir úr öðrum sviðum og staðfæra þær inn á það svið sem þú vilt. Þannig geturðu fært hugsanir þínar úr hinu augljósa yfir í hið skapandi svið. Prófaðu næst þegar þú ert að leysa ákveðið verkefni að beita óhefðbundinni nálgun á það, til dæmis með því að ákveða að einhver lögmál gildi ekki.

**5. FRAMKVÆMD HUGMYNDA**

Lokaskrefið í virkjun hugmynda er að koma þeim í framkvæmd. Sértu að fylgja þeim ráðleggingum sem fylgja í þessari grein þá aukast líkurnar á því að þú hrindir hugmyndum þínum í framkvæmd. Með skráningu hugmynda þá eykst þitt eigið aðhald á því að fylgja hugmyndum þínum eftir. Oft þarf gífurlega þrautseigju til þess að virkja hugmyndir sínar. Hugmyndasmiðurinn getur þurft að fást við úrtölur frá hagsmunaaðilum, skilningsleysi annarra, fjármagnsskort, eigið framtaksleysi eða ýmiskonar hömlur og hindranir. Góðar hugmyndir finna sér leið til framkvæmdar sé viljinn fyrir hendi. Með þrautseigju og framkvæmdagleði verða allar góðar hugmyndir að veruleika.

Þetta eru aðeins nokkur ráð sem geta nýst við virkjun hugmynda. Virkjun góðra hugmynda þarfnast vinnusemi, alúð og áhuga – eins og flest annað í lífinu. Fátt er meira gefandi en að sjá hugmynd sína verða að veruleika, hvort sem það er nýr réttur sem þú eldaðir fyrir fjölskylduna eða að sjá nýtt fyrirtæki blómstra og vaxa.

**GREINARÖÐ UM NÝSKÖPUN**

Markaðurinn birtir röð greina um mikilvæg atriði fyrir sprotafyrirtæki.

Ingvar Hjálmarsson hefur tíu ára reynslu úr heimi margs konar fyrirtækja, bæði sprota og stærri fyrirtækjum. Þar hefur hann unnið að rekstri, vöruþróun, vörustýringu, sölu- og markaðsmálum og fleiri þáttum. Hægt er að senda höfundi línu á ingvarh@gmail.com

GAMLA MYNDIN



Guðlaugur Pálsson stóð vaktina í Guðlaugsbúð í 76 ár:

## Notaði hestvagna fyrstu árin

Guðlaugur opnaði verslun sína á Eyrarbakka undir lok árs 1917. Fyrstu árin voru vörur fluttar til og frá Reykjavík á hestvögnum. Þá skrifaði hann allar færslur inn í verslunarbækur, en þegar átti að skikka hann til að nota sjóðvél, þegar fram liðu stundir, svaraði hann því til að hann myndi ef til vill kaupa vélina, en gæti engu lofað um það hvort hann gæti lært á hana.

Starfsþrek Guðlaugs var með eindæmum enda stóð hann vaktina í versluninni á hverjum degi allt fram undir það síðasta, en hann lést árið 1993. - þj

FYRIRTÆKIÐ



**BJÓÐA VALKOSTI** Þær Þórunn Bjarney Garðarsdóttir og Ásta Þórarinsdóttir stýra Sinnum heimaþjónustu, sem hefur verið í stöðugum vexti frá stofnun árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Bjóða upp á valkosti í heimaþjónustu

**Mikill vöxtur hefur verið hjá Sinnum heimaþjónustu á rúmum þremur árum.**

Mikill vöxtur hefur verið í starfsemi Sinnum heimaþjónustu frá stofnun fyrirtækisins í upphafi árs 2008. Sinnum þjónustar aldraða, fatlaða og aðra þá sem þurfa á aðstoð að halda í daglegu lífi.

Þórunn Bjarney Garðarsdóttir hjúkrunarfræðingur er forstöðukona Sinnum heimaþjónustu og Ásta Þórarinsdóttir er framkvæmdastjóri.

Ásta segir í samtali við Markaðinn að viðtökurnar hafi verið afar góðar. Nú þjónusti fyrirtækið, sem telur um 40 starfsmenn, einstaklinga og fjölskyldur á um 200 heimilum á höfuðborgarsvæðinu.

Sinnum heimaþjónusta sé bæði með þjónustusamninga við sveitarfélög og einstaklinga auk þess sem aðstandendur kaupi gjarnan þjónustu af fyrirtækinu.

„Umsvifin hafa aukist jafnt og þétt frá upphafi en við rekum fyrirtækið samt á varfærinn hátt, því að við viljum geta sinnt vel öllum þeim verkefnum sem koma inn á borð til okkar. Okkar helsta stolt er frábær starfsmannaheild sem hefur mikinn metnað í að veita góða þjónustu.“

Ásta bætir því við að viðtökurnar sýni að brýn þörf sé á þessari þjónustu. Skoðun hennar og Þórunnar sé að einstaklingar eigi að hafa valkosti um hvers konar þjónustu þeir fá og frá hverjum. Það sé eðlilegt að hið opinbera beri kostnað af velferðarþjónustu til aldraðra og fatlaðra en einstaklingarnir sjálfir eigi að ráða því hvaðan þeir fái þjónustuna og hvenær. Þjónustan sem fyrirtækið veiti sé margbreytileg allt frá reglulegum þrifum yfir í sólarhringsþjónustu.

„Það er mikið rætt núna um sjálfsákvörðunarrétt aldraðra og sú umræða er löngu tímabær. Okkur finnst mikilvægt að ekki sé verið að neyða ákveðna þjónustu upp á fólk, heldur að það fái að velja hvernig þjónustu það fær, frá hverjum og hvenær dags. Við leggjum mikið upp úr því að þjónustan sé sveigjanleg til að mæta þörfum fólksins.“

Ásta segir starfið sífellt vera að þróast þar sem Sinnum tók til dæmis við rekstri sjúkrahótelsins fyrir stuttu og opnaði samhliða því hvíldardvöl á hótelinu. Hvíldardvölin sé öllum opin, og kynningartilboð verður á þeirri þjónustu í maí.

Í júlí verður svo boðið upp á dagþjálfun sem er sérsniðin að þörfum einstaklinga með minnisglöp og hvers kyns heilabilunarsjúkdóma.

„Svo er ýmislegt fleira að gerast hjá okkur en þetta starf er allt saman gríðarlega gefandi og skemmtilegt.“ - þj

Notaðu Félagamiðann og bjóddu með þér í Vildarferðina

Premium Icelandair American Express® er betri ferðafélagi. Kynntu þér kostina á americanexpress.is



Kortið sem kemur þér út

AMERICAN EXPRESS

KREDITKORT er útgefandi American Express® á Íslandi

Fíton/SÍA

# Tilboðs dagar

# 20-30%

## afsláttur af öllum vörum






Afar vandað stækkanlegt borð fyrir 6-20 manns. Ljós eik, massív sápuþvegin eik, kirsuber,tekk og hnota
Hönnuður: Per Hansbæk












**Komdu og gerðu frábær kaup!**

Borðstofuhúsgögn
Sófar og sófasett
Hornsófar
Svefnsófar
Hvíldarstólar

**FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM**

Eitt mesta úrval landsins af hvíldarstólum






**Italsofa**
The Italian touch

**Val húsgögn**

Ármúla 8 - 108 Reykjavík
**Sími 581-2275 ■ 568-5375**
Opið virka daga kl. 10-18 **Laugardag kl. 11-16**

**www.valhusgogn.is**

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**BANKAHÓLFIÐ**

## Stjörnukokkur hjá Marel



Boðið var upp á óvænta en skemmtilega uppákomu á uppgjörsfundi Marel í síðustu viku. Að lokinni hefðbundinni tölu var slökkt á vefútsendingu fundarins fyrir greiningaraðila. Að því loknu var sýnt beint frá kynningu matreiðslumeistarans Jacques Roosenbrand, sem staddur var í Hollandi, á nýjustu græjum í matvælaiðnaði. Sá fór á þvílíkum kostum að vafamál er hvort aðrir eins uppgjörsfundir hafi verið haldnir hér. Roosenbrand þessi er enginn smáfýr, var eitt sinn eigandi og yfirkokkur á veitingastaðnum Quatre Canetons í Amsterdam og flaggar Michelin-stjörnu, sem er líkust Óskarsverðlaunum í veitingageiranum.

## Tæknin getur verið varasöm

Fjölmiðlamaðurinn Kristinn Hrafnsson, sem nú gerir garðinn frægan í útlöndum í störfum fyrir Wikileaks, birti í vikunni krækju á samskiptasíðuna Facebook þar sem vísað var í skjal með reglum sem síðan setur lögregluyfirvöldum og öðrum sem falast eftir upplýsingum um notendur. Daginn eftir bárust af því fregnir að stofnandi Wikileaks, Julian Assange, hefði í viðtali við Russia Today kallað samskiptavefinn „svívirðilegustu njósnavél sem upp hefur verið fundin“ og teldi allar upplýsingar sem finna mætti í gagnabönkum Facebook aðgengilegar njósnayfirvöldum í Bandaríkjunum. Svipað ætti um Google og Yahoo, sem hefðu hannað sérstakt viðmót fyrir njósnastofnanir Bandaríkjanna, allt án dómsúrskurðar.



## Ég hata...

Einkahlutafélög heita mörg hver skrítnum nöfnum. Félög tengd tónlistar- og ráðstefnuhúsinu Hörpu eru með þeim sérkennilegri. Portus er móðurfélag Hörpu en undir því Totus og Ago. Situs sér um lóðaréttindin og undir því Hospes og Custos. Sjaldséð eru íslensk nöfn. Eitt með talsvert gegnsærra nafni en þau sem standa að Hörpu er þó til. Það heldur utan um listsköpun eigandans í Ytra-Skörðugili í Skagafirði og heitir Ég hata 9 til 5 ehf.



**64** milljónir var hagnaður Nýherja á síðasta ári.

**240** króna markið var rofið á bensínstöðvunum í gær.

**14,5** milljarða fjárfesting Samherja á Akureyri er sú mesta í greininni í áraraðir.




Eignastýring • Markaðsviðskipti • Fyrirtækjaráðgjöf

**Arctica Finance** er framsækið, óháð og sjálfstætt fjármálafyrirtæki sem hefur starfsleyfi frá Fjármálaeftirlitinu. Fyrirtækið er í eigu starfsmanna sem búa að áralangri og víðtækri reynslu af innlendum og erlendum fjármálamörkuðum.

A/F

**www.arctica.is** | Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Sími 513 3300

ARCTICA FINANCE



Fjölnota LITAprentari með netkorti




**LITAPRENTARI, SKANNER og FAX**
Prenthraði: 16 bl./mín. svörtu og 4 bl/lit
Upplausn: 2400x600dpi

**SKANNI OG LJÓSRITUN:**
Upplausn: 1200x1200dpi (max. 4800x4800dpi)
**FAX:** Minni 2MB, 160 síður
Skannar skjöl og vistar beint á minniskubb í JPEG eða PDF sniði.

Pappírsbakki inn/út: 130/80 blöð
Minni: 256 MB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux. Pcl5, Pcl6
Tenging: 100mbps LAN, USB 2.0

**Tilboðsverð: 69.900 kr.**

Fjölnota prentari með netkorti




**PRENTARI, SKANNER og FAX**
Prenthraði: 24 bl./mín.
Fyrsta blaðsíða: 10 sek.
Upplausn: 1200x1200dpi

**SKANNI OG LJÓSRITUN:**
Upplausn: 1200x1200dpi (max. 4800x4800dpi)
**FAX:** Leshraði: um 3 sek. pr. síðu

Pappírsbakki inn/út: 250/150 blöð
Minni: 128 MB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Tenging: USB 2.0, Ethernet

**Tilboðsverð: 59.900 kr.**

LITA-laserprentari með netkorti




**PRENTARI**
Prenthraði: 24 bl./mín. í svarthvítu, 24 bl./mín. í lit
Fyrsta blaðsíða út: 20 sek.
Upplausn: 9600x600dpi
Minni: 256MB
Pappírsbakki inn: 250+100 blöð
Pappírsbakki út: 200 blöð
Hljóðmagn: < 52dB
Stuðningur: Windows, Mac OS, Linux
Tenging: USB 2.0, Ethernet 10/100 Base TX

**Verð: 59.900 kr.**

SAMSUNG

HÁGÆÐA VINNUDÝR á UNDRAGÓÐU VERÐI!

ORMSSON

Umboðsmenn um land allt · Sjá nánar á www.ormsson.is

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

## Þjónusta



**Reykstopp með árangri s:694 5494**
Viðar Aðalsteinsson dáleiðslufræðingur og sérfræðingur í EFT www.theta.is

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
**Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.**

## Dýrahald

Haninn Hrói fæst gefins gegn greiðslu auglýsingarinnar, þar sem hann galast heldur mikið á við aðra hana uppi við Elliðavatn. Hann er að öðru leyti prúður og veluppalinn, þó ekki ættbókarfærður, en íslenskur í húð og fiður. Með ljóst litarraft. Uþb ársgamall. Uppl. í s. 897 3015.

## Fyrir veiðimenn

**VEIÐILEYFI**
Til sölu veiðileyfi í vatnasvæði Lýsu Snæfellsnesi. Uppl. hjá SVFR og í síma 893 4515.

## Hestamennska

Ert þú hestamaður og vilt skapa þér vinnu í Svíþjóð ? Sendu mér póst á johannes@islandshester.se

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu stúdíóíbúð í kjallara í Grafarvogi. 50fm Verð 80þ. S.696 0288/893 6814.

Meðleigjandi óskast í íbúð í Hafnarfirði. Uppl. í s. 896 6336.

Glæsileg rúmgóð 3 herb. íbúð á besta stað í Þingholtunum (101). Laus strax,langtímaleiga. Uppl. 771-6797

R 109 - Til leigu snyrtileg 2ja herb. kj.íbúð í einbýli. Reykleysi og reglusemi. V. 84þús. S. 695 1790.

Til leigu 4 herb. íb. í kóp. Hörðukór uppl. í s: 664 7001.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

Herb. til leigu á svæði 201. Með aðgangi að eldh., baðherb. og þvottavél. Uppl. í síma 893 3475.

Lækjargata 32, HFJ. 3 herb. 85fm. Leiga 120þ. trygging 3 mán. Laus 1 maí. áhugasamir hafa samband við bjorgvin@igl.is eða 892 4578

Frábært herbergi til leigu, nýmálað. Húsgögn og internet. 47þús. RVK101. S. 692 1681.

Hlíðavegur Kóp. 2 herb. 78 f til leigu kr. 115 þ. á mán. með hita. sími: 860 0811.

## Húsnæði óskast

2-4 herb Íbúð óskast í hverfi 105. Erum reglusöm,ábyrg og reyklaus. Fær um að borga fyrirfram og getum lagt fram tryggingu. uppl í S: 5885704

Vil kaupa litla íbúð á Rvk.svæði má þarfnast mikilla endurbóta er með 2 millj.kr. jeppa upp. í kaupverð. Uppl. í s. 893 3475.

**Leigusalar!**
Skráið eignina ykkur að kostnaðrlausu inná leigulistinn.is og sjáið sjálfir um útleiguna, eða óskið eftir fullri þjónustu og látið okkur sjá um málið. Hringdu í s. 511-1600, Leigulistinn ehf.

Óska eftir húsnæði til leigu, 4.herbergja eða stærra í Grafarvogi, sem næst Foldaskóla. Hjón með tvo stálpaða krakka, erum með góðar tekjur og bankatryggingu. Góð umgengni. Erum handlagin og getum gert lagfæringar ef þarf. Endilega hafið samband, sími 8993615 eða sigga@netheimar.is

## Sumarbústaðir



Framleiðum sumarhús, 20 ára reynsla, sjá heimasíðu: sumarhus.com s. 615-2500.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu við Dalveg í Kóp. 80fm. Verslunar eða lagerhúsnæði. S. 893 3475.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**

Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum.

Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga.
Verð frá 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð.

Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

Bjóðum gistingu (bændagistingu) á vesturströnd Svíþjóðar. Golfvellir, strandlíf og fullt af menningu. Leitið tilboða johannes@islandshester.se

## Atvinna í boði

**Járniðnaðarmenn**
**Óskum eftir vélvirkja, járniðnaðarmanni, nema og aðstoðamanni.**
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is Merkt: Járniðnaðarmenn**

**Pizza Bager til Grønland**
**Arctic Wonderland Tours, Tasiilaq**
**Til opstart af pizzaria i Øst Grønland, med ansættelse start Juni. inkl. ud/hjemrejse / logi. kontakt os endeligt for nærmere infomation http://www.arcticwonder.com Arctic Wonderland Tours, Boks 511, 3913 Tasiilaq, Mike eller Per Nicolaisen, e-mail:mike@arcticwonder.com, 00299981293**

CASTELLO pizzeria óskar eftir starfsfólki í sumarvinnu og framtiðarvinnu . Okkur vantar fólk í aukastarf á kvöldin og um helgar. Hentar vel með skóla.. Starfsmaður þarf að hafa góða þjónustulund, vera röskur, dugleg/ur, hafa mikla hæfni í mannlegum samskiptum,18 ára eða eldri Umsóknir á castello.is , castello@simnet.is og í síma 6923051

115 SECURITY

**Öryggisverðir óskast til starfa.**
115 Security óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verslunum og bílastæðastjórnun. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl.Skilyrði; góð þjónustulund,hreint sakarvottorð og góð Íslensku kunnátta nauðsynleg. Óskum einnig eftir ábyrgum aðilum í bílastæðastjórnun. Helst með reynslu.Lágmarksaldur 20 ár. 115 Security. Askalind 2, 201 Kópavogur. Umsóknir aðeins á staðnum. www.115.is

Óska eftir 2 mönnum á grásleppubát. Þurfa að byrja strax. Uppl. í s. 847 3758.

## Einkamál

Kona vill kynnast karlmanni með náin kynni í huga. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920.

**Spjalldömur 908 5500**
Opið allan sólarhringin.

Heitt spjall í kvöld. Dömuvaktin frá 20-24. Símadömur Rauða Torgsins, s. 908-6000 og 535-9999.

Heit heit heit upptaka! Yndisleg símadama á Rauða Torginu tók sjálfa sig upp um daginn í heitum heitum leik. Alveg mögnuð upptaka! Sögur Rauða Torgsins, s. 905-2002 og 535-9930, upptökunr. 8774.

## Fundir / Mannfagnaður

# Aðalfundur
### Reykjavíkurdeildar Búmanna

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1, 2 hæð. Fundurinn verður fimmtudaginn 12. maí 2011 og hefst kl. 18.00
Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.
Félagsmenn og aðrir áhugasamir Reykvíkingar eru velkomnir á fundinn.
Stjórnin.

# Aðalfundur
### Kópavogsdeildar Búmanna

Fundurinn verður haldinn á skrifstofu félagsins að Kletthálsi 1, 2 hæð. Fundurinn verður miðvikudaginn 11. maí 2011 og hefst kl. 18.00
Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins.
Félagsmenn og aðrir áhugasamir Kópavogsbúar eru velkomnir á fundinn.
Stjórnin.

## Atvinna

# Er du et konsulenttalent?

Itera Networks har store vekstambisjoner, og er på utkikk etter nye konsulenttalenter. Hvis du har stor faglig interesse for infrastruktur og sikkerhet, og ser etter et sterkt fag-miljø der du kan utvikle deg videre så kom og treff oss i Reykjavik 6. og 7. Mai.

### Seniorkonsulenter / Arkitekter Microsoft Infrastrukturteknologi

- Min. 3 års relevant utdanning
- Min. 5 års relevant erfaring
- Erfaring med rådgivning, design og implementering av komplekse løsninger.
- Bred og dyp teknologisk kunnskap, spesielt innenfor de viktigste teknologiene:

  Windows klient- og serverteknologi, MS SQL, Active Directory, MS SCCM og Citrix XenDesktop / XenApp.

### Senior Sharepointkonsulenter /-arkitekter

- Min. 3 års relevant utdanning
- Min. 3 års erfaring fra store leveranser på SharePoint-plattformen
- Du har erfaring med design, paketering og implementasjon av løsninger
- Du ønsker å delta i hele prosjektets livssyklus, fra analyse og design til utvikling og implementasjon

Vi kommer til Reykjavik 5-8 Mai og er tilgjengelige for en uformell prat hvis du syns dette virker interessant. Ta kontakt på epost eller telefon for nærmere avtale

Kontakt Thordur Arnason på: +47 99 63 63 63
thordur.arnason@iteraconsulting.no

itera NETWORKS



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Lína Þorkelsdóttir**
áður til heimilis í Einilundi 2, Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð laugardaginn 30. apríl. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 6. maí kl. 13.30.

**Þorkell Ingi Rögnvaldsson**
**Una Sigurlína Rögnvaldsdóttir** **Óskar Smári Haraldsson**
**Heiðar Rögnvaldsson**
**Heimir Rögnvaldsson** **Guðrún Björg Steinþórsdóttir**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Ástkær föðursystir okkar,*

**Jenný Jóhannesdóttir**
frá Egilsstöðum,

lést á Heilbrigðisstofnun Hvammstanga föstudaginn 29. apríl. Útförin fer fram frá Hvammstangakirkju laugardaginn 7. maí kl. 13.00.

**Erna Snorradóttir** **Jóhannes Snorrason**
**Elín Rósa Snorradóttir** **Eggert Snorrason**
**Hulda Snorradóttir**



**Benedikt Benediktsson**
kennari,
Þórðarsveig 6, Reykjavík,

er látinn. Útförin fer fram frá Langholtskirkju þriðjudaginn 10. maí kl. 13.00.

**Systkini hins látna.**



*Ástkær faðir minn, frændi, afi og langafi,*

**Þorsteinn M. Jónsson**
hestamaður frá Mýrarlóni,
Kjarnalundi, Akureyri,

lést fimmtudaginn 28. apríl. Útför hans fer fram frá Glerárkirkju þriðjudaginn 10. maí kl. 13.30.

**Björn S. Þorsteinsson**
**Gunnar Helgason**
**Þorsteinn Björnsson**
**og langafabörn**



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Þórdísar Þorbergsdóttur**
Víðigerði 15, Grindavík.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Víðihlíðar í Grindavík og líknarteymi Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir góða umönnun.

**Gunnar Páll Guðjónsson**
**Ingibjörg Gunnarsdóttir** **Geir Gunnarsson**
**Guðrún Gunnarsdóttir** **Ólafur E. Ólafsson**
**Þórdís Gunnarsdóttir** **Ómar Ásgeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Brú á milli hefðbundinna lækninga og hómópatíu

Lýðheilsufræðingurinn Dana Ullman, sem er einn helsti talsmaður hómópatíu í heiminum, heldur fyrirlestur annað kvöld í Háskóla Íslands. Fyrirlesturinn ber heitið Vísindi, list og umbreytingaafl hómópatíu. Ullman hefur helgað líf sitt því að byggja brú á milli hefðbundinna lækninga og hómópatíu.

Fyrirlesturinn mun fjalla um hvernig útskýra má grunnaðferðir og virkni hómópatíu með vísindalegum aðferðum á máli sem allir skilja. Dana mun einnig fjalla um nýjustu bók sína, The Homeopathic Revolution, en þar segir frá sönnum sögum af þekktu fólki sem margir þekkja úr samtímanum sem hefur nýtt sér hómópatíu eins og Bill Clinton og Tony Blair. Dana segir frá reynslusögum af þekktu fólki sem telja hómópatíu ríkan þátt í góðri heilsu og má þar nefna Tinu Turner, Paul McCartney, Jennifer Aniston og Orlando Bloom.



**DANA ULLMAN**

Dana Ullman er höfundur og meðhöfundur tuga bóka um hómópatíu og hefur skrifað yfir tvö hundruð greinar sem hafa meðal annars verið birtar í Western Journal of Medicine. Hann rekur sitt eigið fyrirtæki, Homeopathic Educational Services, og er vinsæll dálkahöfundur á fréttavefnum huffingtonpost.com. Hann heldur reglulega fyrirlestra í læknadeildum háskóla um allan heim og hefur einnig skrifað kafla um hómópatíu í læknisfræðirit.

Fyrirlesturinn er um 45 mínútur og að honum loknum mun Dana taka við spurningum úr sal. Að fyrirlestrinum stendur Organon, fagfélag hómópata, en það var stofnað árið 1999 og vinnur að framgangi faglegrar hómópatíu á Íslandi og eru félagar þess í dag um 100 talsins. Félagið er aðili að Bandalagi íslenskra græðara og stendur vörð um hagsmuni hómópata, hómópatanema og skjólstæðinga þeirra.

Fyrirlesturinn hefst klukkan 20 og er í sal 102 á Háskólatorginu.



**JENNIFER ANISTON** Er í hópi þeirra sem hafa nýtt sér hómópatíu að sögn Dana Ullman.

# Icelandair styrkir Flugsafnið

Icelandair verður aðalstyrktaraðili Flugsafns Íslands á Akureyri næstu þrjú árin. Samningur þess efnis var undirritaður nýlega. Arngrímur Jóhannsson, formaður stjórnar safnsins, sagði við það tækifæri að samningurinn væri mikil lyftistöng fyrir safnið. Hann tryggði rekstur þess næstu árin og gæfi færi á lifandi og öflugu sýningarstarfi þess.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, sagði mikilvægt að halda vel utan um sögu flugsins enda væri hún merkur partur af sögu þjóðarinnar. Hann taldi Icelandair hafa þar hlutverki að gegna, enda hefði starfsemi félagsins og forvera þess, Flugfélags Íslands og Loftleiða verið helsta undirstaða flugs á Íslandi í 74 ár.

- gun



**VIÐ UNDIRRITUN** Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, Arngrímur Jóhannsson, formaður stjórnar Flugsafns Íslands, og Gestur Einar Jónsson, framkvæmdastjóri safnsins.



**SÝNINGAR Í ÞRJÁTÍU ÁR** Hópurinn sem stendur að glerlistarsýningunni sem var opnuð á Háskólatorgi í gær hefur unnið að sýningum í nærri þrjátíu ár.

# Glerlistasýning á Háskólatorgi

„Private Collection“ er yfirheiti sýningar á glerlistaverkum sem var opnuð á Háskólatorgi 1. maí, en sýningin mun standa yfir til 30. maí.

Tuttugu glerlistakonur alls staðar að úr heiminum, Japan, Norður-Ameríku, Ástralíu, Evrópu og Nýja-Sjálandi, standa saman að sýningunni. Þrátt fyrir ólíkan uppruna hafa þær allar unnið saman í nærri þrjá áratugi að því að setja á fót glerlistasýningar um víða veröld en þær eru allar þekktar í sínu heimalandi fyrir sína list. Fyrsta sýning kvennanna fór fram í Frakklandi árið 1988 – í Alþjóðamiðstöð glerlistar í Chartres.

Sýningin á Háskólatorgi er ellefta sýning hópsins, sem átti raunar að setja upp í fyrra, en eldgosið í Eyjafjallajökli tafði sýninguna um eitt ár.

- jma



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigríður Birna Hallfreðsdóttir**
Norðurbrú 6, Garðabæ,
áður til heimilis að Vallholti 19, Akranesi,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði laugardaginn 30. apríl. Útförin fer fram frá Vídalínskirkju, Garðabæ, föstudaginn 6. maí næstkomandi kl. 15.00.

**Símon Símonarson**
**Bryndís Símonardóttir** **Ásgeir Guðnason**
**Hallfreður Óttar Símonarson** **Laufey Ófeigsdóttir**
**Edda Símonardóttir** **Vésteinn Benediktsson**
**Björn Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**GÓÐ STUND** Sólbjört með hópinn í hvíld á svölum 4. hæðar í Borgartúninu.

# Jógaiðkun í sólinni

Kundalini jógaiðkendur í Ljósheimum í Borgartúni fóru út á svalir í hádegistímanum í gær og stunduðu sitt jóga þar. Sólbjört Guðmundsdóttir leiddi tímann og voru iðkendur ánægðir með þennan óhefðbundna tíma. Þetta er gott dæmi um hvernig íbúar suðvesturhornsins notuðu hverja tiltæka stund til að teyga að sér vorloftið, loks þegar snjóa hafði leyst og sólin hellti geislum yfir svæðið.

- gun





VINSÆLASTA SJÓNVARPSEFNI Í HEIMI OG FRÁBÆR ÍSLENSK DAGSKRÁ ALLAN SÓLARHRINGINN Á ÞREMUR SJÓNVARPSSTÖÐVUM FRÁ AÐEINS 229 KR. Á DAG

Tryggðu þér áskrift í dag!

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** gáski, 6. tveir eins, 8. keyra, 9. örn, 11. einnig, 12. samtímis, 14. kryddblanda, 16. tónlistarmaður, 17. eldsneyti, 18. stansa, 20. bókstafur, 21. svall.

**LÓÐRÉTT**
**1.** málhelti, 3. guð, 4. tegund af brauði, 5. tækifæri, 7. draga upp, 10. svelgur, 13. struns, 15. skál, 16. náinn, 19. bor.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. ærsl, 6. tt, 8. aka, 9. ari, 11. og, 12. meðan, 14. karrí, 16. kk, 17. kol, 18. æja, 20. ká, 21. rall.
**LÓÐRÉTT:** 1. stam, 3. ra, 4. skonrok, 5. lag, 7. trekkja, 10. iða, 13. ark, 15. ílát, 16. kær, 19. al.


# Við leitum að ...

**... stórri íbúð í Suðurhlíðum.**
Eignin þarf að vera í það minnsta 150 m²
og helst á efstu hæð og lyfta.
Að lágmarki 2 svefnherbergi og góðar stofur.
- Nánari upplýsingar veitir Ólafur Finnbogason í síma 822 2307

**... góðu sérbýli í Salahverfi.**
Í húsinu þurfa að vera 4 svefnherbergi.
Um er að ræða bein kaup.
- Nánari upplýsingar veitir Ragna Óskarsdóttir í síma 892 3342.

**... eign í Rvk í skiptum fyrir fasteign á Selfossi**
- Nánari upplýsingar veitir Atli S. Sigvarðsson í síma 899 1178

**MIKLABORG**
569-7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



**Rauði kross Íslands**
**Reykjavíkurdeild**

## SUMARSTARF – Mannúð og menning

Rauði krossinn í Reykjavík óskar eftir að ráða tvo hópstjóra fyrir sumarnámskeiðið, Mannúð og menning. Starfið felur í sér utanumhald viku námskeiða fyrir börn á aldrinum 7-9 ára annars vegar og 10-12 ára hinsvegar. Alls verða keyrð 14 námskeið á sjö vikum í júní og júlí.

**Hæfniskröfur**
Ætlast er til að umsækjandi sé góður í mannlegum samskiptum, geti unnið sjálfsætt , sé barngóð/ur, úrræðagóð/ur og hefur náð 21 ára aldri. Reynsla í barna og unglingastarfi er kostur.

Einnig auglýsum við eftir starfsmönnum fyrir sama námskeið. Þeir umsækjendur verða að hafa náð 18 ára aldri.

Umsóknir berast til forstöðumanns Ungmennadeildar Rauða krossins í Reykjavík urkir@redcross.is.

**Frestur til að skila inn er til 10. maí 2011.**


# Ofurlaun í vitlausum vasa

**BAKÞANKAR**
**Jóns Sigurðar Eyjólfssonar**



Mér þótti engu líkara en gamall draugur hefði aftur skotið upp kollinum þegar ég heyrði nýlega talað um „ofurlaun og bónusa æðstu stjórnarmanna“. Hrollur greip um sig hið innra og það sem verra var, þetta var aulahrollur.

**ÉG** man það nefnilega ennþá, því miður, þegar ég heyrði af þessum bónusum og ofurlaunum í góðærinu mikla en þá yppti ég öxlum og hugsaði með mér að þeir sem slíks nytu hefðu gríðarlega ábyrgð á herðum sér. Þetta væri fólk sem tæki ákvarðanir um milljarða króna og hvert axarskaft gæti haft afdrifaríkar afleiðingar. Svo yrði það sett á guð og gaddinn ef markaðurinn dæmdi það úr leik.

**NÚ** heyrði ég sem sagt aftur talað um ofurlaun og bónusa en spænska símafyrirtækið Telefonica ákvað nýverið að hrista upp í stjórnendum sínum með því að hækka bónusinn og auka fríðindin. Hins vegar var rúmlega fimm þúsund starfsmönnum sagt upp um svipað leyti vegna þrenginga. Þeir falla því eins og dropar í haf fimm milljóna atvinnuleysingja sem arka um strætin á Spáni.

**SVO** óskemmtilega vildi til að á sama tíma var ég að lesa bók Björgvins G. Sigurðssonar, Stormurinn. Þar segir meðal annars frá því þegar Seðlabankinn vildi ekki líta við veðunum sem Glitnismenn báru á borð í þeim tilgangi að fá neyðarlán. Þessi veð voru í formi einstaklingslána, það er að segja ekki hnýtt í gegnum eignarhaldsfélög eins og umsvifameiri menn gera. Um höfnun Seðlabankans á þessum veðum segir Björgvin svo:

**„MITT** fyrsta viðbragð var að þetta væri glapræði af hálfu Seðlabankans. Í slíkum lánum fælist miklu dreifðari áhætta en öðrum og reynslan sýndi að þeir sem síðast hættu að standa í skilum væru einstaklingar.“

**ÞETTA** er hárrétt hjá fyrrverandi viðskiptaráðherra. Við höfum líka séð að það er nær ómögulegt að skera almúgafólk úr snörunni. Það verður sjálft að vinna sig úr þrælkuninni. En svo sjá menn líka hvað gerist þegar mjóu bökin bregðast; byrjaði þetta ekki allt saman með því að almúginn í Bandaríkjunum gafst smátt og smátt upp á undirmálslánunum svokölluðu?

**MIKIÐ** var ég vitlaus. Líklega verð ég að bera aulahrollinn eins og kross uns bónusunum og ofurlaununum verður dreift á þá sem í raun og veru bera ábyrgðina og sitja uppi með mestu áhættuna.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Þú ...
... getur tryggt þér miða í dag á betra verði
í Vildarþjónustu Byrs!
Í HÖRPU 17. JÚNÍ
Dynamo Reykjavík
HELGI BJÖRNS SYNGUR ÍSLENSKAR
DÆGURPERLUR
ÁSAMT GESTUM:
Bogomil Font
Eivör
Högni Egilsson
Mugison
Ragga Gröndal
Karlakórinn Þrestir
Strengjasveit Rolands Hartwell
HVAÐ GETUM VIÐ GERT FYRIR ÞIG?
Þeir sem eru í Vildarþjónustu Byrs geta fengið 20% afslátt ef þeir kaupa miða í forsölu í dag, 4. maí.
Farðu á byr.is en þar eru nánari upplýsingar um afsláttinn og tónleikana.
Við hvetjum viðskiptavini okkar til þess að tryggja sér miða í dag þar sem takmarkaður miðafjöldi er í boði.
Þú finnur nánari upplýsingar um tónleikana og fjölda tilboða á byr.is.
Hafðu samband og fáðu persónulega þjónustu.
Hvað getum við gert fyrir þig?
Sími 575 4000 I byr@byr.is I www.byr.is
BYR

**LIFANDI FRUMFLUTNINGUR** á verkinu Mardiposa eftir Guðmund Stein Gunnarsson er meðal þess sem er á dagskrá tónleika sem haldnir verða í kvöld í SÁÁ-salnum Von í Efstaleiti 7. Tónleikarnir munu hefjast klukkan 20.00 og aðgangur er ókeypis. Verkið vann nýverið verðlaun í tónverkasamkeppni í tilefni 80 ára afmæli Ríkisútvarpsins. Auk þess verða leikin önnur nýleg verk Guðmundar Steins, sem hefur verið meðlimur í S.L.Á.T.U.R. frá stofnun samtakanna.

# SYSTURHALLIR Á NORÐURLÖNDUNUM

**Tónlistarhúsið Harpa verður vígt í kvöld þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands leikur á sínum fyrstu tónleikunum þar. Ísland verður þar með síðasta sjálfstæða landið á Norðurlöndum til að eignast sitt eigið tónlistarhús. Fréttablaðið beinir sjónum sínum að eldri systrum Hörpu á Norðurlöndunum.**



**KONUNGLEGA SÆNSKA ÓPERAN**
**Opnunarár:** 1898. Fékk rækilega yfirhalningu 1989.
**Staðsetning:** Húsið er í miðborg Stokkhólms, austan við Gustavs Adolfs torg og á norðurbakka Norrström.
**Hönnun:** Axel Johan Anderberg.
**Sætafjöldi:** Um 1.200.



**ÓPERUHÚSIÐ Í KAUPMANNAHÖFN**
**Opnunarár:** 2005.
**Staðsetning:** Í Hólminum, í grennd við miðborg Kaupmannahafnar.
**Hönnun:** Henning Larsen arkitekt, verkfræðistofurnar Ramboll og Buro Happold og ráðgjafarfyrirtækið Theatreplan. Auðkýfingurinn A.P. Møller, sem gaf danska ríkinu bygginguna, réð hins vegar endanlegu útliti hússins.
**Sætafjöldi:** 1.492 til 1.703.



**FINNSKA ÓPERAN**
**Opnunarár:** 1993.
**Staðsetning:** Í Töölö-hverfi í grennd við miðborg Helsinki.
**Hönnun:** Eero Hyvämäki, Jukka Karhunen og Risto Parkkinen.
**Sætafjöldi:** Um 1.350 í aðalsalnum en 300 til 500 sæti í minni sal.



**ÓPERUHÚSIÐ Í ÓSLÓ**
**Opnunarár:** 2008.
**Staðsetning:** Í Bjørvika, í námunda við miðborg Ósló.
**Hönnun:** Teiknistofan Snøhetta.
**Sætafjöldi:** 1.364 í aðalsalnum. Tveir minni salir taka 400 og 200 áhorfendur í sæti.



**TÓNLISTARHÚSIÐ HARPA**
Hýsir Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperuna.
**Staðsetning:** Austurhöfn í Miðborg Reykjavíkur.
**Hönnun:** Teiknistofa Hennings Larsen í Kaupmannahöfn í samvinnu við Batteríið arkitekta í Hafnarfirði. Ólafur Elíasson hannaði glerhjúpinn sem umlykur húsið í samvinnu við arkitekta teiknistofunnar.
**Sætafjöldi:** 1.800 í aðalsal (Eldborg); 750 í hliðarsalnum Silfurbergi og 450 í hliðarsalnum Norðurljósum).







ÚTILÍF
speedo
SUNDIÐ ER AÐ KOMA
BIKINÍ, SUNDBOLIR OG SUNDBUXUR. ÞÚ FÆRÐ ALLAR TEGUNDIR SUNDFATNAÐAR Í ÚTILÍF.
SUMARIÐ ER TÍMI ÚTIVISTAR OG HREYFINGAR. ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR SUNDIÐ Í ÚTILÍF.
TILBOÐ: 9.592 KR.
SPEEDO DÖMU SUNDBOLUR. Stærð: 36-46.
Almennt verð: 11.990 kr.
VERÐ 8.990 KR.
SPEEDO DÖMU TANKINÍ.
Stærð: 36-42.
VERÐ 8.990 KR.
SPEEDO DÖMU BIKINÍ.
Stærð: 36-42.
VERÐ 11.990 KR.
SPEEDO DÖMU SUNDBOLUR.
Stærð: 36-50.
VERÐ 7.990 KR.
SPEEDO DÖMU BIKINÍ.
Stærð: 36-42.
VERÐ 5.990 KR.
SPEEDO STELPU BIKINÍ.
Stærð: 140-176.
VERÐ 4.990 KR.
SPEEDO STRÁKA STUTTBUXUR.
Stærð: S-XXL.
TILBOÐ: 4.792 KR.
SPEEDO STELPU BOXER-BIKINÍ.
Stærð: 140-176.
Almennt verð: 5.990 kr.
VERÐ 3.990 KR.
SPEEDO STELPU SUNDBOLUR.
Stærð: 1-6 ára.
VERÐ 6.990 KR.
SPEEDO HERRA SUNDSTUTTBUXUR.
Stærð: S-XXL.
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# Fólk

folk@frettabladid.is

**252** höfðu skráð nafn sitt á undirskriftalista vefsíðunnar reykjavikpolarbearproject.org þar sem skorað er á stjórnvöld að breyta afstöðu sinni til ísbjarna sem ganga á land. Jón Gnarr og félagar í Besta flokknum eru á bak við vefsíðuna.



## Fengu ekki hlutverkið

Leikararnir Jake Gyllenhaal og hinn sálugi Heath Ledger fóru báðir í áheyrnarprufur fyrir aðalkarlhlutverkið í söngvamyndinni Moulin Rouge! sem kom út 2001. Skotinn Ewan McGregor hreppti hlutverkið á endanum og stóð sig með mikilli prýði. Að sögn leikstjórans Baz Luhrmann tók það marga mánuði að finna rétta leikarann í hlutverkið.

„Ég hitti alla. Það kom ótrúlegasta fólk í prufurnar. Heath Ledger lék í frábærum senum á móti Nicole [Kidman]. Á einum tímapunkti var Christian [aðalpersónan] mjög ungur og þá vissi ég af Ewan en vissi ekki að hann gæti sungið,“ sagði Luhrmann. „Jake [Gyllenhaal] ætti að leika í söngvamynd. Hann er frábær leikari en hefur líka magnaða rödd. Hvenær kemur hann eiginlega fram í gestahlutverki í Glee?“



**Í ÁHEYRNARPRUFU** Jake Gyllenhaal fór í áheyrnarprufu fyrir hlutverk Christians í söngvamyndinni Moulin Rouge!

## Aldrei þurft að skilja

Cameron Diaz segir að eini munurinn á henni og mótleikkonum hennar í Hollywood sé sá að hún hafi aldrei gifst neinum, sem hún hafi síðan þurft að skilja við. Diaz, sem er 38 ára, hefur átt í ástarsamböndum með stjörnum á borð við Justin Timberlake, Jared Leto og Matt Dillon en aldrei gengið upp að altarinu. Núna er hún að hitta hafnaboltakappann Alex Rodriguez og er ánægð með lífið og tilveruna.

„Lífið er langt. Af hverju að lifa í fortíðinni þegar þú getur lifað í nútíðinni og leyft framtíðinni að verða björt, hamingjurík og spennandi?“ sagði Diaz. „Margir hugsa sem svo: „Sambandið gekk ekki upp.“ En hvað gekk ekki upp? Hvað átti eiginlega að gerast? Ég held að margir séu í hjónabandi þar sem engin rómantík er lengur til staðar,“ sagði hún í viðtali við tímaritið Elle. „Ég hef bara aldrei gifst neinum sem ég hef síðan þurft að skilja við. Við skiljum og síðan höldum við hvort í sína áttina.“



**CAMERON DIAZ** Hefur aldrei þurft að skilja, enda aldrei gengið í hjónaband.

# Pabbi Kate Hudson hyggst gefa út bók um dóttur sína

**Nafnið Bill Hudson kveikir sennilega ekki á mörgum ljósaperum hjá yngstu kynslóðinni og sennilega ekki heldur hjá þeim sem eldri eru. Hann er engu að síður pabbi bandarísku leikkonunnar Kate Hudson og nú hyggst hann gefa út bók um samband sitt við Goldie Hawn og Kate.**

Ekki hefur verið mikil eftirspurn eftir kröftum Bill Hudson frá því að strákahljómsveitin hans, The Hudson Brothers, lagði upp laupana snemma á níunda áratug síðustu aldar. Hudson var hins vegar alræmdur kvennabósi á velmegunarárum sínum og giftist meðal annars bandarísku leikkonunni Goldie Hawn árið 1976. Þótt hjónabandið hafi ekki enst nema í fjögur ár gat það af sér tvö börn, leikarana Kate Hudson og Oliver Hudson. Hawn tók fljótlega eftir skilnaðinn upp samband við Kurt Russell og hann gekk börnunum í föðurstað.

Bill hefur stundum dúkkað upp í fjölmiðlum og rætt stirt samband sitt við Kate. Nýverið sakaði hann dóttur sína um að vanrækja tæplega níræða ömmu sína. „Hún þarf ekkert að tala við mig og hún þarf ekki að gefa neitt af auðæfum sínum, ég er bara að biðja um að hún hringi áður en það verður of seint,“ var haft eftir Bill í bandarískum fjölmiðlum. Leikkonan sjálf hefur hins vegar margoft lýst því yfir að Kurt Russell sé faðir hennar, hann hafi alið hana upp frá þriggja ára aldri.

En Bill er ekki af baki dottinn því New York Post hefur greint frá því að hann ætli að skrifa bók um samband sitt við Goldie Hawn og Kate og þar verði ekkert dregið undan. „Hvað gerir þú ef fyrrverandi eiginkonan þín notfærir sér fjölmiðla til að dreifa orðrómi um þig og kasta rýrð á samband þitt við börnin þín,“ verður ein af kynningarlínum bókarinnar samkvæmt New York Post. Blaðið greinir frá því að hið stormasama samband Kate og Bill verði í aðalhlutverki. Þar verði að finna nærgöngular lýsingar á því sem fór fram innan veggja hjónabandsins en einnig verði að finna frásagnir Bill af því hvernig hann reyndi að ná sambandi við börnin sín.

freyrgigja@frettabladid.is



**PABBINN**

Söngvarinn Bill Hudson þótti mikill hjartaknúsari á sínum yngri árum og heillaði Goldie Hawn. Þau eignuðust saman tvö börn, Oliver og Kate Hudson, en leikkonan er meðal þeirra vinsælustu í heimi um þessar mundir. Hudson var þekktastur fyrir að vera meðlimur í strákasveitinni The Hudson Brothers sem lagði upp laupana snemma á níunda áratug síðustu aldar. Hann hyggst gefa út bók um samband sitt við Hollywoodstjörnurnar. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Þingmaður með Dylan-tónleika

Hollvinafélag Minnesota-háskóla verður með uppákomu 15. maí í tilefni af sjötugsafmæli Bobs Dylan. Þar munu KK og Valgeir Guðjónsson flytja lög Dylans og eigin lög innblásin af verkum söngvaskáldsins.

Skipuleggjandi er þingmaðurinn Skúli Helgason, formaður Hollvinafélagsins. „Mér fannst tilvalið af því að karlinn á þetta stórafmæli að vekja athygli á því að Dylan er frá Minnesota,“ segir Skúli, sem stundaði nám í ríkinu. „Flestir hafa gefið sér það að hann sé frá New York og hann hefur látið að því liggja sjálfur. Það er skemmtileg saga hvernig hann felur þann uppruna sinn lengi vel og það er ekki fyrr en nýlega sem hann hefur gengist við honum.“

KK og Valgeir tengjast báðir Minnesota, hvor á sinn hátt. KK fæddist í ríkinu en Valgeir bjó þar um tíma. Gunnar Þorsteinsson, tvítugur liðsmaður hljómsveitarinnar Örför, og félagar í Hinni íslensku Dylanmafíu flytja einnig lög átrúnaðargoðsins á samkomunni sem verður haldin í Hafnarhvoli við Tryggvagötu. Forsala miða verður á síðunni Nemaforum.web.is. Gestir munu jafnframt njóta myndbrota frá ferli Dylans, þar sem m.a. verður varpað ljósi á tengslin við Minnesota. - fb



**BOB DYLAN** Fagnar sjötugsafmælinu 24. maí.



**SKIPULEGGJANDI** Þingmaðurinn Skúli Helgason skipuleggur uppákomu í tilefni af sjötugsafmæli Bobs Dylan.








Glænýjar vörur beint frá London!
FATA MARKAÐUR
LAUGARDALS HÖLL
LAUGARDALHÖLLIN
Herra hlýrabolir 799 kr.
Stráka gallabuxur frá 1.499 kr.
Strákabolir frá 499 kr.
Dömu hlýrabolir 1.499 kr.
Dömu gallabuxur frá 1.999 kr.
Herra gallabuxur frá 2.999 kr.
Barna sokkabuxur 799 kr.
Sixpensarar 1.999 kr.
Hettupeysur 2.999 kr.
ódýrt
Opnum á morgun kl.12:00
Opið frá 12:00-19:00

# Flottur hópur á Buddy Holly plötu

Paul McCartney, hljómsveitin Modest Mouse og Julian Casablancas, söngvari hljómsveitarinnar The Strokes, eru á meðal þeirra sem flytja lag á nýrri plötu tileinkaðri Buddy Holly.

Allir listamennirnir flytja lög eftir Buddy Holly á plötunni, sem kemur út í lok júní. Patti Smith, söngkonan Florence Welch, hljómsveitin Black Keys og smellakóngurinn Cee Lo Green flytja einnig lög á plötunni sem mun innihalda 19 smelli eftir meistarann sem lést árið 1959, aðeins 22 ára gamall.



**MIKLIR MEISTARAR** Julian Casablancas og Paul McCartney eru á meðal þeirra sem flytja lög á nýrri plötu tileinkaðri Buddy Holly.

# Depp lofaði kvikmynd

**Leikarinn Johnny Depp lofaði rithöfundinum sáluga, Hunter S. Thompson, að gera kvikmynd eftir kvikmyndahandriti sem Thompson skrifaði byggt á bók hans The Rum Diary. Myndin er væntanleg á hvíta tjaldið 28. október og þar fer Depp með hlutverk rithöfundarins drykkfellda Paul Kemp. „Við lásum handritið saman klukkan þrjú um nóttina og okkur langaði að gera eitthvað með það en Hunter virti ekki beint sinn hluta samkomulagsins. Hann hafði víst eitthvað annað að gera,“ sagði Depp, sem fann handritið í geymslu heima hjá Thompson.**



**DEPP** Johnny Depp leikur í myndinni The Rum Diary sem er byggð á bók Hunter S. Thompson.




Tónlist ★★★

**Héðan í frá**
Karl Hallgrímsson

## Popp í sígildum stíl

Héðan í frá er fyrsta plata Karls Hallgrímssonar. Á henni eru átta frumsamin lög og textar, auk titillagsins sem er eftir Lisu Gutkin. Hún samdi upphaflega lagið við texta Woody Guthrie, en Karl gerði nýjan texta byggðan á texta Guthries. Platan er tekin upp á Akureyri undir stjórn Orra Harðarsonar sem útsetur lögin með Karli, en einvala lið hljóðfæraleikara spilar á Héðan í frá, þar á meðal Pálmi Gunnarsson, Davíð Þór Jónsson, Birgir Baldursson, Eðvarð Lárusson og Hjörleifur Valsson.

Tónlistin á Héðan í frá er íslenskt popp í rólegri kantinum, með smá blús- og þjóðlagakeim. Það má greina áhrif frá ýmsum af stærstu nöfnum íslenskrar poppsögu bæði í lagasmíðunum og útsetningunum, til dæmis frá Magnúsi Eiríkssyni, KK, Bubba og hljómsveitum eins og Spilverkinu eða Melchoir.

Héðan í frá er býsna góð frumraun. Lög og textar eru ágæt, útsetningar fjölbreyttar og smekklegar og hljómurinn fínn. Það er ekki verið að fara ótroðnar slóðir hér, en þetta er gæðagripur í sígildum íslenskum poppstíl. Héðan í frá verður að gera ráð fyrir Karli Hallgrímssyni.

**Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Blús- og þjóðlagaskotið íslenskt popp frá hæfileikaríkum nýliða.



# Mikil óvissa um framtíð Slipknot

Meðlimir ný-þungarokkhljómsveitarinnar Slipknot eru ekki á sömu skoðun um framtíð hljómsveitarinnar. Söngvarinn Corey Taylor er neikvæður á meðan trommarinn Joey Jordison segir hljómsveitina eilífa.

Taylor sagði nýlega í viðtali við bandaríska útvarpsstöð að tónleikaferðalag sumarsins ráði úrslitum um framtíð hljómsveitarinnar. „Ég ætla ekki að vekja falska von hjá aðdáendum okkar,“ sagði hann dramatískur. „Ef þetta tónleikaferðalag gengur ekki upp gætu dagar hljómsveitarinnar verið taldir.“

Taylor var með ummælunum að svara Jordison sem sagði á dögunum að Slipknot verði alltaf til –með eða án Corey Taylor. - afb



**ÓSAMMÁLA** Meðlimir Slipknot virðast ekki vera á sömu línunni.



**VERÐLAUNAHAFI** Patti Smith fær sænsku Polar-verðlaunin ásamt strengjakvartettinum Kronos Quartet.

# Patti Smith fær Polar

**Söngkonan Patti Smith og bandaríski strengjakvartettinn Kronos Quartet fá sænsku Polar-tónlistarverðlaunin í ár. Tónlistarfólkið tekur á móti verðlaununum, sem nema um átján milljónum króna, í Stokkhólmi síðar á þessu ári. Í yfirlýsingu dómnefndarinnar segir að Patti Smith hafi sýnt hve mikið rokk og ról er í ljóðlistinni og hversu mikil ljóðlist er í rokkinu. Þar segir einnig að Smith hafi „breytt því hvernig heil kynslóð lítur út, hugsar og dreymir“. Á síðasta ári hlutu Björk og ítalska tónskáldið Ennio Morricone Polar-verðlaunin.**

# Larry David í The Stooges

**Larry David úr þáttunum Curb Your Enthusiasm mun að öllum líkindum bætast við leikaralið gamanmyndarinnar The Three Stooges. David mun þá leika nunnuna Mengele sem rekur munaðarleysingjahæli þar sem vitleysingjarnir The Stooges vaxa úr grasi. Framleiðsla á myndinni hefst síðar í þessum mánuði.**

**Farrelly-bræður leikstýra myndinni, sem er byggð á vinsælum Stooges-myndum sem fyrst litu dagsins ljós á fyrri hluta síðustu aldar. Farrelly-bræðurnir eru þekktir fyrir myndir á borð við Dumb and Dumber, There´s Something About Mary og Kingpin.**



**NÝTT HLUTVERK** Larry David fer líklega með hlutverk í gamanmyndinni The Stooges.

# Mariah Carey eignast tvíbura

Söngkonan Mariah Carey eignaðist tvíbura um helgina, en þeir fæddust á þriggja ára brúðkaupsafmæli hennar og Nicks Cannon.

Þau nýttu tækifærið og endurnýjuðu brúðkaupsheiti sín og hver annar en prestur fræga fólksins, Al Sharpton, sá um það. Hallelúja!

Hjónakornin hafa ekki tjáð sig um nýfæddu tvíburana, en Sharpton lét nokkur góð orð falla á Twitter um helgina. „Ég er hérna hjá Mariuh Carey og Nick Cannon,“ skrifaði hann. „Hún eignaðist tvíbura í gær á þriðja brúðkaupsafmælinu þeirra. Ég stýrð bæn með þeim. Ég endurnýjaði líka brúðkaupsheitin hennar og blessaði tvíburana.

María lítur frábærlega út og börnin eru falleg. Ég er svo hrærður að sjá hversu einlæg andleg skuldbinding þeirra er. Þau hafa ekki látið velgengnina hrinda sér frá Guði. Ég er svo stoltur.“ Amen.



**HAMINGJA** Mariah Carey og Nick Cannon, eiginmaður hennar, eignuðust tvíbura um helgina.



# Hamborgarar handa tökuliðinu



Eva Longoria og mótleikarar hennar í sjónvarpsþáttunum Desperate Housewives, þau Tuc Watkins, Kevin Rahm og Vanessa Williams, fengu hamborgarabíl frá fyrirtækinu Fatburgers til að mæta á tökustað þáttanna fyrir skömmu. Tilefnið var síðasti tökudagur nýju þáttaraðarinnar.

Uppátækið féll vel í kramið enda höfðu leikararnir og tökuliðið lagt á sig mikið erfiði til að ljúka við þáttaröðina. Gæddi hópurinn sér á hamborgurunum og öllum kaloríunum sem þeim fylgdu með bros á vör.

Hin 36 ára Longoria er ekki eina stjarnan sem hefur gefið mótleikurum sínum gott að borða á tökustað. Ekki er langt síðan Jessica Biel og Gerard Butler keyptu formkökur handa tökuliðinu þegar þau léku í myndinni Playing the Field í bænum Shreveport í Louisiana-ríki. Leikkonan Katie Holmes var einnig gjafmild við tökur á myndinni Mad Money. Hún keypti alls konar góðgæti handa mótleikurum sínum og tökuliði, þar á meðal ávaxtadrykki, ís, pitsur og formkökur.

**PANTAÐI HAMBORGARA** Eva Longoria pantaði hamborgara handa tökuliði þáttanna Desperate Housewives.

**GAF FORMKÖKUR** Jessica Biel og Gerard Butler gáfu tökuliðinu formkökur.

# Palli gerir upp Eurovision-söguna með stjörnunum

**Páll Óskar er sannkallaður atvinnumaður í Eurovision. Auk þess að vera alfræðiorðabók um keppnina heldur hann partí á Nasa á hverju ári þar sem Eurovision-sagan er gerð upp. 2011 verður engin undantekning.**



**STÓRSTJÖRNUR PALLA**

**Páll Óskar** hefur hópað öllum helstu Eurovision-stjörnunum saman fyrir árlegt partí á Nasa. Silfurverðlaunahafarnir **Selma Björns** og **Jóhanna Guðrún** taka að sjálfsögðu lagið.

„Mér hefur aldrei tekist að raka saman jafn mörgum stjörnum undir sama þak," segir Páll Óskar Hjálmtýsson, herra Eurovision og skærasta poppstjarna landsins.

Árlegt Eurovision-partí Páls Óskars verður haldið á Nasa á laugardaginn í næstu viku, en fyrr um kvöldið syngja Evrópubúar til úrslita í Eurovision í Þýskalandi. Þeir sem koma fram í partíi Palla eru Stefán Hilmarsson, Eyjólfur Kristjánsson, Helga Möller, Sigga Beinteins, Sissa, Hera Björk, Jóhanna Guðrún og Selma Björns, auk þess sem Páll Óskar flytur að sjálfsögðu bestu lög sín.

„Þetta eru allar sprengjurnar undir sama þaki," segir Páll Óskar. Hann byrjar að spila á miðnætti um leið og húsið er opnað. Stundvíslega klukkan 1.30 stíga svo stjörnurnar á svið og syngja í einn og hálfan tíma. Páll segir að gera megi ráð fyrir að heyra smelli á borð við Nínu, Eitt lag enn, All Out of Luck, Is It True?, Minn hinsti dans, Je Ne Sais Quoi, Nei eða já og Gleðibankinn. Semsagt, rándýr dagskrá.

Páll Óskar lofar að matreiða Eurovision-söguna ofan í dansglaða gesti ásamt helstu partíslögurum mannkynssögunnar. Hann segir gengi Íslendinga í keppninni aldrei hafa haft áhrif á partíið. „Það fer alltaf af húsinu þegar íslensku Eurovision-stjörnurnar stíga á svið og taka lögin sín," segir hann.

atlifannar@frettabladid.is

# Miley syngur Nirvana-lag

Söng- og leikkonan Miley Cyrus kom fram á tónleikum í Ekvador í vikunni og flutti einn frægasta rokksmell sögunnar, Smells Like Teen Spirit eftir Kurt Cobain.

Cyrus tileinkaði bróður sínum flutninginn og sagði áhorfendum að þau hefðu oft sungið lagið saman á yngri árum sínum, en það kom út skömmu eftir að hún fæddist.

Eftir flutninginn má velta fyrir sér hvernig Kurt Cobain, forsprakki Nirvana, sneri sér í gröfinni, en hann lést 5. apríl árið 1994. Áhorfendur tóku engu að síður gríðarlega vel í útgáfu Cyrus á laginu þrátt fyrir að þeir hafi eflaust flestir verið að heyra það í fyrsta skipti.



**ROKK OG RÓL** Miley Cyrus flutti lagið Smells Like Teen Spirit og Kurt Cobain velti sér í gröfinni.

# Fær 56 þúsund frá Sheen

**Skilnaður Brooke Mueller og Charlie Sheen hefur endanlega verið lögfestur. Leikaranum er nú gert skylt að greiða Mueller 56 þúsund dollara eða sex milljónir íslenskra króna á mánuði í meðlag. Mueller og Sheen eignuðust tvíburasyni saman en samband þeirra var stormasamt í meira lagi. Dómari í málinu komst að þeirri niðurstöðu að ekki mætti mismuna börnum Sheen og Denise Richards, en leikkonan fær sömu upphæð frá Sheen um hver mánaðarmót. Sheen þarf því að greiða tólf milljónir íslenskra króna í meðlög hinn fyrsta hvers mánaðar.**


midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THOR 3D | 5, 7.30 og 10 POWER |
| RIO - ISL TAL 3D | 6 |
| YOUR HIGHNESS | 10.10 |
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| KURTEIST FÓLK | 8 |

The Metropolitan Opera HD LIVE
GIUSEPPE VERDI
IL TROVATORE
miðasala á www.operubio.is
Í KVÖLD



SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THOR kl. 5:30 - 8 - 10:30 POWERSÝNING | | 12 |
| ARTHUR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| ARTHUR Luxus VIP | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | VIP |
| DREKABANAR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| CHALET GIRL | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| SOURCE CODE | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| SUCKER PUNCH | kl. 5:50 | 12 |
| UNKNOWN | kl. 8 - 10:30 | 16 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| THOR | kl. 8 - 10:30 | 12 |
| THE ADJUSTMENT BUREAU | kl. 8 | 10 |
| SOURCE CODE | kl. 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| LINCOLN LAWYER | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10.30 | 7 |
| RIO 3D M/ ísl. Tali | kl. 5.40 | L |
| SOURCE CODE | kl. 5.40 | 12 |
| CHALET GIRL | kl. 8 | L |
| RED RIDING HOOD | kl. 10.20 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| IL TROVATORE Ópera Endurflutt | kl. 6 | 12 |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 5:30 - 8 - 10 | 7 |
| ARTHUR | kl. 10:30 | 12 |
| RED RIDING HOOD | kl. 8 - 10:20 | L |
| DREKA BANAR M/ ísl. Tali | Sýnd á morgun kl. 6 | L |
| BARNEY´S VERSION | kl. 5:30 | |

www.SAMbio.is

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
KOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| THOR 3D Í LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SCREAM 4 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 3D ENSKT TAL ÓTEXTUÐ | KL. 3.30 | L |
| YOUR HIGHNESS | KL. 8 | 16 |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |
| LIMITLESS | KL. 10.20 | 14 |

HÁSKÓLABÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS — 5%

| | | |
|---|---|---|
| HÆVNEN | KL. 5.25 – 8 – 10.35 | 12 |
| THOR 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| KURTEIST FÓLK | KL. 5.45 | L |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 5.50 | L |
| OKKAR EIGIN OSLÓ | KL. 8 - 10.10 | L |

BORGARBÍÓ — NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | KL. 8 - 10.15 | 12 |
| SEASON OF THE WITCH | KL. 8 SÍÐASTA SÝNING | 14 |
| HANNA | KL. 10 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

BÍÓ ★ PARADÍS
BAR & CAFÉ
MIÐVIKUDAGUR

| | |
|---|---|
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| A WOMAN, A GUN AND A NOODLE SHOP | 18:00, 22:00 |
| BLUE VALENTINE | 17:50, 20:00, 22:10 |
| FOUR LIONS | 18:00, 20:00, 22:20 |
| KRÍAN, A ROAD MOVIE (BOÐSSÝNING) | 20:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
FERSKT GARÐASALAT Í BÓNUS
BÓNUS FERSKT KLETTASALAT
279 KR. 75g
FERSKT LAMBHAGA SALAT
275 KR. í potti
Lambhagi
BÓNUS FERSKT SPÍNAT
398 KR. 200g
695 KR. KIPPAN
PEPSI & PEPSI MAX
4 FL. X 2 LTR.
FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1959 KR.KG.
FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
679 KR.KG.
695 KR. KIPPAN
PEPSI & PEPSI MAX
4 FL. X 2 LTR.
FERSKUR KJÚKLINGUR FRÁ KJÖRFUGLI
GOTT VERÐ Í BÓNUS
Nr.1
VINSÆLASTA LAMBALÆRIÐ Í BÓNUS
ÍSLANDS LAMB
1359 KR.KG
Sérskorið ferskt Bónus lambalæri. Efsti hluti mjaðmabeins og rófubeinið er skorið frá og því er meira kjöt og minna bein á lærinu!
BÓNUS SÉRSKORIÐ FERSKT LAMBALÆRI
FERSKT BLANDAÐ HAKK 100% KJÖT
898 KR.KG
1298 KR.KG
Ómissandi í frystinn. Þiðnar á klst í köldu vatni.
KS FROSIÐ LAMBALÆRI Í SNEIÐUM
NÝTT NÝTT NÝTT
SWEET CHILLI PIPAR
Doritos
Doritos 165g ÞRJÁR TEGUNDIR
195 KR. POKINN
BÓNUS SMYRILL
300g
129 KR.
7500 DÓSIR Í BOÐI Á ÞESSU VERÐI
KJARNAFÆÐI FROSNIR 10 x 120g
UNGNAUTAHAMBORGBORGARAR
1598 KR.PAKKINN
4 STK. BÓNUS RISA
HAMBORGARABRAUÐ 159 KR. 4 STK
FABRIKKU SÓSAN 359 KR.300ml
BÓNUS KORNBRAUÐ
1 KG / 26 SNEIÐAR
198 KR.
KYCKLINGFILÉ
EUROSHOPPER FROSNAR
KJÚKLINGABRINGUR 900G
1398 KR.POKINN
BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

# sport

sport@frettabladid.is



**FH** getur í kvöld orðið Íslandsmeistari í handknattleik karla í fyrsta sinn í nítján ár. Þá mætir liðið Akureyri í fjórða leik liðanna í úrslitarimmunni um titilinn en FH leiðir í henni, 2-1. FH-ingar komust í 2-0 en Akureyringum tókst að minnka muninn í síðasta leik liðanna og freista þess í kvöld að knýja fram oddaleik.



**TITILL Í GARÐABÆINN** Stjörnustúlkur unnu góðan sigur á Val í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Lengjubikarkeppni kvenna:

## Stjarnan vann Val í úrslitaleik

**FÓTBOLTI** Stjarnan er Lengjubikarmeistari kvenna eftir sigur á Val í úrslitaleik keppninnar, 2-1. Úrslitin komu vissulega á óvart enda Val tvöfaldur meistari og spáð titlinum í ár.

Björk Gunnarsdóttir kom Val yfir í fyrri hálfleik en þær Kristin Edmonds og Ásgerður Stefanía Baldursdóttir skoruðu mörk Stjörnunnar í þeim síðari.

Keppni í Pepsi-deild kvenna hefst laugardaginn 14. maí en árlegur Meistaraleikur KSÍ fer fram á laugardaginn. Þar mætast Valur og Þór/KA. - esá

**Breiðablik 2-3 KR**

Kópavogsvöllur, áhorf.: 2.269 — Magnús Þórisson (5)

*0-1 Kjartan H. Finnbogason, víti (7.)*
*1-1 Kristinn Steindórsson, víti (15.)*
*1-2 Kjartan Henry Finnbogason (36.)*
*1-3 Finnur Margeirsson, sjálfsm. (57.)*
*2-3 Guðmundur Kristjánsson (91.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–16 (3–11) |
| Varin skot | Ingvar 1, Sigmar 6 – Hannes 1 |
| Horn | 1–6 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–7 |
| Rangstöður | 1–4 |

| **BREIÐAB.** 4–3–3 | | **KR** 4–3–3 | |
|---|---|---|---|
| Ingvar Þór Kale | 4 | Hannes Þór Halld. | 6 |
| Arnór Sveinn Aðalst. | 4 | Magnús Már Lúðv. | 4 |
| Kári Ársælsson | 5 | (46. Dofri Snorrason | 5) |
| Elfar Freyr Helgason | 5 | Skúli Jón Friðgeirss. | 6 |
| Kristinn Jónsson | 6 | Grétar S. Sigurðars. | 6 |
| (82. Andri Yeoman | -) | Guðm. Reynir Gunn. | 5 |
| Guðm. Kristjánsson | 5 | Bjarni Guðjónsson | 6 |
| Jökull Elísabetarson | 4 | Viktor Bjarki Arnarss. | 6 |
| Finnur Orri Marg. | 4 | Baldur Sigurðsson | 4 |
| Haukur Baldvinsson | 5 | Óskar Örn Hauksson | 5 |
| (22. Sigmar Ingi Sig. | 6) | ***Kjartan Henry F.** | **8** |
| Arnar Már Björgv. | 7 | (82. Ingólfur Sig. | -) |
| (64. Tómas Óli G. | 6) | Guðjón Baldvinsson | 4 |
| Kristinn Steindórss. | 5 | (79. Gunnar Örn J. | -) |

*Maður leiksins



**TVEGGJA MARKA MAÐUR** Kjartan Henry Finnbogason skoraði tvö fyrstu mörk KR-inga í gær, en liðið vann á endanum 3-2 sigur í viðburðaríkum leik. Hér er Kjartan, þriðji frá hægri, að fagna öðru marka sinna. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Blikar máttu ekki við margnum

**Tíu leikmenn Breiðabliks urðu að játa sig sigraða, 2-3, gegn ellefu leikmönnum KR í gær en Blikar léku manni færri í 70 mínútur. KR-ingar voru værukærir í lokin og hefðu getað tapað niður unnum leik.**

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn KR fóru aldrei þessu vant kátir heim eftir fyrsta leik síns liðs í Íslandsmótinu. KR hefur byrjað síðustu Íslandsmót illa og það var því kærkomið fyrir Vesturbæinga að vinna góðan útisigur á Íslandsmeisturunum í fyrsta leik.

Fyrri hálfleikur var heldur betur fjörugur. Bæði lið voru mætt til þess að sækja og sóttu á víxl allan hálfleikinn. Eftir nokkurra mínútna leik braut Elfar Freyr Helgason á Guðjóni Baldvinssyni og Magnús Þórisson dómari gat lítið annað en dæmt víti. Kjartan Henry skoraði örugglega út vítinu.

Kjartan var aftur í sviðsljósinu á 15. mínútu þegar hann virtist festa fótinn í grasinu. Fyrir vikið hrasaði hann mjög klaufalega í teignum og á Arnar Már Björgvinsson. Vítaspyrna dæmd. Úr henni skoraði Kristinn Steindórsson auðveldlega.

### Ingvar fékk beint rautt

Fjórum mínútum síðar varð ákveðinn vendipunktur í leiknum. Ingvar Kale, markvörður Blika, handfjatlaði þá boltann utan teigs og rændi KR færi. Magnús gat því lítið annað en rekið Ingvar af velli. Að vera aðeins tíu háði Blikum lítið því þeir sóttu sízt minna það sem eftir lifði hálfleiksins.

Jafnt hefði átt að vera í liðunum eftir hálftíma leik er Magnús Már Lúðvíksson hefði með réttu átt að fá sitt annað gula spjald. Magnús Þórisson dómari gaf honum tiltal við litla hrifningu Blika. Þar slapp Magnús Már afar vel svo ekki sé meira sagt.

Kjartan Henry hafði ekki sungið sitt síðasta í leiknum en hann var áberandi á báðum endum. Hann skoraði afar glæsilegt mark á 36. mínútu. Tók þá skot utan teigs sem sveif fallega í fjærhornið. Varamarkvörðurinn Sigmar gat lítið gert.

Talsverður vindur virtist úr leikmönnum í síðari hálfleik og náði leikurinn aldrei neinum hæðum. Finnur Orri skoraði sjálfsmark og kom KR í 1-3. Eftir það dó leikurinn nánast, þar til í lokin er Guðmundur skoraði óvænt. Þá kom smá líf en tíminn var of lítill fyrir heimamenn.

„Þetta er léttir og mikil gleði. Við erum að fara á heimavöll Íslandsmeistaranna. Blikar eru gríðarlega sterkir og það eru tíu leikmenn í byrjunarliðinu sem urðu Íslandsmeistarar í fyrra. Við vissum að þetta yrði erfið rimma," sagði Rúnar Kristinsson, þjálfari KR, en var hann sammála því mati Blika að Magnús Már hefði átt að fjúka út af?

> Dómarinn mat þetta sem svo að þetta hefði ekki verið alvarlegt og við verðum að lifa með því.
>
> ÓLAFUR KRISTJÁNSSON
> ÞJÁLFARI BREIÐABLIKS

### Ánægjuleg tilbreyting

„Ég sá Magnús taka boltann en vissulega tók hann manninn í leiðinni. Dómarinn var lengi að taka ákvörðun um hvort ætti að dæma aukaspyrnu yfir höfuð. Eflaust getum við samt þakkað fyrir að við misstum hann ekki út af," sagði Rúnar. Það er ánægjuleg tilbreyting fyrir KR að byrja mót vel en liðið hefur oftar en ekki byrjað brösuglega á síðustu árum.

„Mér fannst þetta falla með okkur að þessu sinni. Ég óttaðist aðeins undir lokin að við værum að gera sömu mistök og fyrir ári, að breyta of miklu. Það virtist meiri kraftur í Blikum undir lokin en þetta slapp sem betur fer."

Ólafur Kristjánsson, þjálfari Breiðabliks, gat ekki kvartað undan frammistöðu síns liðs, sem lék í 70 mínútur manni færri gegn KR en tapaði með einu marki.

„Það eru blendnar tilfinningar. Mér líður ekkert illa með leikinn sem slíkan. Ég hefði samt viljað sjá okkur setja meiri kraft í sóknarleikinn í seinni hálfleik. Þetta er bara einn leikur af 22," sagði Ólafur, sem var mjög ósáttur er Magnús Már fékk að hanga inni á vellinum í fyrri hálfleik.

„Það má alveg segja að það hafi verið grundvöllur fyrir því að einhver úr KR-liðinu fengi sitt annað gula spjald," sagði Ólafur sposkur. „Dómarinn mat þetta svo að þetta hefði ekki verið alvarlegt og við verðum að lifa með því."

henry@frettabladid.is





SUMARKORT
SPORTHÚSSINS
VERÐ 12.900 kr.
Kortið gildir í 4 mánuði
frá 26. apríl - 26. ágúst
SUMARKORT
+ árskort í sundlaugar Kópavogs
Á aðeins 17.900 kr.
Innifalið: Einn tími með einkaþjálfara sem
fitumælir og býr til æfingaprógramm sem hentar þér.
SPORTHÚSIÐ
heilsurækt fyrir alla
DALSMÁRA 9 - 11 • KÓPAVOGI • S. 5644050

Sundsvall Dragons knúði fram oddaleik:

# Jakob hetja Sundsvall

**KÖRFUBOLTI** Sundsvall Dragons vann í gær sigur á Norrköping Dolphins, 94-93, í æsispennandi framlengdum leik og knúði þar með fram oddaleik í rimmu liðanna um sænska meistaratitilinn.

Norrköping leiddi á lokamínútnni og allt stefndi í sigur liðsins þar til Jakob Örn Sigurðarson setti niður þriggja stiga körfu þegar aðeins tvær sekúndur voru til leiksloka og jafnaði þar með metin, 86-86. Framlengja þurfti því leikinn.

Úrslitin réðust svo á vítalínunni í lok framlengingarinnar. Þegar 22 sekúndur voru eftir var staðan jöfn og brotið á Jakobi. Hann steig á vítalínuna og skoraði úr báðum vítunum.

Tveimur sekúndum fyrir leikslok svo komið að leikmanni Norrköping og átti hann möguleika á að jafna metin. Hann klikkaði hins vegar á síðara vítakastinu, Jakob hirti frákastið og þar við sat.



**JAKOB ÖRN** Brást ekki á ögurstundu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jakob skoraði fimm af átta stigum Sundsvall í framlengingunni og alls 28 í leiknum. Hlynur Bæringsson skoraði sex stig, tók níu fráköst og gaf fimm stoðsendingar. Staðan í rimmunni er nú 3-3 og fer oddaleikurinn fram á annað kvöld. **- esá**

RE/MAX®

Veldu þér löggiltan fasteignasala sem nær árangri í sölu á eignum !

Sel og leigi fasteignir fljótt og vel !



Frítt verðmat fyrir sölu
Hringdu núna
893 1819

Eggert Ólafsson
Löggiltur fasteignasali
Löggiltur leigumiðlari
eggert@remax.is

RE/MAX-LIND • Hlíðasmára 6 • 201 Kópavogur • Þórarinn Jónsson hdl og lgf

Byssur í staðinn fyrir bingó-vöðva!

4 vikna námskeið hefst 10. maí

» Sérhannað árangursríkt æfingakerfi
» Mótar og styrkir upphandleggsvöðva
» Mikil áhersla á efri part líkamans
» 2 fastir hóptímar
» 2 tímar í tækjasal með þjálfara
» Handklæði og herðanudd í pottunum

Losaðu þig við slappa upphandleggsvöðva!



Skráðu þig strax í síma 444 5090

NORDICASPA

www.nordicaspa.is

# Gömlu refirnir sáu um Þór

**Helgi Sigurðsson og Björgólfur Takefusa skoruðu báðir í 2-0 sigri Víkings á Þór í nýliðaslag í fyrstu umferð Pepsi-deildar karla. Vorbragur var á leik liðanna í gær en markheppni „gömlu refanna“ reyndist dýrmæt fyrir þá röndóttu í gær.**

**FÓTBOLTI** Nýliðarnir Víkingur og Þór mættust í fyrstu umferð Pepsi-deildarinnar á Víkingsvelli í gærkvöldi. Víkingar höfðu 2-0 sigur með tveimur mörkum í hvorum hálfleik. Fátt skildi liðin að nema þá markheppni gömlu refanna í liði þeirra rauðsvörtu úr Fossvoginum. Helgi Sigurðsson og Björgólfur Takefusa sýndu að markheppni þeirra er dýrmætur eiginleiki fyrir lið Víkings.

Þórsarar byrjuðu þó betur og virtust líklegri til að skora fyrstu 25 mínúturnar. Það var ekki fyrr en Helgi Sigurðsson skoraði dæmigert mark fyrir sig á 29. mínútu sem heimamenn vöknuðu. Seinni hálfleikur var rétt eins og sá fyrri mikill barningur og má vel grípa til klisjunnar um að vorbragur hafi verið á leiknum. Lítið var um marktækifæri í seinni hálfleik en þó gátu Víkingar aldrei slakað á klónni vitandi af hættulegum framherjum Þórs. Með tilkomu Björgólfs Takefusa færðist aukið líf í sóknarleik heimamanna og það var einmitt hann sem gerði út um leikinn með skallamarki frá markteig eftir að Denis Abdulahi hafði sent boltann inn í teig frá hægri vængnum. Lokastaðan var 2-0 í leik þar sem sigurinn hefði getað endað hvoru megin sem var en reynsla og markheppni Víkinga gerði gæfumuninn.

Helgi Sigurðsson, framherji Víkinga, var mjög sáttur með stigin þrjú. „Þetta var baráttuleikur eins og við höfðum gert ráð fyrir. Við áttum gríðarlega erfiðar fyrstu 15-20 mínúturnar án þess að þeir hafi þó náð að skapa sér mikið. Eftir að hafa haldið út þann kafla var mjög mikilvægt að skora fyrsta markið. Við náðum þá betri ró á liðið og spiluðum betur saman. Seinni hálfleikur var jafnræði með liðunum. Alls ekki falleg knattspyrna en baráttan í algleymingi og sem betur fer náðum við að halda hreinu og setja svo eitt í lokin. Glæsilegt mark frá Bjögga. Við gömlu refirnir höldum áfram að skora og það er bara jákvætt.“

Helgi hefur ekki spilað með Víkingi í úrvalsdeild síðan 1992 og þótti honum gaman að endurtaka þann leik. „Það er auðvitað frábært að spila aftur í Víkinni eftir nítján ár. Draumurinn var alltaf að stýra liðinu upp í úrvalsdeild og taka allavega 1-2 ár í viðbót. Stuðningsmennirnir létu vel í sér heyra í seinni hálfleik og þeir mættu vel og það er því bara undir okkur komið að standa okkur.“ **- ae**



**SKORAÐI Í FYRSTA LEIK** Björgólfur Takefusa kom inn á af bekknum í sínum fyrsta leik með Víkingi og var ekki lengi að láta til sín taka. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**VÍKINGUR 2-0 ÞÓR**

*1-0 Helgi Sigurðsson (29.)*
*2-0 Björgólfur Takefusa (84.)*

Víkingsvöllur, áhorfendur: Óuppgefið.
Dómari: Valgeir Valgeirsson (5)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–6 (6–3) |
| Varin skot | Magnús 3 – Rajkovic 4 |
| Horn | 8–3 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–13 |
| Rangstöður | 4–1 |

**Víkingur 4–5–1** Magnús Þormar 6 – Hörður Bjarnason 6, Egill Atlason 6, Mark Rutgers 5, Walter Hjaltested 5 – Denis Abdulahi 5, Halldór Smári Sigurðsson 6, Sigurður Lárusson 4 (69. Björgólfur Takefusa 7), Baldur Aðalsteinsson 4, Pétur Markan 3 (82. Gunnar Steindórsson -) – ***Helgi Sigurðsson 7.**

**Þór 5–3–2** Srdjan Rajkovic 6 – Gísli Páll Helgason 6, Þorsteinn Ingason 5, Atli Jens Albertsson 6, Janez Vrenko 4, Ingi Freyr Hilmarsson 4 (63. Ármann Pétur Ævarsson 4) – Sigurður Marinó Kristjánsson 5 (63. Aleksander Linta 5), Gunnar Már Guðmundsson 5, Atli Sigurjónsson 6 – Jóhann Helgi Hannesson 6, Sveinn Elísa Jónsson 4.

Barcelona tryggði sér í gær sæti í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu:

# Mourinho féll á stóra prófinu

**FÓTBOLTI** Barcelona tryggði sér í gær sæti í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu með jafntefli gegn Real Madrid á heimavelli og 3-1 samanlögðum sigri í undanúrslitarimmu liðanna.

Barcelona var nærri því að komast yfir í fyrri hálfleik en var stálheppið að lenda ekki undir í upphafi þess síðari. Þá skoraði Gonzalo Higuain mark sem dómari leiksins, Franck de Bleeckere, dæmdi ógilt þar sem honum þótti Cristiano Ronaldo brjóta á Javier Mascherano í aðdraganda marksins. Óneitanlega umdeilanlegur dómur.

Aðeins nokkrum mínútum síðar kom Pedro Börsungum yfir eftir að hann fékk sendingu inn fyrir vörn Real Madrid frá Andrés Iniesta. Tíu mínútum síðar jafnaði Marcelo metin fyrir gestina frá Madríd en fleiri urðu mörkin ekki.

„Ég er hæstánægður,“ sagði markaskorarinn Pedro eftir leik. „Real er með marga stórgóða leikmenn og gerði okkur erfitt fyrir. En það er alltaf erfitt að komast í úrslitaleik Meistaradeildarinnar.“

Jose Mourinho, stjóri Real Madrid, tók við félaginu í haust og ætlaði sér stóra hluti í vetur.



**FÖGNUÐUR** Xavi og félagar hans í Barcelona fagna marki Pedro í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Real vann að vísu spænsku bikarkeppnina en á mjög veika von um að ná Barcelona að stigum í spænsku úrvalsdeildinni og er nú fallið úr leik í Meistaradeildinni. Mourinho féll á stóra prófinu í gær en líklegt er að þessi rimma hafi frekar tapast í fyrri leiknum sem fór fram á heimavelli Real.

Barcelona mætir annað hvort Manchester United eða Schalke í úrslitaleiknum á Wembley hinn 28. maí næstkomandi. United tekur á móti Schalke í kvöld og er í góðri stöðu eftir 2-0 sigur á útivelli í fyrri leik liðanna.

Pedro reiknar með að mæta United í úrslitaleiknum „Vonandi getum við unnið úrslitaleikinn. Við vitum þó að það verður erfitt þar sem United er með frábært lið.“

Barcelona vann United í úrslitaleik Meistaradeildarinnar fyrir tveimur árum, 2-0. **- esá**

# Ráðstefna á **Akureyri** um upplýsingatækni

**Vorráðstefna Skýrr er öllum opin: Sextán fyrirlestrar, fimm þemalínur og frábært partý!**

EJS HLUTI AF SKÝRR

HUGUR / AX

**VORRÁÐSTEFNA SKÝRR** verður haldin 6. maí á Hótel KEA.

Ráðstefnan fjallar um allt það sem máli skiptir í upplýsingatækni fyrir atvinnulífið.

**VORRÁÐSTEFNA SKÝRR** er opin öllu áhugasömu fólki í atvinnulífinu meðan húsrúm leyfir og þátttaka er gestum að kostnaðarlausu.

Dagskrá **VORRÁÐSTEFNU SKÝRR** hefur rauðan þráð, sem er aukin hagkvæmni og betri rekstur með ýmsum tólum upplýsingatækninnar. Jafnframt sækja ráðstefnuna góðir gestir sem munu meðal annars fjalla um ávinning af útvistun upplýsingatækni.

Skráðu þig með því að senda póst til skyrr@skyrr.is

## 13:00 ---- INNGANGUR

Skýrr í hnotskurn: Heimafólk og hagkvæm þjónusta
**Gestur G. Gestsson, forstjóri Skýrr**

## 13:10 ---- VIÐSKIPTALAUSNIR

Microsoft Dynamics NAV: Sérsmíðaðar lausnir fyrir atvinnulífið
**Erna Valdís Sigurðardóttir, ráðgjafi hjá Skýrr**

Ópusallt: Alvöru fjárhagskerfi fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki
**Birgir Kaldal Kristmannsson, ráðgjafi hjá Skýrr**

TOK bókhalds- og launakerfin: Með 30 ára reynslu, en síung
**Sigrún Víglundsdóttir, þróunarstjóri TOK**

## 14:00 ---- HAGKVÆMNI

Viðskiptalausnir í hýsingu: Hagkvæm lausn fyrir alla vinnustaði
**Magnús Ingi Stefánsson, forstöðumaður hjá viðskiptalausnum Skýrr**

Hvers vegna er snjallt að útvista umsjón með tölvukerfum og tengdum þjónustuþáttum?
**Jón Arnar Jónsson, sérfræðingur hjá Skýrr**

Sparaðu með Microsoft
**Jóhann Áki Björnsson, ráðgjafi hjá Skýrr**

Rafræn viðskipti: Skeytamiðlun og rafrænir reikningar við allra hæfi
**Enok Jón Kjartansson, ráðgjafi hjá Skýrr**

## 15:00 ---- YFIRSÝN

Viðskiptagreind fyrir stóra sem smáa: Spennandi lausnir frá SAP BusinessObjects, Microsoft og Targit
**Sturla Sigurðsson, ráðgjafi hjá Skýrr**

Microsoft SharePoint: Einföld og stöðluð fyrirtækjalausn fyrir skjöl, verkefni og samninga
**Sigvaldi Óskar Jónsson, ráðgjafi hjá Skýrr**

Bakvörður xpress: Einfalt og þægilegt tímaskráningarkerfi sem hentar öllum
**Jóhann Gísli Sigurðsson, viðskiptastjóri hjá HugAx**

## 16:00 ---- REYNSLA

Uppbygging og rekstur tölvukerfis sveitarfélaga
**Guðbjartur Ellert Jónsson, fjármálastjóri Norðurþings**

Hvernig gerir viðskiptahugbúnaður fyrirtækjum mögulegt að ná forskoti í samkeppni?
**Auðjón Guðmundsson, markaðsstjóri Kjarnafæðis**

## 16:30 ---- ÞJÓNUSTA

Netverslun 101: Hvað skiptir máli í verslun og viðskiptum á netinu? Hvað einkennir þá sem ná árangri?
**Sigrún Eva Ármannsdóttir, forstöðumaður veflausna Skýrr**

Stjórnun viðskiptatengsla (CRM): Betri árangur í rekstri með markvissri stjórnun samskipta
**Hjalti G. Hjartarson, ráðgjafi hjá Skýrr**

Aukin þjónusta við viðskiptavini og betri kjarnafærni: Útvistun í íslenskum þjónustufyrirtækjum
**Ingi Rúnar Eðvarðsson, prófessor við Háskólann á Akureyri**

## 17:30 ---- KOLLEGAR SPJALLA

Kokteilboð til kl. 20
Léttar veitingar í föstu og fljótandi formi
Ljúffengir tónar og uppistand

**569 5100**
**skyrr@skyrr.is**

SKÝRR
*Velkomin*

## > Val Kilmer

„Margir gamlir karlar í bíómyndum eru eins og kúrekar. Þeir tala eins og kúrekar og klæða sig eins og kúrekar.“

***Val Kilmer leikur fyrrverandi hermann sem ákveður að heimsækja vin sinn og stríðsfélaga, en þegar hann kemur á heimaslóðir er vinurinn horfinn og enginn vill viðurkenna að hafa yfirhöfuð þekkt hann í spennumyndinni Conspiracy sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ EIRÍKUR STEFÁN ÁSGEIRSSON HORFÐI Á KARLMENN TALA UM FÓTBOLTA

# *Bragðgóðar markasúpur á boðstólum*

Loksins, loksins, loksins er sumarið hafið – og þá meina ég Pepsi-deild karla í fótbolta. Eftir þessu hefur maður beðið frá því að síðasta móti lauk fyrir um sjö mánuðum. Reyndar var örlítil bið á því að sumarið kæmi, þökk sé jólasnjókomunni um helgina. En enginn er að spá í það lengur enda boltinn byrjaður að rúlla.

Einnig hafði ég beðið með nokkurri eftirvæntingu eftir markaþáttunum tveimur á Stöð 2 Sporti (Pepsi-mörkunum) og RÚV (Íslenska boltanum). Það er margt keimlíkt með þessum þáttum – einn þáttarstjórnandi með tveimur sérfræðingum en allir eru þekktar kempur í íslenska boltanum.

Ég horfði með athygli á báða þætti. Og þeir voru góðir. Umræðurnar snarpar, innihaldsríkar og skemmtilegar. Ég vil frekar að þær njóti sín en það hefur stundum háð þessum þáttum að samantektir úr leikjum eru of langar. Þá er einnig skelfilegt að sjá hversu ótrúlega lítil gæðin eru á þeim myndum sem eru sýndar af leikjunum. Þetta er sérstaklega áberandi þegar skipt er úr settinu og á völlinn. Það er eins og að skipta úr DVD yfir í gamla VHS-spólu sem búið er að taka yfir þúsund sinnum.

Báðir þættir voru með nokkuð hefðbundnu sniði en ég kunni vel að meta litlu nýjungarnar í Pepsi-mörkunum – byrjunarliðin, mann leiksins og markasyrpuna í lok þáttar. Öll smáatriði bæta miklu lífi í þætti sem þessa.



Óskar Hrafn Þorvaldsson þreytti frumraun sína í þættinum á RÚV og stóð sig vel. Óhræddur við að segja sína skoðun og sýndi að hann hefur litlu gleymt þó svo að hann hafi ekki starfað við íþróttafréttamennsku í hálfan áratug.

Ef ég mætti fetta fingur út í eitthvað hjá þeim í Efstaleitinu væri það settið sem er notað í þættinum. Það lítur út eins og eitthvað sem RÚV fékk í arf frá Latabæ. Það skiptir þó auðvitað engu máli enda var markasúpan góð, rétt eins og á Krókhálsinum.

## RÚV

**17.20 Reiðskólinn** (6:15)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir** (32:42)
**18.30 Fínni kostur** (11:21)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Úrslitakeppnin í handbolta** Bein útsending frá fjórða leik FH og Akureyrar í úrslitakeppninni.
**21.10 Læknamiðstöðin** (50:53) (Private Practice) Bandarísk þáttaröð um líf og starf lækna í Santa Monica í Kaliforníu.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Þungarokksveitin Anvil** (Anvil! The Story of Anvil) Heimildamynd um kanadísku þungarokkhljómsveitina Anvil.
**23.40 Landinn** Frétta- og þjóðlífsþáttur í umsjón fréttamanna um allt land. (e)
**00.10 Fréttir** Endursýndur fréttatími frá klukkan tíu.
**00.20 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 Doctor Dolittle**
**10.00 Son of Rambow**
**12.00 G-Force**
**14.00 Doctor Dolittle**
**16.00 Son of Rambow**
**18.00 G-Force**
**20.00 Conspiracy**
**22.00 Wanted**
**00.00 Angel-A**
**02.00 A Prairie Home Companion**
**04.00 Wanted**
**06.00 Clerks 2**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Lois and Clark** (14:22)
**11.00 Cold Case** (16:23)
**11.45 Grey's Anatomy** (3:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Frasier** (18:24)
**13.25 Chuck** (5:19)
**14.15 Pretty Little Liars** (13:22)
**15.00 iCarly** (11:45)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (5:21)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (7:24)
**19.45 Modern Family** (3:24) Frábær gamanþáttur um líf þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna.
**20.10 Hamingjan sanna** (8:8) Í þáttunum er fylgst með átta Íslendingum sem vinna markvisst að því að auka hamingjuna.
**20.50 Gossip Girl** (12:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa í Manhattan og leggja línurnar í tísku og tónlist enda mikið lagt upp úr útliti.
**21.35 Ghost Whisperer** (7:22) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview.
**22.20 The Ex List** (3:13)
**23.05 Sex and the City** (3:20)
**23.40 Steindinn okkar** (4:8)
**00.05 NCIS** (12:24)
**00.50 Fringe** (11:22)
**01.35 Generation Kill** (1:7)
**02.40 Medium** (1:22)
**03.25 One Missed Call**
**04.50 Gossip Girl** (12:22)
**05.30 The Simpsons** (5:21)
**05.55 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**15.55 Meistaradeild Evrópu: Barcelona - Real Madrid**
**17.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**18.00 Meistaradeildin - upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins í Meistaradeild Evrópu.
**18.30 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd - Schalke**
**20.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk** Sýnt frá öllum leikjunum í Meistaradeild Evrópu i knattspyrnu. Öll helstu tilþrifin og umdeildu atvikin á einum stað.
**21.00 Golfskóli Birgis Leifs** (6:12)
**21.25 Meistaradeild Evrópu: Man. Utd - Schalke**
**23.10 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk**
**23.30 Pepsi mörkin**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 WBA - Aston Villa** Útsending frá leik West Bromwich Albion og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni.
**18.15 Wigan - Everton** Útsending frá leik Wigan og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
**20.00 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**20.55 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.25 Sunnudagsmessan** Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
**22.40 Man. City - West Ham**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (6:7) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Matarklúbburinn** (6:7) (e)
**12.25 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Dr. Phil**
**17.40 Innlit/ útlit** (9:10) (e)
**18.10 Dyngjan** (12:12) (e)
**19.00 America's Funniest Home Videos**
**19.25 Will & Grace** (4:25)
**19.50 Spjallið með Sölva** (12:16) Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarfræðingur kemur í spjallið og ræðir um hollt mataræði.
**20.30 Blue Bloods** (14:22) Hörkuspennandi þáttaröð frá framleiðendum The Sopranos með Tom Selleck í hlutverki Franks Reagan, lögreglustjóra New York borgar.
**21.15 America's Next Top Model** (6:13) Bandarísk raunveruleikaþáttaröð þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu.
**22.05 Rabbit Fall** (6:8)
**22.35 Penn & Teller** (3:10)
**23.05 Hawaii Five-0** (9:24) (e)
**23.50 Law & Order: Los Angeles** (6:22) (e)
**00.35 Heroes** (15:19) (e)
**01.15 Will & Grace** (4:25) (e)
**01.35 Blue Bloods (**14:22) (e)
**02.20 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁR*GOLF*

**06.00 ESPN America**
**08.10 Zurich Classic** (2:4)
**11.10 Golfing World**
**12.50 Zurich Classic** (2:4)
**15.50 Ryder Cup Official Film 1995**
**16.45 Ryder Cup Official Film 2006**
**18.00 Golfing World**
**18.50 Inside the PGA Tour** (17:42)
**19.20 LPGA Highlights** (6:20)
**20.40 Champions Tour - Highlights**
**21.35 Inside the PGA Tour** (18:42)
**22.00 Golfing World**
**22.50 PGA Tour - Highlights** (16:45)
**23.45 ESPN America**

## EXTRA

**19.25 The Doctors** Frábærir spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur
**20.10 Falcon Crest** (25:28) Hin ógleymanlega og hrífandi frásögn af Channing- og Giobertis-fjölskyldunum, lífið á vínbúgörðunum í Toscany-dalnum litast af stöðugum erjum milli þeirra.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Bones** (6:23) Sjötta serían af spennuþættinum Bones þar sem fylgst er með störfum dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**22.40 Ben Húr** (2:2) Seinni hluti magnaðrar sögu um hinn uppreisnagjarna Ben Húr sem er tekinn til fanga af rómverska hernum. Það var vinur hans sem sveik hann og Ben Húr ákveður að gera allt til þess að sleppa úr prísundinni og leita hefnda.
**00.15 Falcon Crest** (25:28)
**01.05 The Doctors**
**01.45 Fréttir Stöðvar 2**
**02.35 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Björn Bjarna** Friðþór Eydal og 60 ára varnarsamstarf við Bandaríkin.
**20.30 Panorama**
**21.00 Gestagangur hjá Randver** ÍNN tekur Randver opnum örmum. Randver tekur á móti Frímanni Gunnarssyni úr Sigtinu.
**21.30 Bubbi og Lobbi**
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |



## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.50**
**Gossip Girl**

Fordekruðu unglingarnir á Manhattan snúa aftur og það gengur á ýmsu. Serena og Chuck taka höndum saman gegn Lily og Blair kemst að því að mamma hennar gæti spilað stórt hlutverk í framtíðarplönum hennar.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Það er leikur að lesa **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Leynifélagið **19.30** Sinfóníukvöld - Á leið í tónleikasal **19.57** Sinfóníutónleikar í Hörpu **22.55** Veðurfregnir **23.00** Orð kvöldsins **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**09.10** The Inspector Lynley Mysteries **10.00** EastEnders **10.30** Fawlty Towers **11.00** ,Allo ,Allo! **11.35** ,Allo ,Allo! **12.05** Keeping Up Appearances **12.35** Fawlty Towers **13.10** ,Allo ,Allo! **13.45** ,Allo ,Allo! **14.15** The Weakest Link **15.00** The Weakest Link **15.50** Fawlty Towers **16.25** ,Allo ,Allo! **16.55** ,Allo ,Allo! **17.30** New Tricks **18.20** New Tricks **19.10** Top Gear **20.00** Live at the Apollo **20.45** The Catherine Tate Show **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Live at the Apollo **23.05** New Tricks **23.55** New Tricks **00.50** Top Gear

## DR 1

**12.30** Hammerslag **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Carsten og Gittes Vennevilla **14.45** Kasper & Lise **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Bonderøven **18.30** Det Søde Sommerliv **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Fem dage **21.00** Onsdags Lotto **21.05** Optakt til det Europæiske Melodi Grand Prix **22.05** OBS

## NRK 1

**11:05** Aktuelt **11:35** Urix **12:00** NRK nyheter **12:05** Ut i naturen **12:35** Norge rundt **13:00** NRK nyheter **13:10** Par i hjerter **14:00** NRK nyheter **14:10** Den nordiske smaken **14:40** Urter: Aloe Vera **15:00** NRK nyheter **15:10** Dyrisk **15:40** Oddasat - nyheter på samisk **15:55** Nyheter på tegnspråk **16:00** Førkveld **16:40** Distriktsnyheter **17:45** FBI **18:15** Folk **18:45** Vikinglotto **18:55** Distriktsnyheter **19:40** Lov og orden: London **20:25** Migrapolis **21:00** Kveldsnytt **21:15** På kanten av stupet **22:05** Brennpunkt

## svt1

**08.30** Gomorron Sverige **09.15** Go'kväll **10.00** Huset fullt av hundar **11.00** Miraklet i Berlin **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Grön glädje **14.30** Smartare än en femteklassare **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Krig för fred **19.30** Livräddarna **20.00** The Event **20.45** Bored to Death **21.15** Mästarnas mästare **22.15** Dox







## BESTI BITINN Í BÆNUM



*„Ég myndi segja Fiskmarkaðurinn ef mig langar í fisk. La Prima ef ég vil ítalskt og Sushi smiðjan fyrir skyndibita. Ég er ennþá að leita að þessu franska.“*

Birgir Ísleifur Gunnarsson tónlistarmaður.

# Áttu notalegan dag á golfvellinum

„Þetta var bara geggjað, algjörlega frábær völlur og aðstæðurnar allar hinar bestu,“ segir Hreimur Örn Heimisson, einn af Vinum Sjonna. Eftir annasama tvo daga gafst félögunum loks tækifæri á að slaka aðeins á. Hreimur, Benedikt Brynleifsson, Matthías Matthíasson og Pálmi Sigurhjartarson skelltu sér í golf á golfvellinum Gravenberg og áttu þar notalega stund. Gunnar Ólason forfallaðist hins vegar vegna kvefs sem hann krækti sér í og litlum sögum fer af golfhæfileikum Vignis Snæs.

Hreimur segir þetta hafa verið kærkomna hvíld en það var Matthías sem átti besta daginn, hann lék holurnar átján á 87 höggum sem þykir nokkuð gott miðað við að söngvarinn er með 16,7 í forgjöf. Hreimur hefur reyndar sínar útskýringar á góðu gengi Matthíasar en vill ekki gefa þær upp. Sjálfur er hann með tólf í forgjöf. „Það voru kannski helst sandglompurnar sem voru að þvælast eitthvað fyrir. Ég veit ekki hverjum datt í hug að setja þær þarna.“

Það eru ekki margir dagar sem gefast til að draga andann léttar og Hreimur viðurkennir að fyrstu dagarnir hafi tekið eilítið á. „Blaðamennirnir hafa ekkert verið að hlífa okkur og hika ekkert við að spyrja okkur nærgöngulla spurninga. Maður var því ansi búinn á því á líkama og sál eftir mánudaginn,“ viðurkennir Hreimur. „En við náum að losa vel um þreytuna í gufunni, hér er farið einu sinni á dag í gufu.“ Í dag verður síðan farið yfir tæknilegar útfærslur lagsins og hvernig það á að líta út í sjónvarpi.

- fgg



**GÓÐ STUND Á GOLFVELLINUM** Nokkrir af Vinum Sjonna áttu góða stund á golfvellinum Gravenberg í Düsseldorf í gær. Matthías Matthíasson reyndist hlutskarpastur og lék völlinn á 87 höggum.






## ÞORKELL HARÐARSON: BIN LADEN MYND Í DREIFINGU UM AMERÍKU

# Íslendingarnir standa við Osama-heimildarmyndina

„Við þurfum aðeins að uppfæra hana í ljósi undangenginna atburða, myndin endar þannig að fálkasmyglið er enn í gangi og bin Laden á lífi,“ segir Þorkell Harðarson, annar leikstjóri heimildarmyndarinnar Feathered Cocaine.

Feathered Cocaine vakti gríðarlega athygli á Tribeca-kvikmyndahátíðinni í New York í fyrra þegar hún var frumsýnd í lok apríl. Enda var því haldið fram, fullum fetum, að bandaríska leyniþjónustunni CIA, væri fullkunnugt um hvar Osama bin Laden væri, hann byggi í góðu yfirlæti hjá írönskum stjórnvöldum. Þorkell segir það engu breyta þótt bin Laden hafi verið drepin af bandarískum sérsveitum á „heimili“ hans í Pakistan, þau skjöl sem þeir hafi undir höndum sanni að hin týndu ár, frá 2001 til 2011, hafi hann dvalist í Íran. „Það hefur ekki farið hátt núna en jólin 2009 slapp táningsdóttir bin Ladens úr stofufangelsi í Íran og komst í sendiráð Sádi-Arabíu. Og það er almennt talið að Osama hafi ekki flutt sig yfir til Pakistans fyrr en í ágúst í fyrra, við frumsýndum okkar mynd í maí.“

Áhuginn á bin Laden hefur síst minnkað eftir að hann var drepinn, hryðjuverkaleiðtoginn virðist endalaus uppspretta samsæriskenninga og sannleikurinn virðist birtast í mörgum útgáfum þegar Bin Laden er annars vegar. Þorkell segir að þeir hafi fyrir helgi samið um stóra bíódreifingu til tíu stórra borga í Bandaríkjunum, meðal annars New York og Los Angeles og að atburðirnir á sunnudaginn séu síst til þess fallnir að draga úr áhuga á íslensku heimildarmyndinni. „Ég er alveg sannfærður um að nú eigi fólk eftir að dúkka upp og segja sannleikann um hvar hann var í öll þessi ár. Þeirra orð eiga eftir að ríma við það sem kemur fram í myndinni okkar.“

freyrgigja@frettabladid.is




NORDIC PHOTOS/GETTY



**ATHYGLISVERÐ**

Heimildarmyndin Feathered Cocaine vakti mikla athygli í fyrra á Tribeca-hátíðinni en þeir **Örn Marinó** og **Þorkell Harðarson** hafa haldið því fram að **Osama** hafi búið í góðu yfirlæti í Íran. Þeir eru enn sannfærðir um að Osama hafi verið þar „týndu árin“ tíu, frá 2001 til 2011, þegar hann var drepinn. Þeir þurfa hins vegar að uppfæra heimildarmyndina í ljósi undangenginna atburða.

NORDICPHOTOS/GETTY






# Rapparinn fær uppreisn æru

„Ég er ánægður með þetta. Lengi lifi grínið,“ segir grínistinn Steindi Jr. sem er á meðal þeirra sem tilnefndir eru til hlustendaverðlauna FM 957.

Tilnefningar til hlustendaverðlaunanna hafa verið kunngjörðar. Rapparinn Erpur Eyvindarson fær alls fimm tilnefningar og söngvarinn Friðrik Dór fylgir fast á eftir með fjórar, eins og poppkóngurinn Páll Óskar. Athygli vekur að grínistinn Steindi Jr. er tilnefndur sem flytjandi ársins, en hann hefur átt nokkur gríðarlega vinsæl lög sem hafa um leið verið grínatriði í þættinum Steindinn okkar.

„Ég er gamall tónlistarmaður. Ég var rappari í mörg ár. Svo höfum við átt mörg af vinsælustu lögum landsins síðustu tvö ár, þannig að mér finnst skrítið að ég sé ekki tilnefndur í fleiri flokkum,“ segir Steindi lauflétttur. „Ég á þetta fyllilega skilið!“ Rapparinn Steindi fær því uppreisn æru fyrir tilstilli grínistans.

En hvort langar þig meira í hlustendaverðlaun FM 957 eða Eddu?

„Í augnablikinu eru það klárlega hlustendaverðlaunin þar sem það er styttra í þau,“ segir Steindi. „Ég veit ekki hvort ég taki mikið mark á Eddunni í dag þar sem ég varð fyrir vonbrigðum með að Mér er gamanmál vann ekki í flokknum skemmtiþáttur ársins.“

Steindi hvetur að lokum fólk til að fara á netið og kjósa sig.

- afb



**KÆRKOMIN TILNEFNING** Grínistinn Steindi er í góðum hópi tónlistarmanna sem tilnefndir eru á hlustendaverðlaunum FM 957. Sjálfur er hann fyrrverandi rappari.




www.lyfja.is

LYFJA
- Lifið heil



# 30% afmælis-afsláttur af öllum ilmum

Í tilefni af 15 ára afmæli Lyfju veitum við **30% afslátt** af öllum ilmum dagana **4. til 6. maí.**

## Háralitir frá L'Oréal




**30% afmælis afsláttur**

af öllum háralitum frá L´Oréal.

*Tilboðið gildir 4.–6. maí.*

## L'Oréal krem




**30% afmælis afsláttur**

af öllum L´Oréal kremum.

*Tilboðið gildir 4.–6. maí.*

## GOSH



**30% afmælis afsláttur**

af öllum vörum frá GOSH.

*Tilboðið gildir 4.–6. maí.*

## Elizabeth Arden gjafasett

**Tilboðsverð á gjafa-pakkningu**




Green Tea gjafasett, sem inniheldur 100 ml Green Tea Scent ilminn og einn minni í töskuna, 100 ml body lotion og 100 ml sturtusápu.

Áður: ~~8.990~~ kr. **Tilboðsverð: 6.990 kr.**

*Tilboðið gildir 4.–6. maí.*

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 54798 05/11

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Europris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Hámenningarlegur þáttur

Fransk/þýska sjónvarpsstöðin Arte vinnur nú að klukkustundarlöngum þætti um leikhópinn Vesturport. Tökulið undir styrkri stjórn framleiðandans Christinu Haberlik hefur fylgt hópnum við hvert fótmál frá því að **Gísli Örn Garðarsson** og félagar fóru á kostum við verðlaunaafhendingu evrópsku leikhúsverðlaunanna í Sankti Pétursborg til frumsýningar Húsmóðurinnar í Borgarleikhúsinu. Farið hefur verið á sögulega staði í sögu hópsins og rætt við meðlimina. Þá er einnig von á stórri blaðagrein í þýskt tímarit um Vesturport sem verður byggð á sömu heimsókn.



### Líkmaður hittir forseta

Dr. Danilo Türk, forseti Slóveníu, er staddur hér í opinberri heimsókn. Meðal þess sem forsetinn hugðist taka sér fyrir hendur í gær, eftir fund með forseta Íslands, var skoðunarferð í fyrirtækið Einn grænan, sem sérhæfir sig í að breyta bensínbílum í metanbíla. Þar er aðalmaðurinn **Grétar Sigurðarson**, sem hefur ekki verið mikið í sviðsljósinu undanfarin ár. Margir muna hins vegar eftir Grétari sem einum sakborninganna í Líkfundarmálinu svokallaða frá 2004. Hann var einn þeirra sem sökktu líki Vaidasar Jucevicius í Neskaupstaðarhöfn, sat í kjölfarið af sér tveggja og hálfs árs fangelsidóm og fundar nú með forsetanum. - fgg, sh



## Mest lesið | VÍSIR

1. Fylgdust með árásinni á Bin Laden í beinni útsendingu
2. Brown varar Skota við íslenskum örlögum
3. Mikil leit að sex skátum í Arkansas
4. Vilhjálmur prins á að mæta í vinnu sína í dag
5. Liggja yfir tölvu Bin Ladens





# VORTILBOÐ

20-50% AFSLÁTTUR

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.



Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM

MINNUM Á OKKAR FRÁBÆRU FERMINGARTILBOÐ!

Veldu það besta! Kauptu íslenskt

### ROYAL OG CLASSIC

Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm

Bjóðum 6 mánaða vaxtalausa
VISA / EURO greiðsludreifingu



Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!

# VORTILBOÐ

Frí heimsending á hjónarúmum!

Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

ÞÚ GÆTIR UNNIÐ IPHONE 4



## VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM

Rúmgott er eini framleiðandi landsins í svæðaskiptum heilsudýnum

VERSLUNIN RúmGott ÍSLENSK HEILSURÚM

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is